




ÍÞRÓTTA- OG  
ÓLYMPIÚSAMBAND  
ÍSLANDS



ÁRSSKÝRSLA  
**2021**



# Sambandsaðilar ÍSÍ

## Íþróttahéruð ÍSÍ

	Héraðssambandið Hrafna-Flóki
	Héraðssamband Bolungarvíkur
	Héraðssamband Snæfellsness og Hnappadalssýslu
	Héraðssambandið Skarphéðinn
	Héraðssamband Strandamanna
	Héraðssamband Vestfirðinga
	Héraðssamband Þingeyinga
	Íþróttabandalag Akraness
	Íþróttabandalag Akureyrar
	Íþróttabandalag Hafnarfjarðar
	Íþróttabandalag Reykjanesbæjar
	Íþróttabandalag Reykjavíkur
	Íþróttabandalag Vestmannaeyja
	Íþróttabandalag Suðurnesja
	Ungmennasamband Dalamanna og Norður Breiðfirðinga
	Ungmenna- og íþróttasamband Austurlands
	Ungmenna- og íþróttasamband Fjallabyggðar
	Ungmennasamband Borgarfjarðar
	Ungmennasamband Eyjafjarðar
	Ungmennasamband Kjalarnessþings
	Ungmennasamband Skagafjarðar
	Ungmennasamband Austur-Húnavetninga
	Ungmennasambandið Úlfjótur
	Ungmennasamband Vestur-Húnavetninga
	Ungmennasamband V-Skaftafellssýslu

## Sér sambönd ÍSÍ

	Akstursíþróttasamband Ísland
	Badmintonsamband Ísland
	Blaksamband Íslands
	Bogfimisamband Íslands
	Borðtennissamband Íslands
	Dansíþróttasamband Íslands
	Fimleikasamband Íslands
	Frjálsíþróttasamband Íslands
	Gímusamband Íslands
	Golfsamband Íslands
	Handknattleikssamband Íslands
	Hjólreiðasamband Íslands
	Hnefaleikasamband Íslands
	Íshökkísamband Íslands
	Íþróttasamband fatlaðra
	Júdósamband Íslands
	Karatesamband Íslands
	Keilusamband Íslands
	Knattspyrnusamband Íslands
	Kraftlyftingasamband Íslands
	Körfuknattleikssamband Íslands
	Landsamband hestamannafélaga
	Lyftingasamband Íslands
	Mótorhjóra- og snjósléðaiþróttasamband Íslands
	Siglingasamband Íslands
	Skautasamband Íslands
	Skíðasamband Íslands
	Skotíþróttasamband Íslands
	Skyldingasamband Íslands
	Sundsamband Íslands
	Taekwondosamband Íslands
	Tennissamband Íslands
	Þríþrautarsamband Íslands



# Efnisyfirlit

Ávarp forseta .....	2	Hádegisfundir .....	32
Framkvæmdastjórn ÍSÍ .....	4	Forvarnardagurinn .....	32
Skrifstofa ÍSÍ .....	8	Ólympíuhlaup ÍSÍ .....	33
74. Íþróttáþing ÍSÍ 2019 .....	9	Norræn nefnd um þjálfaramenntun .....	33
Nefndir ÍSÍ .....	10	Útgáfa .....	33
Listi yfir viðurkenndar íþróttgreinar innan vébanda ÍSÍ ...	10	Námskeið í Ólympíu .....	34
Íþróttanefndir ÍSÍ .....	10	Ólympíudagurinn .....	35
Formannafundir ÍSÍ .....	11	Stjórnendanám .....	35
Dómsmál .....	11	Erasmus + .....	36
Heiðranir .....	12	Ánægjuvogin .....	36
Verkefni á samfélagsmiðlum .....	13	Samskiptaráðgjafi .....	37
COVID-19 fjárstuðningur stjórnvalda .....	14	Vitundarvakning .....	37
Samningar um fjárframlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til ÍSÍ .....	14	Endurskoðun á þjálfaramenntun .....	38
Árþing Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC) .....	15	Íðorðasafn í íþróttum .....	38
Árþing ANOC .....	15	Lífshlaupið .....	39
Stofnun Bogfimisambands Íslands .....	16	Sjónvá Kvannahlaup ÍSÍ .....	40
Íþróttamannanefnd ÍSÍ .....	16	Nefnd um íþróttir 60+ .....	41
Samtök íslenskra Ólympíufara – SÍÓ .....	17	Hjólað í vinnuna .....	42
Góðir félagar kvaddir .....	18	Göngum í skólann .....	43
Heiðurshöll ÍSÍ .....	19	Ísland á iði .....	43
Samningur við Air Iceland Connect .....	20	Hjólum í skólann .....	44
Íþróttamiðstöðin í Laugardal .....	20	Íþróttavika Evrópu .....	44
Starfsskýrslur .....	20	Íþróttahreyfingin og COVID-19 .....	45
Nýtt starfsskýrslukerfi .....	21	Evrópuleikar 2019 .....	46
Fjarfundir forseta IOC .....	21	Vetrarólympíuleikar ungmenna í Lausanne 2020 .....	47
Íslenskt afreksíþróttafólk á vefsíðu ÍSÍ .....	21	Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú 2019 .....	48
Lyfjaeftirlit Íslands .....	22	Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi 2019 .....	49
Nýr alþjóðastaðall um fræðslu í lyfjamálum .....	22	Afreksbúðir ÍSÍ .....	50
Fjöldi lyfjaprófa árin 2019 og 2020 .....	22	Afreksstyrkir Ólympíusamhjalparinnar .....	50
Hreinn árangur .....	23	Samstarf við sérsambönd ÍSÍ vegna afreksmála .....	51
Heimsráðstefna WADA .....	23	Afreksstefna ÍSÍ .....	52
Íþróttamaður ársins .....	24	Ólympískir viðburðir verða fyrir áhrifum heimsfaraldurs... ..	53
Ólympíufjölskylda ÍSÍ .....	25	Ólympíuleikar – Tókýó 2020 .....	53
Rekstur sem skiptir máli .....	25	Heiðursforseti ÍSÍ á smáþjóðaleikum .....	54
Ferðasjóður íþróttafélaga .....	26	Fulltrúar ÍSÍ í nefndum Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC) .....	54
Afrekssjóður ÍSÍ .....	26	Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ .....	54
Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ .....	27	Aðalfundur Smáþjóðaleika 2019 og 2020 .....	55
Verkefnasjóður ÍSÍ .....	27	Norrænn fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda .....	55
ÍSÍ á samfélagsmiðlum .....	28	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2019 .....	56
Þjálfaramenntun ÍSÍ .....	28	Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2020 .....	58
Fyrirmyndarhérað ÍSÍ .....	29		
Fyrirmyndarfélag ÍSÍ .....	29	Ársreikningur ársins 2019 .....	61
Ráðstefnur og málþing .....	30	Ársreikningur ársins 2020 .....	88
Vinnustofur .....	31		



Lárus L. Blöndal, forseti ÍSÍ.

## Ávarp forseta

Það er sérstakt að skrifa ávarp um síðastliðið starfstímabil á milli Íþróttapinga, í ljósi alls þess sem dunið hefur yfir heimsbyggðina með lífsógnandi kórónuveirufaraldri. Enginn og ekkert hefði getað undirbúið okkur fyrir það sem við höfum upplifað síðasta árið.

Árið 2020 mun aldrei gleymast. Það var erfitt, krefjandi og flókið en einnig gefandi og lærdómsríkt. Öll höfum við lært eitthvað af þessum tíma, um okkur sjálf, okkar umhverfi og aðra. Við höfum öðlast meiri tæknifærni og lært að hugsa í lausnum. Fjarlægðir á milli okkar hafa aukist vegna nauðsynlegra sóttvarna en tæknin hefur fært okkur nær hvert öðru og stytt fjarlægðirnar á mótí. Allt er breytt og enginn þorir að spá um hvaða heildarafleiðingar verða af faraldrinum í heiminum.

Landsmenn urðu skyndilega afar meðvitaðir um eigin heilsu. Veiran ógnar helst þeim sem lifa við skerta heilsu og mikilvægi góðs heilsufars og hollra lífshátta kom berlega í ljós þegar þekking á vágestinum jókst. Til allrar hamingju, þökk sé okkar framúrskarandi framlínu í

heilbrigðismálum og almannavörnum, þá höfum við ekki þurft að upplifa útgöngubann hér á landi og gátum því farið út í ferska loftið og hreyft okkur að vild, eitt og eitt eða í smærri hópum.

Íþróttahreyfingin í landinu fór ekki varhluta af afleiðingum faraldursins. Lokað var á starfsemi íþróttafélaga í landinu þegar verst lét og hvorki var hægt að æfa né keppa um lengri og skemmri tíma. Mikið álag hefur verið á íþróttahreyfingunni síðasta árið og mikið mætt á öllum einingum hennar. Íþróttafélögin sýndu fádæma seiglu, sveigjanleika, bjartsýni, jákvæðni og hugkvæmni á tímabilinu, voru í stöðugu sambandi við iðkendur sína, færðu íþróttæfingarnar inn í stofu hjá þeim í gegnum fjarbúnað og samfélagsmiðla og keyrðu starfið áfram á lausnamiðaðan hátt. Íþróttahreyfingin varð fyrir miklum fjárhagslegum skakkaföllum vegna faraldursins en stjórnvöld sýndu mikla framsýni og skilning á stöðunni og veittu hreyfingunni stuðning með ýmsum úrræðum sem voru afar vel þegin á erfiðum tímum. Bæði hefur komið til beinn

fjárstuðningur við hreyfinguna, með almennum og sértækum aðgerðum, til að koma til móts við það tap og tekjufall sem hreyfingin hefur orðið fyrir. Mikilvægast er þó úrræðið fyrir íþróttafélög um endurgreiðslu á launakostnaði og verktakagreiðslum fyrir þau tímabil í vetur sem starfsemi íþróttahéfur fallið niður vegna sóttvarnaaðgerða. Það verkefni er unnið í frábæru samstarfi við félagsmálaráðuneytið og Vinnumálastofnun og hefur reynst íþróttahreyfingunni gríðarlega vel. Þess má einnig geta að ÍSÍ úthlutaði auka arðgreiðslu frá Íslenskri getspá óskertri til íþróttahreyfingarinnar til að koma til móts við erfiða fjárhagsstöðu á tímum kórónuveirufaraldursins. Mótahald, bæði alþjóðlegt og hér heima, hefur verið glöppótt og má segja að nánast allt alþjóðlegt íþróttastarf hafi legið niðri frá því í mars 2020. Tækifæri fyrir íslenskt afreksíþróttafólk til að spreyta sig hafa verið afar fá enda varla hægt að komast til og frá landinu þar sem flugsamgöngur hafa verið strjálar. Það þarf mikið til að þoka til heilum Ólympíuleikum en í ljósi stöðunnar á

faraldrinum þá var leikunum frestað um eitt ár. Þeir eru á dagskrá í lok júlí í ár en með miklum takmörkunum og enn er mikil óvissa um marga þætti varðandi framkvæmd þeirra. Það er mikil áskorun fyrir íþróttafólk að ná að halda uppi fullri einbeitingu og finna hjá sér hvata til bætinga í ástandi sem þessu og ekki annað hægt en að dást að áhuga, úrræðasemi og þrautseigju þess.

Það hefur verið mikið álag á forystu ÍSÍ sem og skrifstofu sambandsins á tímum kórónuveirufaraldursins. ÍSÍ hefur verið millistykkið á milli stjórnvalda og íþróttahreyfingarinnar og sinnt stóru hlutverki í mörgum málaflökkum er tengjast faraldrinum. ÍSÍ hefur annast skiptingu og dreifingu allra fjárframlaga frá ríkinu, verið milliliður um undanþágur, annast upplýsingaflæði þegar nýjar reglur taka gildi um sóttvarnaaðgerðir, verið milliliður um reglur allra sérsambanda ÍSÍ, svo eitthvað sé nefnt. Forystufólk ÍSÍ og lykilstarfsmenn hafa setið ótal fundi um allt er varðar málefni kórónuveirufaraldursins og íþróttahreyfinguna, komið að samningu frumvarpa og barist fyrir hagsmunum hreyfingarinnar á öllum þeim vígstöðvum sem þurft hefur. Samstarfið á milli stjórnvalda og ÍSÍ hefur gengið afar vel og á milli aðila ríkir traust. Það er ekki alltaf auðvelt að fara bil beggja þegar hagsmunir eru miklir og mikið í húfi en ÍSÍ hefur

lagt á það áherslu að koma öllum athugasemdum frá hreyfingunni á framfæri við stjórnvöld og auka með því skilning þeirra á starfsemi hreyfingarinnar.

Íþróttahreyfingin tók snemma þá stefnu að vinna með stjórnvöldum en ekki á móti og hlýða þeim fyrirmælum sem fyrir voru sett. Það hefur reynst farsælt og skilað góðum árangri í baráttunni gegn veirunni þó að það hafi ekki verið sársaukalaust fyrir hreyfinguna.

ÍSÍ hefur fundað oft með sambandsaðilum sínum á þessu tímabili og ljóst er að tæknin mun gefa okkur fleiri tækifæri til að funda um mikilvæg málefni í framtíðinni, jafnvel með skömmum fyrirvara. Fjarfundir og fjarþing hafa gengið fádæma vel og ýmsar tæknilausnir eru komnar til að vera í okkar starfi. Við söknum þess eflaust öll að geta ekki verið meira í persónulegum samskiptum, hist og haft gaman og upplifað nándina sem vinátta okkar í milli gefur í daglegu amstri. Vonandi getum við strax í haust gert okkur glaðan dag saman, eins og áður.

ÍSÍ hefur þurft að velta við mörgum steinum frá síðasta Íþróttþingi. Mikill tími hefur farið í að þarfagreina og finna lausnir á stafrænum skráningum iðkenda og félagsmanna og vonandi sér nú fyrir endann á því máli með nýju skilakerfi. Ekki síður hefur verið krefjandi að greina

fjármál hreyfingarinnar í aðdraganda útdeilingar fjármagns ríkisins vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Í þeirri vinnu kom berlega í ljós hversu mikilvægt það er að safna saman upplýsingum um rekstur hreyfingarinnar. Sú vinna sýndi glögglega að þörf er á nokkrum úrbótum og samræmingu í gerð og framsetningu ársreikninga. Síðustu ár hafa fært okkur ýmis flókin verkefni til úrlausnar og við höfum þurft að standa vörð um okkar góða orðspor og starf. Miklar kröfur eru gerðar til okkar um faglegt starf og við sjálf setjum okkur há viðmið til að starfa eftir. Það vill stundum gleymast að hreyfingin er borin uppi af sjálfböðaliðum sem gera sitt allra besta, launalaust, á hverjum degi til að frjálst íþróttastarf blómstri í landinu og börn, ungmenni og fullorðnir geti tekið þátt í íþróttum allt árið um kring. Það er okkar gæfa að til þessa dags og vonandi um alla framtíð er fólk tilbúið að hlúa að íþróttastarfinu, bera það uppi og leggja ómælda vinnu í það á öllum sviðum. Það er ekki sjálfgefið og er svo sannarlega þakkarvert. Síðustu tvö ár hafa verið fordæmalaus á alla vegu en bjartsýni og æðruleysi eru okkar helsta vopn. Við Íslendingar erum þekktir fyrir að standa vel saman þegar á bjátar og ég hef fulla trú á að við stígum sterk út úr þessum erfiðleikum.





Lárus L. Blöndal



Sigríður Jónsdóttir



Hafsteinn Pálsson



Gunnar Bragason

## Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Á 74. Íþróttapingi ÍSÍ, sem haldið var í Gullhömrum í Grafarholti dagana 3.-4. maí 2019, var kosið í framkvæmdastjórn ÍSÍ. Framkvæmdastjórn ÍSÍ er þannig skipuð:

### Forseti ÍSÍ

**Lárus L. Blöndal** er fæddur 1961. Lárus er hæstaréttarlögmaður og er einn af eigendum lögræðistofunnar Juris. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002, skipaður ritari framkvæmdastjórnar ÍSÍ árið 2004 og varaforseti ÍSÍ árið 2006. Hann tók við embætti forseta ÍSÍ í júní 2013. Lárus var um árabíl formaður Laganefndar ÍSÍ. Hann hefur verið formaður Afrekssjóðs ÍSÍ og setið í Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ. Lárus leiddi undirbúningsvinnu að sameiningu Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndar Íslands í Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands. Lárus er fyrrverandi formaður Umf. Stjórnunnar í Garðabæ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og badminton.

### 1. varaforseti ÍSÍ

**Sigríður Jónsdóttir** er fædd 1954. Sigríður er efnafræðingur með doktorspróf frá Háskólanum í Hamborg í Þýskalandi og starfar á Raunvísindastofnun Háskólans. Sigríður var fyrst kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1996 og var varaforseti ÍSÍ frá 1997-2006. Hún sat í stjórn Badminton sambands Íslands frá 1988 og var formaður sambandsins frá 1990-1996. Sigríður hefur verið varaforseti ÍSÍ frá árinu 2017. Hún situr í Íþróttanefnd ríkisins fyrir hönd ÍSÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Badminton.

### Gjaldkeri ÍSÍ

**Gunnar Bragason** er fæddur 1961. Gunnar er viðskiptafræðingur að mennt. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2002 og skipaður af framkvæmdastjórn sem gjaldkeri ÍSÍ árið 2004. Hann er einnig formaður Fjármálaráðs ÍSÍ. Gunnar var forseti Golfsambands Íslands frá 1999-2001. Íþróttalegur bakgrunnur: Golf.

### 2. varaforseti ÍSÍ

**Hafsteinn Pálsson** er fæddur 1952. Hafsteinn er menntaður byggingarverkfræðingur og starfar sem slíkur hjá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Hann var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 1992 og hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum hjá sambandinu sem formaður Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ, formaður Taekwondonefndar ÍSÍ og formaður fagráðs Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Hann er 2. varaforseti framkvæmdastjórnar ÍSÍ og formaður Heiðursráðs ÍSÍ. Hafsteinn er fyrrverandi formaður Ungmennasambands Kjalarnessþings og knattspyrnudeildar Umf. Aftureldingar, fyrrverandi varaformaður aðalstjórnar Umf. Aftureldingar og átti einnig sæti í stjórn sunddeildar Umf. Aftureldingar og í stjórn UMFÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.



Ása Ólafsdóttir



Dominiqua Alma Belányi



Garðar Svansson



Ingi Þór Ágústsson

**Ása Ólafsdóttir** er fædd 1970. Ása er dómari við Hæstarétt Íslands. Hún var kjörin í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2017. Hún sat í stjórn Kraftlyftingasambands Íslands 2014-2017. Ása er varaformaður Afrekssjóðs ÍSÍ og situr í fagráði Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Hún hefur tekið þátt í starfi fyrir hönd ÍSÍ, svo sem í viðbragðshópi vegna #metoo og í ráðgefandi nefnd forsætisráðuneytis um mótun stefnu í forvörnum og fræðslu með það að markmiði að útrýma ofbeldi. Íþróttalegur bakgrunnur: Karate og kraftlyftingar.

**Dominiqua Alma Belányi** er fædd 1992. Dominiqua Alma er mannauðsstjóri að mennt en starfar í dag sem kennari og fimleikabjálfi. Dominiqua á tuttugu ára fimleikaferil að baki, þar af 11 ár í landsliði. Dominiqua Alma var kosin fyrsti formaður Íþróttamannanefndar ÍSÍ árið 2019 og hefur átt sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ frá 74. Íþróttþingi ÍSÍ 2019 sem fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ. Íþróttalegur bakgrunnur: Áhaldafimleikar.

**Garðar Svansson** er fæddur 1968. Garðar var kosinn í varastjórn ÍSÍ árið 2011 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2013. Garðar situr í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og situr í Fjármálaráði ÍSÍ. Garðar sat í stjórn UMFÍ 2009 til 2011. Hann hefur átt sæti í stjórn Héraðssambands Snæfellsness og Hnappadalssýslu síðan 1995, fyrrverandi formaður og er núverandi gjaldkeri sambandsins. Hann var formaður Umf. Grundarfjarðar 1997–2001. Hann hefur verið í stjórn Golfklúbbsins Vestarr síðan 2009. Hann situr í bæjarstjórn Grundarfjarðarbæjar. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, frjálsíþróttir, blak og golf.

**Ingi Þór Ágústsson** er fæddur 1972. Ingi Þór var kosinn í varastjórn ÍSÍ árið 2013 en tók sæti í framkvæmdastjórn sama ár. Hann situr í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, er formaður Heilbrigðisráðs ÍSÍ og formaður vinnuhóps ÍSÍ um Ferðasjóð Íþróttafélaga. Ingi Þór var kosinn í varastjórn Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) við stofnun þess árið 2000 en tók síðar sæti í aðalstjórn og var formaður HSV árin 2004–2006. Hann var bæjarfulltrúi í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar árin 2002–2008 og formaður Íþróttanefndar Ísafjarðar á þeim tíma. Hann var formaður undirbúningsnefndar fyrir Unglingalandsmót UMFÍ á Ísafirði árið 2003. Ingi Þór var einnig framkvæmdastjóri HSV um skamma hríð sem og framkvæmdastjóri UMSB 2008-2009. Hann sat í stjórn UMFÍ árin 2004-2006 og í stjórn SSÍ 2011–2015 þar sem hann var einnig nefndarmaður í landsliðsnefnd. Íþróttalegur bakgrunnur: Sund.



Knútur G. Hauksson



Kolbrún H. Sigurgeirsdóttir



Lilja Sigurðardóttir



Olga Bjarnadóttir

**Knútur G. Hauksson** er fæddur 1957. Knútur er með B.S. og M.Sc. gráðu í verkfræði. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2019. Knútur situr í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Knútur hefur sinnt ýmsum störfum innan íþróttahreyfingarinnar og hefur meðal annars setið í stjórn handknattleiksdeildar Fram og þar af sem formaður í fjögur ár. Einnig hefur hann setið í stjórn Handknattleikssambands Íslands í all nokkur ár og þar af sem formaður í 4 ár og nú situr hann í stjórn Golfklúbbs Öndverðariness og hefur verið formaður síðustu þrjú árin. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, handknattleikur og golf.

**Kolbrún H. Sigurgeirsdóttir** er fædd 1978. Kolbrún er kynjafræðingur og kennari auk þess sem hún hefur gráðu í kynfræði, hún starfar sem verkefnastýra Jafnréttisskóla Reykjavíkur. Kolbrún hefur verið jafnréttisfulltrúi Íþróttafélagsins Fylkis síðan 2015 auk þess að sitja í stjórn knattspyrnudeildar félagsins á árunum 2016-2019 þar sem hún gegndi starfi ritara og síðar formanns knattspyrnudeildar. Kolbrún hefur

starfað með KSÍ m.a. í útbreiðslunefnd og við gerð jafnréttisstefnu og jafnréttisáætlunar sambandsins. Kolbrún var kosin í framkvæmdastjórn ÍSÍ 2019 og á sæti í fagráði Þróunar- og fræðsluviðs. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna og handknattleikur.

**Lilja Sigurðardóttir** er fædd 1965. Lilja er viðskiptafræðingur að mennt. Hún var kosin í varastjórn ÍSÍ árið 2015 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2017 og hefur sinnt ýmsum ábyrgðarstörfum hjá sambandinu. Hún var varaformaður stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ 2015-2017 og formaður stjórnar Afrekssjóðs ÍSÍ 2017-2021. Lilja er áheyrnarfulltrúi í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, situr í Fjármálaráði ÍSÍ og í fagráði Almenningsíþróttasviðs. Lilja hefur verið í stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur frá árinu 2002 og hefur gegnt þar ýmsum ábyrgðarstörfum m.a. sem gjaldkeri og er núverandi varaformaður ÍBR. Íþróttalegur bakgrunnur: Handknattleikur og badminton.

**Olga Bjarnadóttir** er fædd 1975. Olga er íþróttakennari og viðskiptafræðingur að mennt og að auki með master í stjórnun. Hún býr á Selfossi en starfar sem framkvæmdastjóri Íþróttafélagsins Gerplu í Kópavogi. Hún var kosin í framkvæmdastjórn ÍSÍ árið 2019. Olga hefur setið í varastjórn HSK frá árinu 2016 og var formaður afmælisnefndar HSK á 100 ára afmælinu. Hún var meðlimur tækninefndar í hópfirmleikum hjá Fimleikasambandi Íslands og síðar formaður í sömu nefnd til nokkurra ára en hún situr núna í Norrænni tækninefnd í hópfirmleikum. Hún var landsliðsþjálfari í hópfirmleikum og er alþjóðlegur dómari í hópfirmleikum frá árinu 2012 og dæmir fyrir Íslands hönd. Hún situr í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs. Íþróttalegur bakgrunnur: Fimleikar, frjálisíþróttir og handknattleikur.





Úlfur Helgi Hróbjartsson



Viðar Garðarsson



Þórey Edda Elísdóttir



Þráinn Hafsteinsson

**Úlfur Helgi Hróbjartsson** er fæddur 1965.

Úlfur er kvikmyndagerðarmaður að mennt auk MBA gráðu frá Háskóla Íslands. Hann var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSí árið 2016 og á sæti í fagráði þróunar- og fræðslusviðs ÍSí. Úlfur var formaður Siglingasambands Íslands frá 2006 til 2016. Hann á sæti í framkvæmdastjórn Alþjóða Siglingasambandsins sem fulltrúi Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna auk þess að sitja í þróunarnefnd og í siðanefnd sambandsins.

Íþróttalegur bakgrunnur: Siglingar.

**Viðar Garðarsson** er fæddur 1962.

Viðar er viðskiptafræðingur MBA frá Háskóla Íslands. Hann hefur lengst starfað á eigin vegum sem kvikmyndaframleiðandi og markaðsráðgjafi en starfar í dag sem markaðsstjóri sprotafyrirtækisins Tamarar ehf. Viðar var kjörinn í framkvæmdastjórn ÍSí árið 2017 og gegnir formennsku í fagráði þróunar- og fræðslusviðs ÍSí. Viðar var formaður Skautasambands Íslands 1999 til 2002 og formaður íshokkídeildar Skautasambandsins frá 2003 til 2004. Hann er fyrsti formaður Íshokkísambands Íslands

við stofnun þess árið 2004 og sat í því embætti fram að Íþróttapingi ÍSí 2017 eða í 14 ár. Viðar var samfleytt í stjórnarstörfum fyrir íshokkíhreyfinguna í 25 ár. Íþróttalegur bakgrunnur: Knattspyrna, körfuknattleikur og íshokki.

**Þórey Edda Elísdóttir** er fædd 1977.

Þórey Edda er verkfræðingur að mennt og starfar við verkfræðiráðgjöf á Hvammstanga. Þórey Edda sat í íþróttamannanefnd Evrópska frjálsíþróttasambandsins 2002-2006, sat í stjórn Samtaka íslenskra Ólympíufara 2009-2015 og í stjórn USVH 2015-2020. Hún hefur setið í framkvæmdastjórn ÍSí frá árinu 2015, fyrst í varastjórn í tvö ár en síðar sem aðalmaður. Þann tíma hefur hún setið í fagráði Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og gegnt þar stöðu formanns frá árinu 2019.

Íþróttalegur bakgrunnur: Fimleikar og frjálsíþróttir.

**Þráinn Hafsteinsson** er fæddur 1957.

Þráinn er íþrotta- og heilsufræðingur með M.Sc. gráðu frá Háskóla Íslands og starfar hjá Reykjavíkurborg. Þráinn var kosinn í framkvæmdastjórn ÍSí árið 2017 og er formaður fagræðs Almenningsíþróttasviðs ÍSí. Hann er

fyrirverandi Íslandsmethafi í tugbraut, var þjálfari frjálsíþróttaliðs Alabama háskóla í Bandaríkjunum 1984-1986, yfirþjálfari í frjálsíþróttum hjá HSK á árunum 1986-1994 og hjá ÍR frá 1994-2016. Landsliðsþjálfari í frjálsíþróttum frá 1993-1995 og íþróttastjóri ÍR frá 2014-2018. Hann starfaði við Íþróttakennaraskóla Íslands og Íþróttufræðisvið Háskólans í Reykjavík um árabíl og er nú stundakennari við námsbraut í íþrotta- og heilsufræði við Háskóla Íslands.

Íþróttalegur bakgrunnur: Frjálsíþróttir, knattspyrna og handknattleikur.

Framkvæmdastjórn ÍSí hefur haldið 30 fundi frá síðasta Íþróttapingi ÍSí.

Þá hefur framkvæmdaráð ÍSí, sem í sitja forseti, 1. varaforseti, 2. varaforseti og gjaldkeri haldið 33 fundi. Fundi framkvæmdaráðs hafa einnig setið, eftir atvikum, formenn fagræða, formaður Afrekssjóðs ÍSí, framkvæmdastjóri, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí og skrifstofustjóri.

Auk ofangreindra funda hafa verið haldnir fjöldi óformlegra funda.



Andri Stefánsson



Birkir Smári  
Guðmundsson



Brynja Guðjónsdóttir



Elías Atlason



Halla Kjartansdóttir



Hrönn Guðmundsdóttir



Kristín Ásbjarnardóttir



Kristín Birna Ólafsdóttir



Linda Laufdal



Líney Rut Halldórsdóttir



Ragna Ingólfssdóttir



Ragnhildur Skúladóttir



Steinunn A. Í. Tómasdóttir



Viðar Sigurjónsson



Þórarinn Alvar Þórarinnsson

## Skrifstofa ÍSÍ

Á skrifstofu ÍSÍ í Reykjavík starfa 15 starfsmenn og á Akureyri er einn starfsmaður í fullu starfi. Grunnstarfsemi skrifstofunnar skiptist í þrjú fagsvið; Afreks- og Ólympíusvið, Þróunar- og fræðsluvið og Almenningsíþróttasvið. Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði ÍSÍ frá síðasta Íþróttapingi ÍSÍ. Örvar Ólafsson, verkefnastjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ lét af störfum á tímabilinu og er honum óskað velfarnaðar á nýjum vettvangi í mennta- og menningarmálaráðuneytinu.

Birkir Smári Guðmundsson lögfræðingur var ráðinn í hlutastarf til að aðstoða við lagalegar úrlausnir á skrifstofu ÍSÍ. Kristín Birna Ólafsdóttir kom aftur til starfa á Almenningsíþróttasviði, eftir barnseignarfrí. Linda Laufdal, sem leysti Kristínu Birnu af, sneri þá aftur í starf sitt sem móttökuritari. Krístrún Eyjólfssdóttir leysti af í móttöku ÍSÍ á meðan framangreindar tímabundnu tilfærslur á starfsfólki stóðu yfir og kann ÍSÍ henni bestu þakkir fyrir góð störf.



Örvar Ólafsson

## 74. Íþróttaping ÍSÍ 2019



Forseti ÍSÍ með nýkjörnum nýliðum í framkvæmdastjórn ÍSÍ að loknu þingi.

Íþróttaping ÍSÍ er æðsti vettvangur íslenskrar íþróttahreyfingar og þar koma saman fulltrúar sambandsaðila ÍSÍ af öllu landinu til að móta stefnur og strauma í íþróttahreyfingunni til næstu tveggja ára.

74. Íþróttaping ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Reykjavík 3. og 4. maí 2019. Alls áttu 108 fulltrúar sérsambanda og 108 fulltrúar íþróttahéraða seturétt á þinginu og auk þess áttu 18 íþróttahéruð rétt á einum áheyrnarfulltrúa til viðbótar, í takt við breytingu sem samþykkt var á 73. Íþróttapingi ÍSÍ árið 2017.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ setti þingið og ávarpaði þingfulltrúa og gesti þingsins en að auki fluttu Lilja D. Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra og Haukur Valtýsson formaður UMFÍ ávörp við þingsetninguna.

Guðrún Inga Sívertsen var kjörin 1. þingforseti og Viðar Helgason 2. þingforseti. Viðar Sigurjónsson var kjörinn 1. þingritari og Brynja Guðjónsdóttir 2. þingritari.

Við upphaf þings fór fram kjör Heiðursfélaga ÍSÍ og voru þau Ari Bergmann Einarsson, Guðmundur Kr. Jónsson, Hrafnhildur Guðmundsdóttir og Kolbeinn Pálsson einróma kjörin og hyllt með lófaklappi. Einnig voru fjórir einstaklingar sæmdir Heiðurskrossi ÍSÍ við þingsetninguna, þau Anna R. Möller, Jón M. Ívarsson, Stefán Snær Konráðsson og Svanfríður Guðjónsdóttir.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri flutti skýrslu stjórnar og Gunnar Bragason gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSÍ kynnti endurskoðaða reikninga ÍSÍ. Reikningar sambandsins voru samþykktir án umræðu. Sambandið var rekið með hagnaði síðustu tvö árin og reksturinn í góðu jafnvægi.

Þingnefndir störfuðu í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal að kvöldi fyrri þingdags og var að venju frábært starf unnið í nefndunum. Öllum þingfulltrúum var heimilt að starfa með kjörnum þingnefndum og voru umræður líflegar og gagnlegar.

Samþykkt var að ÍSÍ ynni að stofnun tveggja sérsambanda á milli þinga, þ.e. um bogfimi og klifur. Meðal annarra samþykkt þingsins má nefna stefnu ÍSÍ um þjálfamenntun, áskorun um jafnréttismál, áskorun um baráttu gegn öllu ofbeldi í íþróttahreyfingunni sem og samfélaginu öllu, áskorun gegn rafretum, áskorun gegn hagræðingu úrslita og lyfjamisnotkun í íþróttum, tillögur um stofnun vinnuhópa um ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar, tillögu um skiptingu á aukaframlagi frá Íslenskri getsþá, tillögu um breytingar á skiptingu tekna frá Íslenskri getsþá, fjárhagsáætlun, Afreksstefnu ÍSÍ, tillögu um skipulega uppbyggingu íþróttamannvirkja á Íslandi, tillögu um þjóðarleikvanga og aðstöðu fyrir landsliðsfolk Íslands og fleira.

Síðari þingdaginn kynntu þingnefndir tillögur úr nefndum og voru þær teknar til afgreiðslu. Þá var einnig kosið um sjö meðstjórnendur í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu fjögurra ára. Eftirtaldir voru kjörnir, í stafrófsröð:





Kolbeinn Pálsson, Ari Bergmann Einarsson, Guðmundur Kr. Jónsson og Hrafnhildur Guðmundsdóttir voru einróma kjörin Heiðursfélagar ÍSÍ.



Stefán Snær Konráðsson, Svanfríður Guðjónsdóttir, Jón M. Ívarsson og Anna R. Möller voru sæmd Heiðurskrossi ÍSÍ fyrir frábær störf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Ása Ólafsdóttir, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Ingi Þór Ágústsson, Knútur G. Hauksson, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir og Olga Bjarnadóttir.

Dominiqua Alma Belányi var einnig staðfest sem fulltrúi Íþróttamannanefndar í framkvæmdastjórn ÍSÍ til næstu tveggja ára.

Forseti ÍSÍ, Lárus L. Blöndal, var kjörinn til fjögurra ára á Íþróttapeningi 2017 og átti því tvö ár eftir af kjörtímabilinu. Á sama þingi voru sjö meðstjórnendur kjörnir til fjögurra ára, þau;

Garðar Svansson, Lilja Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey, Edda Elísdóttir og Þráinn Hafsteinsson.

Úr stjórninni gengu Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Jón Finnbogason og Örn Andrússon og var þeim þakkað sérstaklega fyrir góð störf í framkvæmdastjórn ÍSÍ.

## Nefndir ÍSÍ

Mikið starf er unnið í nefndum og hópum á vegum ÍSÍ á milli Íþróttapinga ÍSÍ.

Fastanefndir ÍSÍ eru Afrekssjóður, Alþjóðanefnd, Fjármálaráð, Heiðursráð, Heilbrigðisráð, Íþróttamannanefnd, Laganefnd og Upplýsinga- og fjölmiðlanefnd. Að auki eru starfandi á milli þinga ýmsir vinnuhópar og millipinganefndir um sérstök málefni eða verkefni.

## Íþróttanefndir ÍSÍ

Íþróttanefndir ÍSÍ eru nú fjórar talsins; Bandýnefnd, Klifurnefnd, Krullunefnd og Skvassnefnd. Bogfimisamband Íslands var stofnað 1. desember 2019. Nefndirnar starfa undir lögum ÍSÍ og markmið þeirra er að vinna að eflingu viðkomandi íþróttagreinar þar til hún uppfyllir lögbundnar kröfur til stofnunar sérsambands.

## Listi yfir viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ

Viðurkenndar íþróttagreinar innan vébanda ÍSÍ eru sem stendur 53 talsins.

Aikido	Fimleikar	Hestaíþróttir	Keila	Ólympískir	Svifflug
Akstursíþróttir	Fisflug	Hjólábretti	Klifur	hnefaleikar	Taekwondo
Amerískur fánafótbolti	Frisbííþróttir sem falla undir	Hjólaskautaat (Roller Derby)	Knattspyrna	Rathlaup	Tennis
Badminton	World Flying Disc Federation (WFDF)	Hjólreiðaíþróttir	Kraftlyftingar	Rugby 7 og 15	Vélhjólaíþróttir
Bandý	Frjálisíþróttir	Íshokki	Krulla	Siglingar	Wushu (5 greinar)
Blak	Glíma	Íþróttir fatlaðra	Körfuknattleikur	Skíðaíþróttir	Þríþraut
Bogfimi	Golf	Jiu Jitsu (ekki Brazilian Jiu Jitsu)	Listskautar	Skotíþróttir	
Borðtennis	Hafnabolti	Júdó	Mjúkbolti	Skvass	
Dansíþróttir	Handknattleikur	Karate	Ólympískar lyftingar	Skyldingar	
Fallhlífastökk				Snjósleðaíþróttir	
				Sund	

# Formannafundir ÍSí



Frá Formannafundi ÍSí árið 2019.

Formannafundur ÍSí er samkvæmt lögum ÍSí ráðgefandi samkoma þar sem framkvæmdastjórn ÍSí upplýsir formenn og framkvæmdastjóra sambandsaðila ÍSí um starfsemi sambandsins á milli Íþróttapinga. Formannafundur ÍSí er haldinn í nóvember ár hvert og er alltaf vel sóttur af sambandsaðilum ÍSí.

Formannafundur ÍSí árið 2019 var haldinn í Laugardalshöll og hann sóttu ríflega 70 manns. Forseti ÍSí ræddi ýmsar áskoranir í starfsumhverfi Íþróttahreyfingarinnar í ávarpi sínu, svo sem styrkjaumhverfi og markaðsstarf, brottfall, þjóðarleikvanga, #églíka málefni, Íþróttalög, lottóskiptingu og framtíðarskipulag

Íþróttahreyfingarinnar. Þrjú mál voru sérstaklega til kynningar á fundinum. Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknnum og greiningu hélt erindi um íslenska módelið og Íþróttir, Elías Atlason verkefnastjóri kynnti tölfræðiupplýsingar úr starfsskýrslum ÍSí og nýja framsetningu á tölfræði Íþróttahreyfingarinnar á vefsíðu ÍSí og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí fór yfir stöðuna á verkefnum vinnuhópa sem skipaðir voru á Íþróttapingi ÍSí 2019.

Í nóvember 2020 var Formannafundur ÍSí haldinn í fyrsta skipti í gegnum fjarfundabúnað. Frábær þátttaka var á fundinum en hann sóttu rétt yfir 100 manns. Málefni COVID-19 faraldursins og áhrifa hans á starf

og fjárhag Íþróttahreyfingarinnar voru fyrirferðarmikil á fundinum en einnig var farið fyrir starf vinnuhópa ÍSí sem starfa á milli þinga um ýmis hagsmunamál hreyfingarinnar. Á fundinum greindi forseti ÍSí frá viðræðum við stjórnvöld um frekari stuðning til handa Íþróttahreyfingunni og hvatti hann sambandsaðilana til bjartsýni og jákvæðni. Gunnar Bragason gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSí, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands og Frímánn Ari Ferdinandsson framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur héldu erindi sem tengdust fjármálum hreyfingarinnar.

## Dómsmál

Kosið er í dómstóla ÍSí á Íþróttapingi til tveggja ára í senn. Á 74. Íþróttapingi voru eftirtaldnir kjörnir: Dómstóll ÍSí: Björg Ásta Þórðardóttir, Gunnar Guðmundsson, Halldór V. Frímánnsson, Hilmar Guðlaugsson, Ólafur Björnsson og Sigurður Ingi Halldórsson.

Áfrýjunardómstóll ÍSí: Björgvin Þorsteinsson, Gestur Jónsson, Helga Melkorka Óttarsdóttir, Helgi Sigurðsson, Hulda Árnadóttir og Karl Gauti Hjaltason. Skrifstofa ÍSí annast milligöngu gagna og birtingu dóma.

Dómstóll ÍSí fékk til sín 18 mál frá síðasta Íþróttapingi og voru þau öll tekin fyrir hjá Dómstól ÍSí. 6 málum var áfrýjað til Áfrýjunardómstóls ÍSí. Bent er á að hægt er að lesa dómsúrskurði hjá dómstólum ÍSí á vefsíðu ÍSí, [www.isi.is](http://www.isi.is).



# Heiðranir

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands heiðrar á ári hverju einstaklinga sem hafa unnið fórnfúst og gott starf í þágu íþróttahreyfingarinnar.

Eftirtaldar viðurkenningar hafa verið veittar frá síðasta Íþróttáþingi:

## Heiðursfélagar ÍSÍ

Ari Bergmann Einarsson  
Guðmundur Kr. Jónsson  
Hrafnhildur Guðmundsdóttir  
Kolbeinn Pálsson

## Heiðurskross ÍSÍ

Anna R. Möller  
Geir Hallsteinsson  
Jón M. Ívarsson  
Jón Gestur Viggósson  
Stefán Snær Konráðsson  
Svanfríður Guðjónsdóttir  
Sigurjón Pétursson  
Örn Andrésón

## Gullmerki ÍSÍ

Anna Karólína Vilhjálmisdóttir, ÍF  
Bergsteinn Hjörleifsson, GSÍ  
Bjarni Friðriksson, JSÍ  
Eggert Ágúst Sverrisson, GSÍ  
Einar Þorvarðarson, HSÍ  
Eiríkur Mörk, Breiðablik  
Gry Ek Gunnarsson, KRAFT  
Guðrún Kristinsdóttir, Völsungur  
Gunnar K. Gunnarsson, GSÍ/HSÍ  
Gunnar Svavarsson, FRÍ/FH  
Hermann Aðalsteinsson, HSP  
Hörður Oddfríðarson, SSÍ  
Jakob Skúlason, KSÍ/UMSB  
Jón G. Guðbjörnsson, UMSB  
Jón Hlíðar Guðjónsson, JSÍ  
Kristín Finnbogadóttir, Gróttta  
Kristín Guðmundsdóttir, ÍF  
Magnús Gíslason, HK  
Nikolay Mateev, SKY  
Ólafur Sigurbjörn Magnússon, ÍF  
Reimar Marteinnsson, USVH  
Sigmundur Hermundsson, Stjarnan  
Sigurbjörn Árni Ásgrímsson, BLÍ/FRÍ  
Sigurður Guðmundsson, UMSB  
Sigurður Sveinbjörnsson, Þróttur  
Sigurjón Sigurðsson, HK  
Torfi Einarsson, Knattspyrnufélagið  
Hörður

Tryggvi Sigtryggsson, Golfkúbbur  
Ísafjarðar  
Viðar Halldórsson, FH  
Vigfús Þorsteinsson, ÍSÍ/HSÍ  
Þorbergur Aðalsteinsson, HSÍ  
Þröstur Jóhannesson, Skíðafélag  
Ísafjarðar

## Silfurmerki ÍSÍ

Andri Hnikarr Jónsson, BLÍ  
Björn Pétursson, FH  
Eggert Bogason, FH  
Hörður Gylfason, USVH  
Jón Rúnar Halldórsson, FH  
Kristín Hálfðánardóttir, BLÍ  
Ragnheiður Ólafsdóttir, FH  
Þórarinn Hannesson, UÍF



Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti ÍSÍ, Þórður Árni Hjaltested formaður ÍF, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti ÍSÍ, Anna Karólína Vilhjálmisdóttir og Kristín Guðmundsdóttir við afhendingu heiðursviðurkenninganna á afmælishófi ÍF í maí 2019.



Jón Gestur Viggósson og Hafsteinn Pálsson.



Örn Andrésón með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ við heiðursveitinguna á Formannafundi ÍSÍ 2019.

# Verkefni á samfélagsmiðlum

ÍSí fór af stað með hvatningarverkefnið #verumhraust á samfélagsmiðlum haustið 2020. Um er að ræða jákvæð skilaboð til landsmanna og hvatningu um að sýna frumkvæði og sköpunargleði við að efla líkamlega og andlega heilsu sína á tímum kyrrsetu og tímabundinna takmarkana. Baráttan við kórónuveirufaraldurinn varpaði ljósi á að gott heilsufar skiptir máli í orrustu við smitsjúkdóma en verkefnið #verumhraust hefur ekki síður það langtímamarkmið að markviss hreyfing verði hluti af daglegu lífi sem allra, allra flestra. Verum hraust og deilum myndrænni hvatningu undir #verumhraust á samfélagsmiðlum, svo allir hinir taki líka við sér.

Íþróttafólk sérsambanda ÍSí hefur reglulega tekið yfir svokallað Instagram story á Instagram aðgangi ÍSí og leyft fylgjendum að skyggjast inn í sitt daglega líf. Þar hafa áhugasamir fengið góða mynd af hversdegi hvers og eins og fengið tækifæri til að spyrja beinna spurninga um æfingakerfi, mataræði, daglega rúttínu og hvað sem helst. Á ísiiceland á Instagram er hægt að fylgjast með fjölbreytilegum myndböndum íþróttafólksins, fá innsýn í ólíkar íþróttagreinar og kynnst öllu þessu frábæra íþróttafólki sem leggur mikið á sig til að vera í fremstu röð í sinni íþrótt. Innslögin eru vistuð á Instagram aðgangi ÍSí og því hægt að fletta aftur í tímann og horfa á þau.





# COVID-19 fjárstuðningur stjórnvalda

Á vormánuðum 2020 gerði mennta- og menningarmálaráðherra samning við ÍSÍ um að allt að 450 milljónum króna yrði varið til íþróttahreyfingarinnar í fyrsta lið í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að bæta það tjón sem einingar innan hennar urðu fyrir vegna afleiðinga kórónuveirufaraldursins. Var þeim fjármunum ráðstafað með tveimur mismunandi aðferðum sem byggðu á tillögum vinnuhóps sem ÍSÍ skipaði þann 25. mars 2020. Í þeim vinnuhópi sátu Guðrún Inga Sívertsen, formaður, Hörður Þorsteinsson og Sigurjón Pétursson.

Hátt í 300 milljónir króna voru greiddar til 214 íþrótt- og ungmennafélaga vorið 2020, svokallaðar almennar aðgerðir. Í almennum aðgerðunum var framlagið greitt beint til íþrótt- og ungmennafélaga sem uppfylltu ákveðin skilyrði og var það svo í höndum aðalstjórna íþróttafélaga að ráðstafa framlaginu innan síns félags til þeirra deilda/verkefna sem urðu fyrir tjóni vegna COVID-19.

Rúmlega 150 milljónum króna var svo úthlutað til íþróttafélaga, deilda, sérsambanda og íþróttahéraða að hausti, svokallaðar sértækar aðgerðir,



en þær byggðu á umsóknum til ÍSÍ gagnvart viðburðum sem urðu fyrir áhrifum faraldursins á tímabilinu 1. mars til 1. júní 2020.

Í lok ársins 2020 kynntu mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra frekari aðgerðir til þess að styðja við starf íþrótt- og æskulýðsfélaga. Um var að ræða viðbótarframlag að upphæð kr. 300 milljónir til íþróttahreyfingarinnar til úthlutunar til íþróttafélaga sem starfrækja skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglunga 6-18 ára. Í samningi ÍSÍ og mennta- og menningarmálaráðuneytisins um viðbótarframlagið kemur fram að úthluta skuli framlaginu með sömu aðferð og notuð var þegar greitt var

til íþróttafélaga vorið 2020 (almenn aðgerð).

Í desember 2020 tóku gildi lög sem taka til greiðslna launakostnaðar og verktakagreiðslna íþróttafélaga og sambanda innan vébanda ÍSÍ. Markmiðið með því úrræði er að sem minnst rökun verði á íþróttastarfi til lengri tíma litið og að félög geti viðhaldið ráðningasambandi við starfsfólk sitt. Þannig er veittur styrkur hafi hlutaðeigandi verið gert að fella tímabundið niður starfsemi vegna opinberra sóttvarnaráðstafana á tímabilinu frá 1. október 2020 til og með 30. júní 2021. Félags- og barnamálaráðherra fól Vinnuálastofnun umsjón með úrræðinu.



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og  
menningarmálaráðuneytið



Stjórnarráð Íslands  
Félagsmálaráðuneytið

## Samningar um fjárframlög mennta- og menningarmálaráðuneytis til ÍSÍ

Samningar á milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og ÍSÍ um fjárframlög voru framlengdir til eins árs í byrjun janúar 2020. Samningarnir

fela í sér framlag vegna reksturs sambandsins sem og stuðning við sérsambönd ÍSÍ. Markmiðið með samningunum er að tryggja rekstur

ÍSÍ og styrkja sérsambönd sem starfa innan vébanda ÍSÍ. Samningur um fjárframlag í Ferðasjóð íþróttafélaga var einnig framlengdur út árið 2020.

## Árþing Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC)

Árþing EOC fór fram í Varsjá í Póllandi 25. - 26. október 2019. Þingið var hið glæsilegasta en Ólympíunefnd Póllands hélt upp á 100 ára afmæli sitt við sama tækifæri. Fulltrúar ÍSÍ á þinginu voru Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ sem situr einnig í framkvæmdastjórn EOC, Sigríður Jónsdóttir, 1. varaforseti ÍSÍ og Andri Stefánsson, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ.

Í upphafi þingsins ávarpaði Thomas Bach, forseti IOC, þinggesti og fjallaði um mikilvægi þess að hlúa að því markmiði Ólympíuhreyfingarinnar að byggja betri heim í gegnum íþróttir. Lagði hann áherslu á að allar Ólympíunefndir fylgdu þeim áherslum sem væru í Ólympíusáttmálunum. Á aðalfundinum voru samþykkt ný lög fyrir EOC þar sem m.a. er fjallað um kynjajafnrétti og skerpt á skilgreiningum á viðburðum EOC og Smáþjóðaleikum Evrópu. ÍSÍ afhenti forseta Pólsku Ólympíunefndarinnar,



Sigríður og Líney Rut ásamt Andrzej Krasnicki forseta Pólsku Ólympíunefndarinnar.

Andrzej Krasnicki, gjöf frá ÍSÍ í tilefni af aldarafmæli Pólsku Ólympíunefndarinnar, en um var ræða keramikegg sem gerð voru af listakonunni Koggu og fest á íslenskan hraunplatta.

Árþing EOC árið 2020 var fjarþing dagana 27. - 28. nóvember. Það hófst með mínútubögn til minningar um

forseta EOC, Janez Kocijancic sem lést í júnímánuði 2020. Niels Nygaard varaforseti EOC er starfandi forseti fram að aðalfundi EOC 2021. Á þinginu var samþykkt tillaga frá Ólympíunefnd Írlands um að í 16 manna stjórn EOC verði að lágmarki 5 af hvoru kyni.

## Árþing ANOC



Árþing Heimssambands Ólympíunefnda (ANOC) fór fram í Doha í Katar 17. - 18. október 2019, í tengslum við fyrstu Heimsstrandarleika ANOC sem stóðu þá yfir á Katara ströndinni og Gharafa Club. Þingið sóttu forseti og framkvæmdastjóri ÍSÍ ásamt um 1.000 öðrum fulltrúum frá 204 Ólympíunefndum. Fyrir utan hefðbundna dagskrárliði voru fluttar stöðuskýrslur vegna nýafstaðinna ólympískra verkefna og þeirra



Forseti og framkvæmdastjóri á árþingi ANOC 2019.

sem framundan voru, svo sem Vetrarólympíuleika ungmenna í Lausanne og Sumarólympíuleikana í Tókýó.

Árþingi ANOC 2020 var frestað um eitt ár vegna kórónuveirufaraldursins.

# Stofnun Bogfimisambands Íslands



Stofnþing Bogfimisambands Íslands (BFSÍ) var haldið í Ípróttamiðstöðinni í Laugardal 1. desember 2019. Með stofnun sambandsins eru sérsambönd ÍSÍ orðin 33 talsins.

Bogfiminefnd ÍSÍ var starfandi innan vébanda ÍSÍ um langt skeið og hafði umsjón með útbreiðslu og uppbyggingu íþróttarinnar á Íslandi, undir leiðsögn ÍSÍ. Íþróttin óx hratt á landsvísu og vann nefndin markvisst að stofnun sérsambands um bogfimi um nokkurn tíma áður en til stofnþingsins kom. Við stofnun sérsambandsins var íþróttin stunduð

í tíu íþróttafélögum innan vébanda níu íþróttahéraða. Ólafur Gíslason var kjörinn fyrsti formaður sambandsins en aðrir í stjórn BFSÍ voru kjörin til fjögurra ára þau Guðmundur Örn Guðjónsson varaformaður, Ásdís Lilja Hafþórsdóttir ritari, Albert Ólafsson gjaldkeri og Haraldur Gústafsson meðstjórnandi til tveggja ára.

Varamenn stjórnar voru kjörin Astrid Daxböck, Alfreð Birgisson og Kelea Quinn.

Lög sambandsins voru samþykkt samhljóða og kynning fór fram á drögum að afreksstefnu nýja sambandsins. Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti ÍSÍ, var þingforseti.



Frá stofnþingi Bogfimisambandsins.

## Íþróttamannanefnd ÍSÍ

Á starfstímabilinu hafa eftirfarandi átt sæti í nefndinni: Dominiqua Alma Belányi (fimleikar), Ágústa Edda Björnsdóttir (handknattleikur og hjóltreiddar), Kári Steinn Karlsson (frjálsíþróttir), Sigurður Már Atlason (dans) og Jakob Jóhann Sveinsson (sund). Formaður nefndarinnar er Dominiqua Alma og hefur hún jafnframt átt sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ sem fulltrúi Íþróttamannanefndar ÍSÍ.

Fulltrúar nefndarinnar hafa sótt þó nokkra erlenda viðburði. Árið 2019 sótti Dominiqua Athlete Forum, stærstu íþróttamannanefndaráðstefnu sem haldin hefur verið á vegum Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC). Ráðstefnan var haldin í Lausanne, Sviss í höfuðstöðvum IOC. Um 300 þátttakendur sóttu ráðstefnuna ásamt Thomas Bach, forseta IOC.

3rd Nordic Olympian Meeting var haldinn helgina 16. – 18. ágúst í Stokkhólmi árið 2019. Í fyrsta skipti var fulltrúum frá íþróttamannanefndum þjóðanna einnig boðið sem og fulltrúum frá aðildarsamböndum

Alþjóðaólympíunefndar fatlaðra (IPC). Dominiqua Alma Belányi og Jakob Jóhann Sveinsson sóttu fundinn fyrir hönd Íþróttamannanefndar ÍSÍ. Jakob Jóhann var einnig fulltrúi fyrir SÍÓ. Alls mættu 12 fulltrúar á fundinn í Stokkhólmi, frá öllum Norðurlöndunum að undanskildum Fínum.

Í lok ársins 2019 sótti Ágústa Edda Björnsdóttir tíunda þing Íþróttamannanefnda Evrópu sem haldið var á Írlandi. Íþróttamannanefnd stóð fyrir kynningarfundi um nefndina og

störf hennar fyrir þátttakendur í Smáþjóðaleikum í Svartfjallalandi árið 2019.

Nefndin hefur fundað sex sinnum og meðal annars átti hún fund með Nalin Chaturvedi starfsmanni Athlete 365 verkefni IOC sumarið 2020. Þar fékk nefndin kynningu á Athlete 365 ásamt því að fá upplýsingar um styrkjarmöguleika IOC sem Íþróttamannanefndum stendur til boða.

Hægt er að hafa samband við Íþróttamannanefndina á pósthfangið [imn@isi.is](mailto:imn@isi.is)



Fulltrúar Íslands í Íþróttamannanefnd og Samtökum íslenskra Ólympíufara sóttu norrænan fund í Stokkhólmi 2019.



# Samtök íslenskra Ólympíufara – SÍÓ



Forseti Íslands tók á móti ReyCup fótboltaliði Versló skólans í Kenía.



Áttundi aðalfundur Samtaka íslenskra Ólympíufara var haldinn 12. desember 2019 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Formaður SÍÓ Jón Hjaltalín Magnússon (handknattleikur ÓL 1972) var endurkjörinn. Fjórir Ólympíufarar gáfu kost á sér áfram til stjórnasetu sem aðalmenn í stjórn, þeir Jón Þ. Ólafsson (frjálsíþróttir ÓL 1964 og 1968), Jakob Jóhann Sveinsson (sund ÓL 2000, 2004, 2008 og 2012), Konráð H. Ólafsson (handknattleikur ÓL 1992) og Guðmundur Jóhannsson (skíði ÓL 1984). Sem varamenn í stjórn voru kosnar: Helga Sigurðardóttir (sund ÓL 1992) og Lára Sveinsdóttir (frjálsíþróttir ÓL 1972.). Haldið var eitt afmælishóf á tímabilinu, þann 5. desember 2019, með góðri mætingu félagsmanna og gesta þeirra. Lögð var áhersla á þátttöku í Ólympíuleikunum 1984 í Los Angeles og bronsverðlaun Bjarna Friðrikssonar með myndasýningu frá leikunum. Golfmót SÍÓ var haldið haustið 2019 í samvinnu við ÍSí, Gólf samband Íslands og Nesklúbbinn á Seltjarnanesi.

Golfmót 2020 féll niður vegna COVID-19. Er þessum aðilum þakkað ánægjulegt samstarf.

## Norrænn fundur ólympíufara

Svíar héldu svo norrænan fund í Stokkhólmi í september 2019 og buðu fulltrúum samtaka ólympíufara og íþróttamannanefnda. Svíar, Danir, Norðmenn og Íslendingar sendu fulltrúa. Fulltrúar Íslands voru Dominiqua Alma Belányi formaður Íþróttamannanefndar ÍSí og Jakob Jóhann Sveinsson frá bæði SÍÓ og Íþróttamannanefnd ÍSí. Á fundinum voru rædd mörg sameiginleg áhugamál eins og félagsleg réttindi og tryggingarmál afreksíþróttamanna.

## Alþjóðsamstök ólympíufara - World Olympians Association (WOA).

SÍÓ er virkur þátttakandi í WOA. Í apríl 2019 var efnt til sameiginlegs alþjóðlegs fundar samtaka ólympíufara og Íþróttamannanefnda í samstarfi við IOC og Íþróttamannanefnd IOC. Jón Hjaltalín Magnússon, formaður SÍÓ og Dominiqua Alma Belányi formaður Íþróttamannanefndar ÍSí sóttu fundinn.

Í október 2020 efndi WOA til aðalfundar samtakanna í formi fjarfundar vegna heimsfaraldursins, þar sem kosið var í stjórn WOA.

## Líkamsrækt ólympíufara

Framlengdur var samningur SÍÓ við World Class um afsláttarkjör ólympíufara.

## Fésbókarsíða

SÍÓ heldur úti fésbókarsíðu fyrir ólympíufara.

## Stuðningur við íþróttafélög í Afríku

SÍÓ hefur lagt áherslu á að styðja við stofnun og rekstur íþróttafélaga í fátækum löndum Afríku. Sumarið 2019 tók SÍÓ þátt í að bjóða á ReyCup knattspyrnu liði frá 300 nemenda skóla í Kenía. SÍÓ gaf liðinu fótbolta, bækur, o.fl. SÍÓ hafði samband við fjölda íþróttafélaga hérlandis sem gáfu liðinu búninga, skó og bolta. Forseti Íslands bauð liðinu í heimsókn á Bessastaði.

Sumarið 2020 tók SÍÓ þátt í að styðja stofnun íþróttafélags við „Ecole ABC de Bobo“ skóla íslensku ABC hjálpar samtakanna í borginni Bobo-Dioulasso í Búrkinu Fasó í Afríku, sem er með 800 nemendur. SÍÓ tók þátt í að safna búningum, skóm og boltum til skólans og með aðstoð nokkurra fyrirtækja var skólanum gefnir hundrað boltar fyrir knattspyrnu, handknattleik, körfuknattleik og blak.

# Góðir félagar kvaddir

Fimm Heiðursfélagar ÍSÍ létust á árunum 2019 og 2020. Öll lögðu þau mikið af mörkum til Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands og íþróttahreyfingarinnar í landinu. Minning þeirra lifir.



**Friðjón B. Friðjónsson** fyrrum gjaldkeri ÍSÍ, lést 10. júlí 2019. Friðjón sat í stjórn ÍSÍ frá 1986 – 2004, sem gjaldkeri sambandsins en hann vann einnig mikið sjálfbóðaliðastarf í stjórnnum Knattspyrnufélagsins Vals og Knattspyrnusambands Íslands, sem og fjölda annarra ábyrgðarstarfa í þágu íþróttar. Friðjón hlaut Gullmerki ÍSÍ, Heiðurskross ÍSÍ og var kjörinn Heiðursfélagi ÍSÍ á 67. Íþróttþingi ÍSÍ árið 2004.



**Vilhjálmur Einarsson** Heiðursfélagi ÍSÍ lést 28. desember 2019. Vilhjálmur var einn fræknasti íþróttamaður landsins fyrr og síðar og vann fyrstur Íslendinga til verðlauna á Ólympíuleikum þegar hann hlaut silfurverðlaun í þrístökki á Ólympíuleikunum í Melbourne 1956. Vilhjálmur var fyrstur til að hljóta útnefningu í Heiðurshöll ÍSÍ en þann heiður hlaut hann á 100 ára afmæli ÍSÍ árið 2012. Vilhjálmur var formaður Ungmennasambands Borgarfjarðar

1967 – 1970 en hann var einnig brautryðjandi í skólastarfi. Má þar nefna að hann var fyrsti skólameistari Menntaskólans á Egilsstöðum. Vilhjálmur hlaut Gullmerki ÍSÍ, Heiðurskross ÍSÍ og var kjörinn Heiðursfélagi ÍSÍ á 67. Íþróttþingi ÍSÍ árið 2004.



**Alfreð Þorsteinsson** fyrrverandi borgarfulltrúi og Heiðursfélagi ÍSÍ lést 27. maí 2020. Alfreð var formaður Fram árin 1972 - 1976 og aftur 1989 - 1994 og átti sæti í framkvæmdastjórn ÍSÍ um tíu ára skeið, árin 1976 - 1986. Að auki gegndi hann ýmsum öðrum trúnaðarstörfum fyrir íþróttahreyfinguna í gegnum tíðina. Alfreð hlaut Gullmerki ÍSÍ, Heiðurskross ÍSÍ og var kjörinn Heiðursfélagi ÍSÍ á 69. Íþróttþingi ÍSÍ árið 2009.



**Sigurgeir Guðmannsson** fyrrum framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) og Heiðursfélagi ÍSÍ lést 30. desember 2020. Sigurgeir var framkvæmdastjóri ÍBR í 42

ár, frá árinu 1954 – 1996 og var jafnframt fyrsti framkvæmdastjóri Laugardalshallarinnar 1965 – 1969 og framkvæmdastjóri Íslenskra getrauna í 15 ár, árin 1969 – 1984. Eftir að hann lét af störfum sem framkvæmdastjóri ÍBR hélt hann áfram að sinna verkefnum á vegum bandalagsins, allt þar til heilsu hans fór að hraka síðustu æviárin. Sigurgeir var leiðtogi í íþróttahreyfingunni allt sitt líf, ekki bara sem starfsmaður heldur einnig sem stjórnarmaður, formaður deilda og fararstjóri, svo eitthvað sé nefnt. Hann var sæmdur Gullmerki ÍSÍ, Heiðurskrossi ÍSÍ og var kjörinn Heiðursfélagi ÍSÍ á 67. Íþróttþingi ÍSÍ árið 2004.



**Ástbjörg Gunnarsdóttir** fyrrverandi formaður Fimleikasambands Íslands (FSÍ) og Heiðursfélagi ÍSÍ lést 3. mars 2021. Ástbjörg átti einstakan feril sem íþróttakennari og leiðtogi í íþróttahreyfingunni. Hún var fyrsta konan til að gegna formannsembætti sérsambands innan ÍSÍ þegar hún var kjörin til forystu í FSÍ árið 1977 og var mikill frumkvöðull kvennaleikfimi á Íslandi. Ástbjörg starfaði í nefndum og ráðum á vegum ÍSÍ og átti sæti í nefnd ÍSÍ um íþróttir 60+ allt til síðasta dags. Ástbjörg hlaut Gullmerki ÍSÍ, Heiðurskross ÍSÍ og var kjörin Heiðursfélagi ÍSÍ á 66. Íþróttþingi ÍSÍ árið 2002.



## Heiðurshöll ÍSÍ

Heiðurshöll ÍSÍ er óáþreifanleg höll afreksíþróttafólks og afreksþjálfara Íslands, í ætt við „Hall of Fame“ á erlendri grundu. Framkvæmdastjórn ÍSÍ útnefnir einstaklinga í Heiðurshöll ÍSÍ eftir reglugerð þar að lútandi og er Heiðursráð ÍSÍ ráðgefandi aðili varðandi tilnefningar. Með Heiðurshöll ÍSÍ vill ÍSÍ skapa vettvang til að setja á stall okkar framúrskarandi íþróttafólk og skapa minningar í máli og myndum um þeirra helstu afrek.

Á hófi Íþróttamanns ársins í Hörpu 28. desember 2019 var Alfreð Gíslason handknattleiksmaður og þjálfari útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ.

Haukur Gunnarsson frjálsíþróttamaður var síðan útnefndur í Heiðurshöll ÍSÍ í beinni útsendingu RÚV frá kjöri Íþróttamanns ársins, 29. desember 2020.

Alls hafa 20 einstaklingar verið útnefndir í Heiðurshöllina. Upplýsingar um Heiðurshöll ÍSÍ er að finna á vefsíðu ÍSÍ og þar má finna umfjöllun um hvern og einn meðlim.



Alfreð Gíslason við útnefninguna árið 2019.



Haukur Gunnarsson við útnefninguna árið 2020.

## Samningur við Air Iceland Connect



Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Árni Gunnarsson framkvæmdastjóri AIC við undirritun samnings 2019.

Samningur er í gildi á milli ÍSÍ og Air Iceland Connect (AIC) um afslátt á flugfargjöldum innanlands. Svokölluð ÍSÍ-fargjöld hafa verið lögð af fyrir einstaklinga en í staðinn er notast við inneignarkóða fyrir einstaklingsfargjöld sem gilda upp í allar tegundir fargjalda AIC sem í boði eru á bókunarsíðu AIC. Bókanir og afgreiðsla fyrir íþróttahópa fer eftir sem áður í gegnum hópadeild AIC. Hvetur ÍSÍ sambandsaðila sína að nýta samninginn eins og kostur er. Samning ÍSÍ og Air Iceland Connect er að finna á vefsíðu ÍSÍ.

## Íþróttamiðstöðin í Laugardal



Íþróttamiðstöðin í Laugardal gegnir mikilvægu hlutverki sem miðstöð íþróttahreyfingarinnar í landinu. Öll sérsambönd ÍSÍ, utan KSÍ, SKÍ og SKY, eru með aðstöðu í miðstöðinni, auk Íþróttabandalags Reykjavíkur, Ungmennasambands Kjalarnessþings, Íslenskrar getsþár og Íslenskra getrauna og Lyfjaeftirlits Íslands.

Farið var í að skipta um þak á húsi þrjú í lok árs 2020 og lauk framkvæmdum við það í febrúar 2021. Skipt var um gólfefni á skrifstofu ÍSÍ og unnið er að parketlögna á öðru skrifstofuhúsnæði í miðstöðinni.

Í miðstöðinni er rekin öflug kaffitería, Café Easy, sem þjónar starfsemi í miðstöðinni, bæði sem mötuneyti og þjónustuaðili fundarsala. Ingiberg Baldursson veitingamaður og starfsfólk hans hjá Stjörnuveitingum sjá um rekstur Café Easy og fara með umsjón fundarsala ÍSÍ.

Mikil þörf er á meira húsnæði undir starfsemi ÍSÍ, skrifstofur sambandsaðila og geymslur þar sem öll rými í miðstöðinni eru fullnýtt.

## Starfsskýrslur ÍSÍ

Samkvæmt lögum ÍSÍ þurfa héraðssambönd/íþróttabandalög, sérsambönd og íþrótt- og ungmennafélög að skila starfsskýrslum fyrir 15. apríl ár hvert. Starfsskýrslur samanstanda af félagatali, iðkendatali, upplýsingum um stjórnar- og nefndarmenn sem og lykiltölum úr ársreikningum. Skil á starfsskýrslum ÍSÍ eru afar mikilvæg fyrir alla hreyfinguna því með þeim fæst nauðsynleg yfirsýn yfir fjöldatölur og greining á samsetningu íþróttahreyfingarinnar, svo sem aldur og kyn. Einnig fæst yfirsýn yfir rekstur og fjárhag hreyfingarinnar á landsvísu. Slík yfirsýn er nauðsynleg þegar sýna þarf fram á umfang og starfsemi íþróttahreyfingarinnar, ekki síst í skilum til opinberra aðila vegna samninga og fjárframlaga til hreyfingarinnar..

## Nýtt starfsskýrslukerfi

Felix er miðlægt tölvukerfi Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ) og heldur utan um skráningar á íþróttaiðkendum á Íslandi. Kerfið er hannað af hugbúnaðarfyrirtækinu Idega og var fyrst tekið í notkun árið 2004. Í lok ársins 2015 var hafist handa við að hanna nýtt Felix kerfi og var það tekið í notkun í byrjun árs 2017.

Á Íþróttapingi ÍSí 2019 var samþykkt að skipa nefnd sérfræðinga til að gera úttekt á núverandi þörfum hreyfingarinnar til gagnasöfnunar, miðlunar og greiningar. Á Formannafundi ÍSí 2019 lagði nefndin til að notkun á Felix kerfinu yrði hætt og leitað nýrra lausna sem fælu í sér einfaldari skil á starfsskýrslum íþróttahreyfingarinnar.

Unnin hefur verið þarfagreining að nýju kerfi fyrir starfsskýrsluskil. Lagt er upp með að nýtt kerfi verði sem einfaldast í notkun. Viðræður eru í gangi um smíð nýs kerfis ÍSí og UMFÍ, í samræmi við ákvarðanir stjórna beggja samtaka. Unnið er að því að hreyfingin skili inn starfsskýrslum í nýtt kerfi við næstu skil, sem verða árið 2022.



Kyn	Aldursbil	Iðkanir
Karlar	18 ára og eldri	52,709
Karlar	17 ára og yngri	43,797
Konur	17 ára og yngri	36,654
Konur	18 ára og eldri	26,545
Samtala Iðkanir		159,505



Meylin sýnir hlutféll (%) hokk/hókka af heildarféllda iðkanum ÍSí

## Fjarfundir forseta IOC

Forseti Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC), Thomas Bach, hefur notfært sér tæknina og haldið reglulega fjarfundum með öllum Ólympíunefndum heims þar sem hann hefur farið yfir það sem efst er á baugi hverju sinni, svo sem Ólympíuleikana í Tókýó og nýja stefnu

IOC sem byggir á Olympic Agenda 2020 en nú með fimm ára viðbót, þ.e. Olympic Agenda 2020+5. Megin inntak fundanna hefur þó tengst málefnum kórónuveirufaraldursins og áhrifa hans á alþjóðlegt íþróttastarf og ekki síst íþróttafólkið í heiminum.



Thomas Bach á fjarfundum.

## Íslenskt afreksíþróttafólk á vefsíðu ÍSí

Umfjöllun um íslenskt afreksíþróttafólk má nú sjá á undirsíðum vefsíðu ÍSí. Síðurnar eru hugsaðar sem heimild um okkar besta íþróttafólk þessa stundina, þar sem hægt er að sjá á einum stað umfjöllun um viðkomandi íþróttamann eða íþróttakonu, myndir og áhugaverðar upplýsingar. Verkefnið er lifandi og hugmyndin er að bæta reglulega við umfjöllunum um fleira afreksíþróttafólk.





# Lyfjaeftirlit Íslands



Fjöldi beiðna um fyrirlestra um lyfjaeftirlitsmál berast stofnuninni ár hvert fyrir hina ýmsu markhópa. Á árinu 2019 fóru fulltrúar Lyfjaeftirlits Íslands meðal annars í heimsóknir í skóla, til íþróttafélaga, sérsambanda, afrekshópa, á þjálfaranámskeið og líkamsræktarstöðvar og héldu þar erindi um lyfjamisnotkun í íþróttum. Orðið var við öllum beiðnum sem bárust um fræðsluerindi á árinu. Enginn vafi er á því að vaxandi áhuga almennings á lyfjamálum hefur gætt

á sl. árum sem hefur í för með sér aukna eftirspurn eftir fræðslu um lyfjaeftirlitsmál. Alls voru fjórtán fræðsluerindi haldin á árinu 2019 þar sem um 280 einstaklingar hlýddu á og hafa aldrei verið haldin fleiri fræðsluerindi á einu ári af hálfu Lyfjaeftirlits Íslands.

Lyfjaeftirlit Íslands fundaði einnig með Embætti landlæknis í von um að skapa traustan grundvöll fyrir samstarfi í forvörnum til almennings í lyfjamálum. Líkamsrækt og íþróttir eru nátengd hugtök og margir einstaklingar taka þátt í skipulögðu íþróttastarfi og sinna samhliða annars konar líkamsrækt að staðaldri. Hvatar á bakvið lyfjamisnotkun eru oft þeir sömu hvort


sem um líkamsrækt eða skipulagt íþróttastarf er að ræða. Í júní 2018 tóku gildi ný lög um bann við tilteknum frammistöðubætandi efnum. Markmið laganna er að koma í veg fyrir notkun tiltekinna efna og lyfja í þeim tilgangi að bæta líkamlega frammistöðu svo að meðferð og notkun þeirra skaði ekki heilsu fólks. Þá er það jafnframt markmið laganna að efla fræðslu og forvarnir ásamt því að koma í veg fyrir ólögmetta markaðssetningu slíkra efna og lyfja. Lögin heyrja undir ábyrgðarsvið heilbrigðisráðuneytisins en gert er ráð fyrir að fræðsla í þessu sambandi sé unnin í samvinnu heilbrigðisráðuneytis, mennta- og menningarmálaráðuneytis og Embætti landlæknis.

## Nýr alþjóðastaðall um fræðslu í lyfjamálum

Nýr alþjóðastaðall um fræðslu tók gildi þann 1. janúar 2021, sem hluti af alþjóðalyfjareglunum. Staðallinn leggur þær skyldur á undirritunaraðila að skipuleggja fræðslu um lyfjamál í samstarfi við Lyfjaeftirlit hlutaðeigandi lands. Lyfjaeftirlit Íslands, í samvinnu við Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands, mun í þessu sambandi sjá til þess að öll sérsambönd fái fræðslu um lyfjamál á hverju ári.



## Fjöldi lyfjaprófa árin 2019 og 2020



## Hreinn árangur

Í nóvember 2019 rituðu Lyfjæftirlit Íslands (LÍ) og Mjólnir MMA undir samning sín á milli um fræðslu og forvarnir í lyfjamálum í tengslum við herferð stofnunarinnar „Hreinn árangur“. Mjólnir var þar með fyrsta líkamsræktarstöðin til að gera samning við Lyfjæftirlit Íslands í þessu sambandi. Samningurinn felur í sér eftirfarandi:

- Mjólnir hlýtur vottun sem hrein stöð í samstarfi við Lyfjæftirlit Íslands.
- Allt starfsfólk Mjólnis sem á í samskiptum við iðkendur vegna þjálfunar lýkur netfræðslunámskeiði um lyfjamál.
- Mjólnir setur sér mælanleg markmið um að lágmarka áhættuna á sölu mengaðra fæðubótarefna innan stöðvarinnar.
- Notkun fræðslu- og forvarnarefnis sem tengist Hreinum árangri ([www.hreinnarangur.is](http://www.hreinnarangur.is)).



Haraldur Nelson, Mjólnir MMA og Birgir Sverrisson framkvæmdastjóri LÍ við undirritun samnings um fræðslu og forvarnir í lyfjamálum.

Lyfjæftirlit Íslands stefnir á að undirrita fleiri slíka samninga á komandi árum og mun samningurinn koma til með að fela í sér að þjálfarar og allt starfsfólk líkamsræktarstöðva sem á í reglulegum samskiptum við iðkendur fái aðgang að netfræðslukerfi sem er sérstaklega hannað fyrir

líkamsræktarstöðvar og samskonar starfsemi, undir yfirskriftinni „Hreinn líkamsrækt“. Fræðslan skiptist í fimm hluta, þ.e. almennar reglur um lyfjamál, fæðubótarefni, einkenni og aðferðir, forvarnir og heilsufarsafleiðingar tengdar notkun ólöglegra frammistöðubætandi efna.

## Heimsráðstefna WADA

Heimsráðstefna Alþjóðalyfjæftirlits stofnunarinnar (WADA) var haldin dagana 5. - 7. nóvember 2019 í Katowice í Póllandi í fimmta sinn. Meginþemu ráðstefnunnar voru nýju alþjóðalyfjareglurnar sem tóku gildi 1. janúar 2021 ásamt uppfærðum alþjóðastöðlum tengdum lyfjamálum. Tveir nýir alþjóðastaðlar tóku gildi samhliða reglunum, annars vegar alþjóðastaðall fyrir fræðslu og hins vegar staðall fyrir málsmeðferð vegna brota á lyfjareglum. Á ráðstefnunni voru yfir 1.500 fulltrúar víðsvegar að úr heiminum. Skúli Skúlason, formaður stjórnar Lyfjæftirlits Íslands, og Birgir Sverrisson, framkvæmdastjóri, sátu ráðstefnuna fyrir hönd Lyfjæftirlits Íslands. Hafsteinn Pálsson, 2. varaforseti ÍSÍ, var fulltrúi ÍSÍ á ráðstefnunni.



Birgir Sverrisson framkvæmdastjóri Lyfjæftirlits Íslands, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti ÍSÍ og Skúli Skúlason formaður stjórnar Lyfjæftirlits Íslands voru fulltrúar Íslands á ráðstefnunni.



# Íþróttamaður ársins



Íþróttamenn og íþróttakonur sérgreina ÍSÍ 2019.

Sameiginlegt hóf ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna (SÍ) fór fram í Hörpu 28. desember 2019. Íþróttamenn og íþróttakonur sérsambanda og íþróttanefnda ÍSÍ voru þar heiðruð með veglegum bikurum sem gefnir voru af Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. Júlían J. K. Jóhannsson kraftlyftingamaður var útnefndur Íþróttamaður ársins 2019 af SÍ. Var þetta í fyrsta skipti sem Júlían hlýtur titilinn. SÍ veittu einnig viðurkenningu til Þjálfara ársins 2019, Óskars Hrafns Þorvaldssonar þjálfara

karlaliðs Gróttu í knattspyrnu og til Liðs ársins 2019, kvennaliðs Vals í körfuknattleik.

Vegna samkomutakmarkana var því miður ekki hægt að halda árlegt hóf ÍSÍ um afhendingar á viðurkenningum sérsambanda ÍSÍ til útnefndra íþróttakvenna og íþróttamanna þeirra á árinu 2020. Engu að síður útnefndu sérsambönd ÍSÍ sitt íþróttafólk ársins 2020 og líkt og áður gaf Ólympíufjölskylda ÍSÍ veglega bikara

til allra þeirra sem útnefndir voru af sérsamböndum ÍSÍ. Samtök íþróttafréttamanna útnefndu Söru Björk Gunnarsdóttur knattspyrnukonu Íþróttamann ársins 2020. Sara Björk hlaut fullt hús stiga í kjörinu en þetta var í annað skipti sem hún hlýtur titilinn eftirsóttá.

Elísabet Gunnarsdóttir þjálfari sænska knattspyrnuliðsins Kristianstad var kjörin Þjálfari ársins 2020 og íslenska kvennalandsliðið í knattspyrnu var kjörið Lið ársins 2020.



Júlían J. K. Jóhannsson kraftlyftingamaður Íþróttamaður ársins 2019.



Sara Björk Gunnarsdóttir knattspyrnukona Íþróttamaður ársins 2020.

# Ólympíufjölskylda ÍSÍ

Í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ eru Arion banki, Icelandair, Sjóvá og Toyota og styðja þau öll vel við bakið á verkefnum ÍSÍ. Sú breyting varð á samsetningu Ólympíufjölskyldu ÍSÍ árið 2019 að Valitor sagði upp samningi við ÍSÍ vegna aðhaldsaðgerða fyrirtækisins. Fyrirtækið var bakhjarl

einstakra verkefna ÍSÍ sem og aðili að Ólympíufjölskyldu ÍSÍ allt frá stofnun þess samstarfs og hefur stuðningur þeirra verið ómetanlegur í gegnum árin. Unnið er að öflun nýs samstarfsaðila í Ólympíufjölskyldu ÍSÍ fyrir næstu Ólympíuöðu, í stað Valitor.

Samningar við fyrirtækin í Ólympíufjölskyldunni runnu út í lok ársins 2020 en öll fyrirtækin endurnýjuðu samninga sína við ÍSÍ út árið 2021.



## Rekstur sem skiptir máli

Fordæmalaust ár er liðið og aldrei það kemur til baka. Heimsfaraldurinn hefur haft gríðarleg áhrif á íslenskt efnahagslíf, almenning og starfsemi alla í víðtækum skilningi. Þó bólusetning sé hafin er óvíst hvenær henni líkur á heimsvísu til að jarðarbúar geti hafið eðlilegt líf að nýju. Covid-19 hefur áhrif á rekstur Getspár og Getrauna eins og annarra fyrirtækja í sóttvörnum, hólfun og fólk að vinna að heiman.

Rekstur fyrirtækjanna hefur verið afar góður undanfarin ár og vöxtur verulegur.

Ákvarðanir eigenda á undanförunum árum um fjárfestingar í nýjustu tækni hafa svo sannarlega skilað sér í auknum arði. Þá vegur auðvitað öflugt markaðsstarf og gott kostnaðareftirlit þungt í rekstrinum.

Rétt er að hnykkja á því að Íslensk getspá hefur ætíð fjárfest í tækjum og búnaði fyrir eigið fé. Með skynsemi og útsjónarsemi hefur tekist að fjármagna að fullu þessar miklu breytingar án þess að eignaraðilar hafi þurft að þola niðurskurð á framlögum.

Evrópskur happdrættismarkaður byggir að mestu á nokkrum tegundum leikjaforma. Stærst er talnaleikir

(Draw based games), skafmiðar (Instant games), íþróttaleikir (Sport Games), spilakassar (Electronic Gaming Machines), happdrætti og ýmsir spilaleikir eins og póker o.s.frv. Sem betur fer byggir starfsemi okkar á stærsta flokknum og þeim sem hafa ekki bein tengsl við spilavanda og spilafíkn. Mikil vakning er í Evrópu varðandi hættulega leiki og þau neikvæðu samfélagslegu áhrif sem þeir valda.

Frá stofnun Íslenskrar getspár fyrir tæplega 35 árum hafa eigendur fengið arð sem nemur um 39 milljörðum íslenskra króna - miðað við vísitölu. Það sýnir mikilvægi félagsins fyrir eigendur okkar sem eru stærstu fjöldahreyfingar í íslensku samfélagi.

Fulltrúar ÍSÍ í stjórn Íslenskrar getspár eru þeir Lárus L. Blöndal og Gunnar Bragason. Aðrir stjórnarmenn eru Bergur Þorri Benjamínsson og Þóra Þórarinsdóttir frá Öryrkjabandalagi Íslands og Jóhann Steinar Ingimundarson frá Ungmennafélagi Íslands. Fulltrúi ÍSÍ í stjórn Íslenskra getrauna er Hafsteinn Pálsson. Aðrir í stjórn eru Guðni Bergsson frá KSÍ, Lilja Sigurðardóttir frá ÍBR, Auður Inga Þorsteinsdóttir frá UMFÍ og Óskar Þór Ármannsson frá Íþróttanefnd ríkisins.



[WWW.GETRAUNIR.IS](http://WWW.GETRAUNIR.IS)

Stöndum saman um að verja hagsmuni íþróttahreyfingarinnar, stöndum saman um áframhaldandi þróun og nýjungar og gleymum aldrei þeim góða málsstað sem við viljum verja í þágu íþróttar, öryrkja og ungmenna.

# Ferðasjóður íþróttafélaga

Á árinu 2007 samþykkti ríkisstjórn Íslands að koma á fót Ferðasjóði íþróttafélaga innan vébanda ÍSÍ og var ÍSÍ falin umsjón og umsýsla sjóðsins. Sjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótt- og forvarnarstarf. Markmið sjóðsins er einnig að stuðla að öruggum ferðamáta íþróttafólks. Árlega, í febrúar/mars, er styrkjum vegna keppnisferða ársins á undan úthlutað. Styrkurinn er greiddur beint til viðkomandi íþróttafélaga og deilda. Vinnuhópur ÍSÍ um Ferðasjóð íþróttafélaga gerir tillögu að árlegri úthlutun til framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem staðfestir endanlega úthlutun í samráði við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Öll íþrótt- og ungmennafélög innan vébanda ÍSÍ geta sótt um styrki úr sjóðnum vegna keppnisferða á fyrirfram skilgreind styrkhæf mót hvers árs.

Til úthlutunar vegna keppnisferða árið 2019 voru 127 milljónir króna. Alls bárust 264 umsóknir frá 117 félögum

## Afrekssjóður ÍSÍ

Miklar breytingar voru gerðar á Afrekssjóði ÍSÍ á árinu 2017 og að loknu Íþróttáþingi ÍSÍ 2017 var samþykkt ný reglugerð fyrir sjóðinn sem unnið hefur verið eftir á undanförunum árum. Ferlið í kringum styrkveitingar, kröfur á sérsamböndin og eftirfylgni frá ÍSÍ tók miklum breytingum frá fyrri árum og má segja að breytingarnar hafi gengið vel og að nokkuð góð sátt sé um fyrirkomulagið eins og það er í dag.

Þær áskoranir sem sérsambönd ÍSÍ og íþróttahreyfingin á Íslandi hefur glímt við á síðasta ári og gera enn hafa sýnt að nauðsynlegt er að fjölbreytni sé til staðar varðandi afreksstyrki og að afreksíþróttastarf á sér reglulega stað innan vébanda sérsambanda ÍSÍ þótt að ekki sé hægt að ferðast um heiminn og taka

í 21 íþróttahéraði af 25. Félög innan þeirra íþróttahéraða sem ekki sóttu um styrki til sjóðsins sækja ekki mót út fyrir héraðið eða eru í samstarfi við önnur félög um íþróttastarf og hefur þá verið sótt um ferðastyrki í gegnum samstarfsfélögin. Heildarkostnaður umsókna var kr. 492.199.559,-.

Til úthlutunar vegna keppnisferða ársins 2020 voru 95 milljónir króna af þeim 127 milljónum sem ætlaðar voru til keppnisferða ársins 2020. Mótahald á árinu 2020 var í heildina gloppótt vegna þeirra sóttvarnaráðstafana sem í gildi hafa verið frá marsmánuði 2020 og færðist mótahald frá hausti 2020 og fram að áramótum að stórum hluta yfir á árið 2021. Aukið álag verður því á félögin í landinu á yfirstandandi keppnisári og ætla má að kostnaðarauki við keppnisferðir verði umtalsverður. Með hliðsjón af þessum einstöku aðstæðum ákvað framkvæmdastjórn ÍSÍ að úthluta ekki öllu framlaginu í sjóðnum og færa 32 milljónir á milli ára, til að koma til móts

þátt í alþjóðlegum viðburðum líkt og áður. Þannig styrkir Afrekssjóður ÍSÍ fjölmarga þætti sem allir hafa það að markmiði að efla afreksíþróttir og þá einstaklinga sem keppa fyrir Íslands hönd á alþjóðlegum vettvangi. Á síðustu mánuðum hafa sérsambönd þurft að hugsa í lausnum og finna leiðir til að styðja við afreksíþróttafólk með öðrum hætti en oft áður. Slíkt hefur tekist vel, þótt að aðlaga hafi þurft starfið að sóttvarnareglum og samkomutakmörkunum.

Afrekssjóður ÍSÍ úthlutaði vegna verkefna ársins 2019 alls 452.900.000 kr. til sérsambanda ÍSÍ. Við skil á uppgjörum til sjóðsins voru felldar niður úthlutanir að upphæð 13.701.115 kr. vegna þess að verkefni sérsambanda féllu niður eða að kostnaður var ekki í samræmi við

við þá tilfærslu sem varð á mótahaldi haustsins 2020. Verður þeirri upphæð úthlutað með framlagi ársins 2021 að loknu því keppnisári. Þess má geta að við opnun umsóknarsvæðisins haustið 2020 var settur inn á svæðið fyrirvari um að það gæti komið til breytinga á úthlutunum þannig að heildarframlag sjóðsins yrði ekki allt til úthlutunar.

Alls barst 191 styrkumsókn frá 91 íþróttafélagi úr 20 íþróttahéruðum, vegna 1.882 ferða í 17 íþróttagreinum vegna keppnisferða á fyrirfram ákveðin styrkhæf mót á árinu 2020 og var heildarupphæð umsókna kr. 340.113.920,- .

Óhætt er að segja að Ferðasjóður íþróttafélaga hafi skipt sköpum í starfsemi margra íþróttafélaga undanfarinn rúman áratug, ekki síst á landsbyggðinni. Íþróttahreyfingin er þakklát ríkisvaldinu fyrir góðan stuðning við þetta stóra hagsmunamál íþróttahreyfingarinnar í landinu.

umsóknir og forsendur úthlutunar. Heildarúthlutun vegna 2019 varð því 439.198.885 kr.

Vegna verkefna ársins 2020 var úthlutað 463.435.000 kr. til sérsambanda ÍSÍ. COVID-19 faraldurinn hafði mikil áhrif á verkefni ársins og það var ljóst að fella þyrfti niður töluverðar upphæðir vegna þessa. Á haustmánuðum 2020 kallaði stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ eftir ábendingum og tillögum frá sérsamböndum ÍSÍ í tengslum við endurskoðun á reglum sjóðsins. Mörg sérsambönd óskuðu sérstaklega eftir því að reynt yrði að klára uppgjör og þar með niðurfellingar á viðkomandi ári, þ.e. í stað þess að bíða fram á vormánuði árið eftir. Það varð úr að kallað var eftir bráðabirgðaruppgjörum sérsambanda í lok árs og tekin



ákvörðun um niðurfellingar vegna styrkveitinga ársins 2020 í lok desember. Þó var það með þeim fyrirvara að niðurfellingar yrðu endurskoðaðar þegar endanlegir ársreikningar sérsambanda væru tilbúnir í upphafi ársins 2021. Þessar niðurfellingar urðu alls 74.455.488 kr. og því má segja að heildarúthlutun ársins 2020 hafi verið 388.979.512 kr. (með fyrirvara um frekari endurskoðun á árinu 2021).


Þessi mikla niðurfelling gerði það að verkum að stjórn Afrekssjóðs ÍSÍ hafði möguleika á að úthluta hærrí upphæðum en áður til sérsambanda

ÍSÍ vegna verkefna ársins 2021. Samningur við ríkisvaldið var framlengdur til eins árs, en þó varð lækkun á framlagi ríkisins um 8 m.kr. og var því um að ræða 392 m.kr. í stað 400 m.kr. eins og hefur verið tvö síðustu ár. Úthlutun til sérsambanda fyrir árið 2021 varð 515.125.000 kr. sem er sögulega hæsta úthlutun sjóðsins frá upphafi.

Nánar má lesa um úthlutun til sérsambanda í töflu aftarlega í Ársskýrslu ÍSÍ, en Afrekssjóður ÍSÍ gefur einnig út ársskýrslu þar sem má finna ítarlegar upplýsingar um starfsemi sjóðsins, úthlutanir og áherslur.

Skýrslurnar eru aðgengilegar á heimasíðu ÍSÍ á svæði Afrekssjóðs ÍSÍ.

Markmið sjóðsins er að hjálpa til við að Íslendingar eigi hverju sinni afrekssólk í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afrekssstig íslenskra íþróttastjarna. Þannig styrkir sjóðurinn sérsambönd ÍSÍ til þess að þau geti bætt enn frekar það afreksumhverfi sem er til staðar. Afrekssstarf margra annarra þjóða er sífellt að verða betra og Ísland verður að halda í við þá þróun, bæði faglega og með enn meiri stuðningi við afrekssíþróttastarfið.



Úthlutun Afrekssjóðs ÍSÍ til sérsambanda ÍSÍ fyrir 2019 og 2020.

## Ríkisstyrkur til sérsambanda ÍSÍ

Frá árinu 2006 hefur ríkið styrkt rekstur sérsambanda ÍSÍ með árlegu framlagi. Fyrsta árið var styrkurinn 30 milljónir króna en hefur hækkað jafnt og þétt í gegnum árin. Framlagið var 95 milljónir króna árið 2019 og 97 milljónir króna 2020. Stuðningur þessi hefur skipt sköpum fyrir mörg sérsamböndin

og auðveldað þeim að ráða til sín starfsmann í fullt starf eða hlutastarf. Þrátt fyrir þennan góða stuðning er rekstrargrundvöllur margra sérsambanda veikburða og ljóst að gera þarf enn betur ef sérsamböndin eiga að geta staðið undir kröfum samfélagsins um faglegt starf.

## Verkefnasjóður ÍSÍ

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar á hverju ári styrkjum til þjálfara sem hyggjast sækja námskeið eða fræðslu erlendis, auk þess að styðja við verðug útbreiðslu- og kynningarverkefni á landsvísu. Reglugerð sjóðsins er að finna á vefsíðu ÍSÍ.

# ÍSÍ á samfélagsmiðlum



Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands er virkt á öllum helstu samfélagsmiðlum.

ÍSÍ er á Fésbók (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands - ÍSÍ), Instagram (@isiiceland) og Vimeo (ISI).

ÍSÍ er með hlaðvarpið Verum hraust á Libsyn (isiiceland) og Youtube (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands). Einnig er ÍSÍ með Issuu-síðu (Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands) en þar er allt útgefið efni ÍSÍ. Auk þess er myndasíða ÍSÍ ([www.myndir.isi.is](http://www.myndir.isi.is)) í stöðugri

mótun en þar má sjá bæði nýjar sem og eldri myndir úr myndasafni ÍSÍ. Að auki er Almenningsíþróttasvið með samfélagsmiðlasíður fyrir sín verkefni.

ÍSÍ hvetur áhugasama að fylgja sambandinu á samfélagsmiðlum.

## Þjálfaramenntun ÍSÍ

ÍSÍ sér um almenna hluta þjálfaramenntunar fyrir allar íþróttagreinir að knattspyrnu og golfi frátöldum sem sjá sjálf um þann þátt. Önnur sérsambönd sjá um sérgreinahluta námsins eða þann þátt sem snýr beint að þeirra íþróttagrein. Nokkur sérsambönd bjóða reglulega upp á þjálfaranámskeið. Þjálfaranámið hjá ÍSÍ er alfarið kennt í fjarnámi og skiptist í þrjú stig sem eru í boði á vor-, sumar- og haustönn. Alls luku 353 nemendur þjálfaranámskeiðum á vegum ÍSÍ frá Íþróttapingi 2019. Það er talsverð aukning frá fyrri árum en skýrist að einhverju leyti af auka námskeiði sem haldið var vegna COVID-19.



ÍSÍ sér um almenna hluta þjálfaramenntunar.

## Fyrirmyndarhérað ÍSí

Fyrirmyndarhérað ÍSí er verkefni sem samþykkt var á Íþróttþingi ÍSí árið 2015. Íþróttahéruð ÍSí hafa nú möguleika á að sækja um viðurkenningu til ÍSí fyrir fyrirmyndarstarf. Viðurkenning fæst að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ÍSí setur. Fyrirmyndarhéruðum ÍSí hefur fjölgað undanfarin ár og eru þau nú átta talsins. Þessi héruð eru; UMSE, UMSS, USVH, ÍBA, ÍBR, ÍBH, ÍA og UMSB. Eitt af skilyrðum þess að hljóta viðurkenninguna er að samningar við sveitarfélög í viðkomandi íþróttahéraði liggja fyrir.

Eitt af verkefnum fyrirmyndarhéraðs er að vera félögum innan héraðsins til aðstoðar við að gerast fyrirmyndarfélög ÍSí.



FYRIRMYNDARHÉRAÐ ÍSÍ

### Fyrirmyndarhéruð ÍSí

Staðan í mars 2021

UMSE	13.11. 2017
UMSS	19.03. 2019
USVH	26.07. 2019
ÍBA	05.12. 2019
ÍBR	19.12. 2019
ÍBH	27.12. 2019
ÍA	08.06. 2020
UMSB	12.03. 2020

## Fyrirmyndarfélag ÍSí



FYRIRMYNDARFÉLAG ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag ÍSí er gæðaverkefni þar sem íþróttafélög og deildir geta sótt um viðurkenningu til ÍSí að uppfylltum ákveðnum skilyrðum sem ÍSí setur. Viðurkenningin er veitt til fjögurra ára í senn en þá þarf að sækja um endurnýjun. Frá Íþróttþingi 2019 hafa 11 viðurkenningar verið afhentar til íþróttafélaga/-deilda og þar af eru fjögur ný félög. Á tímum Covid-19 hefur afhendingum viðurkenninga fækkað og sum félög hafa beðið með endurnýjun eða nýútskrift þar til starfið kemst aftur í eðlilegt horf. Helstu ávinningar þess að gerast fyrirmyndarfélag að mati félaganna sjálfra eru skýr stefna og viðbragðsáætlanir í ákveðnum málaflokkum, faglegri vinnubrögð, aukin ánægja iðkenda og foreldra og aukinn stuðningur sveitarfélaga.



Fulltrúar hinna ýmsu deilda Þórs taka við viðurkenningum.



Fulltrúar UFA taka kampakát á móti sinni viðurkenningu.



# Ráðstefnur og málþing

## Jákvæð samskipti

Fræðslufyrirlestrar um jákvæð samskipti voru haldnir í Háskólanum á Akureyri haustið 2019, en um var að ræða þrjá fyrirlestra, fyrir iðkendur íþrótta, foreldra og þjálfara. Fyrirlesari var Pálmar Ragnarsson og var þátttaka mjög góð. Fyrirlestrarnir voru haldnir í samstarfi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Íþróttabandalags Akureyrar, Akureyrarbæjar og Háskólans á Akureyri.

## Næring og árangur

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Íþróttabandalag Akureyrar, Ungmennasamband Eyjafjarðar, Íþróttadeild Akureyrarbæjar og Háskólinn á Akureyri (HA) buðu upp á fyrirlestur undir yfirskriftinni „Næring og árangur“ í Háskólanum á Akureyri í maí 2019. Geir Gunnar Markússon næringarfræðingur hélt fyrirlesturinn og var húsfylli í HA.

## Sýnum karakter - „Hvernig getur keppnisfyrirkomulag mótað eða eyðilagt karakter?“

Fjórdá Sýnum karakter ráðstefnan fór fram haustið 2019 undir yfirskriftinni „Hvernig getur keppnisfyrirkomulag mótað eða eyðilagt karakter?“

Ráðstefnan fór fram í Háskólanum í Reykjavík og voru erindin sjö. Dr. Viðar Halldórsson félagsfræðingur og hugmyndasmiður Sýnum karakter hélt erindi um íþróttir og áhrif móta á unga iðkendur. Sigurður Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ungmennasambands Borgarfjarðar sagði frá vinnu UMSB við innleiðingu hugmyndafræði Sýnum karakter í öll félög innan UMSB. Sólveig Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Fimleikasambands Íslands, sagði frá breytingum á mótafyrirkomulagi í áhaldafimleikum barna og Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri KSÍ, sagði frá því hvernig fótbolti yngri flokka hefur breyst á undanförunum árum. Sveinn Þorgeirsson, aðjúnt á Íþróttafraeðasviði HR, sagði frá handboltaleikjum barna og ýmsum nýjungum og André Lachance frá Sport for Life í Kanada sagði frá breyttum hugsanahætti í þjálfun og íþróttaiðkun. Að lokum lýsti Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir fjölmiðlakona þeim jákvæðu áhrifum sem íþróttaiðkun hefur haft á fatlaðan son sinn og fjölskylduna. Ráðstefnustjóri var Pálmar Ragnarsson.

Markmið verkefnisins Sýnum karakter snýr að þjálfun sálrænnar og

félagslegrar færni barna og ungmenna í íþróttum. Verkefninu er ætlað að hvetja þjálfara og íþróttafélög til að leggja enn meiri og markvissari áherslur á að byggja upp góðan karakter hjá iðkendum og gera þá betur í stakk búna til að takast á við lífið auk þess að ná árangri í íþróttum. Sýnum karakter er samstarfsverkefni Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

## Ráðstefna RIG - „Jafnrétti barna og unglunga“

Seinni hluta janúar 2020 fór fram ráðstefna í Laugardalshöll í tengslum við Reykjavíkurlaikana (RIG) um jafnrétti barna og unglunga í íþróttum. Ráðstefnan var vel sótt en að henni stóðu Íþróttabandalag Reykjavíkur, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Ungmennafélag Íslands og Háskólinn í Reykjavík.

Megin áherslur ráðstefnunnar voru:

- Niðurstöður rannsóknar um aðkomu sveitarfélaga að afreksíþróttum.
- Jafnréttismál innan íþróttafélaga.
- Börn af erlendum uppruna og íþróttir.
- Jafnrétti fatlaðra barna í íþróttum.
- Viðhorf og óskir barna og unglunga.
- Trans fólk og íþróttir.

Fyrirlesarar voru Ágústa Edda Björnsdóttir, Ástþór Jón Ragnheiðarson, Hugrún Vignisdóttir, Ingi Þór Einarsson, Joanna Marcinkowska og Salvör Nordal.

## Ráðstefna RIG - „Íþróttir eru fyrir alla“

Ráðstefnan, „Íþróttir eru fyrir alla“ var haldin í byrjun febrúar 2021 í tengslum við Reykjavíkurlaikana (RIG) og fór fram í Háskólanum í Reykjavík. Vegna samkomutakmarkana voru fáir áheyrendur í sal, en ráðstefnunni var streymt á Youtube rás Reykjavíkurlaikana. Að



Þeir sem stóðu að ráðstefnu Sýnum karakter, frá vinstri; Viðar Halldórsson, Ragnheiður Sigurðardóttir UMFÍ, Pálmar Ragnarsson ráðstefnustjóri, Sveinn Þorgeirsson, André Lachance, Þórarinn Alvar Þórarinsson ÍSí, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, Ragnhildur Skúladóttir ÍSí og Sigurður Guðmundsson.

ráðstefnunni stóðu auk Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí), Ungmennafélag Íslands (UMFÍ), Íþróttabandalag Reykjavíkur (ÍBR) og Háskólinn í Reykjavík (HR).  
Ráðstefnuna setti Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra og Hjalti Rúnar Oddson frá HR var ráðstefnustjóri.

Megin áherslur ráðstefnunnar voru:

- Niðurstöður rannsókna um viðhorf hinsegin fólks í íþróttum.
- Frístundastarf í Breiðholti - tilraunaverkefni.
- Barnvænt samfélag á Akureyri.
- Verkferlar og leiðbeiningar um kynferðislegt ofbeldi og áreitni í íþróttum.

- Reynslusögur íþróttafólks.

Fyrirlesarar voru þau Arna Sigríður Albertsdóttir, Birta Björnsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir, Ingi Þór Jónsson, Tóttla I. Sæmundsdóttir og Þráinn Hafsteinnsson.

## Vinnustofur

### „Hvernig hjálpa ég barninu mínu að blómstra í íþróttum?“

Í lok sumars 2019 fór fram vinnustofa fyrir foreldra sem bar yfirskriftina „Hvernig hjálpa ég barninu mínu að blómstra í íþróttum?“ í Háskólanum í Reykjavík. Chris Harwood prófessor í íþróttasálfræði við háskólann í Loughborough stýrði vinnustofunni en hún var haldin í samvinnu Háskólans í Reykjavík (HR), Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) og Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ). Chris Harwood er höfundur efnisins 5 C's en C-in standa fyrir commitment, control, communication, concentration, confidence eða skuldbinding, sjálfsstjórn, samskipti, einbeiting og sjálfstraust. Hugmyndin snýr að því að byggja upp einstaklinginn með því að þjálfva andlega þætti samhliða líkamlegri þjálfun og efla þjálfara og foreldra í því að hafa áhrif á þessa þætti. Að mörgu leyti svipar hugmyndafræðin mjög til verkefnisins Sýnum karakter sem er á vegum ÍSí og UMFÍ. Chris Harwood fór yfir það hvernig hver þáttur fyrir

sig hjálpar einstaklingnum til þroska og lagði áherslu á að börnin væru í íþróttum á sínum forsendum en ekki á forsendum foreldranna. Hlutverk foreldra í íþróttastarfi ætti ekki að snúast um áherslu á árangur heldur að barnið þroskast sem einstaklingur á vegferð sinni, með C-in fimm að leiðarljósi. Hann endaði á að varpa fram nokkrum spurningum til foreldra sem troðfylltu sali HR um hvernig þeir gætu unnið út frá hugmyndafræðinni um C-in fimm.

Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvernig hagar þú þér sem foreldri á æfingum og á leikjum?
- Hvaða gildi og væntingar hefur þú sem foreldri?
- Samræmast þínar væntingar, væntingum barnsins?
- Hvernig er orðfæri þitt og samskipti?
- Hvernig er samband þitt við þjálfarann?

### „Keppni með tilgang“

Í tengslum við ráðstefnu Sýnum karakter haustið 2019 fór fram vinnustofa ætluð þeim sem sjá um fræðslu-og/eða mótamál í íþróttahreyfingunni. Yfirskrift vinnustofunnar var „Keppni með tilgang“ og snérist um keppni hjá börnum og ungmennum. Kanadamaðurinn André Lachance frá Sport for Life Canada hafði umsjón með vinnustofunni. Lachance er prófessor við Háskólann í Ottawa og heldur fyrirlestra og vinnustofur á alþjóðlegum vettvangi. Fulltrúar frá Knattspyrnusambandi Íslands (KSÍ), Skautasambandi Íslands (ÍSS), Fimleikasambandi Íslands (FSÍ), Sundsambandi Íslands (SSÍ), Blaksambandi Íslands (BLÍ), Landssambandi hestamannafélaga (LH), Frjálsíþróttasambandi Íslands (FRÍ) og fulltrúar íþróttahéraðanna Héraðssambands Þingeyinga (HSP), Héraðssambands Vestfirðinga (HSV) og Ungmennasambands Skagafjarðar (UMSS) sátu vinnustofuna, ásamt fulltrúum ÍSí og UMFÍ. Markmiðin með vinnustofunni voru m.a. að auka þekkingu á þroskaferli barna og ungmenna, skoða hvernig keppnisfyrirkomulag hefur áhrif á innihald þjálfunar, sértækar keppnisreglur o.fl. Vinnustofan mæltist vel fyrir og var vettvangur fyrir skapandi umræðu um hvernig megi mæta þörfum barna með réttum áherslum í keppni og mótahaldi.



Mikill áhugi var á vinnustofu Chris Harwood fyrir foreldra sem fram fór í HR.

# Hádegisfundir

## Þátttaka barna af erlendum uppruna

Í janúarlök 2020 var haldinn hádegisfundur í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal og var fyrirlesari Solveig Straume prófessor við Háskólann í Molde í Noregi. Solveig hefur sérhæft sig í þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi og kynnti verkefni sem hún hefur stýrt sem hefur haft það markmið að auka þátttöku barna af erlendum uppruna í íþróttastarfi í Noregi.

## „Þegar orkuna skortir - áhrif á heilsu og íþróttarárangur“

Birna Varðardóttir, doktorsnemi í íþrótt- og heilsufræði við Háskóla Íslands hélt hádegiserindi í Íþróttamiðstöðinni á haustdögum 2020 þar sem hún fjallaði um stöðu þekkingar varðandi hlutfallslegan



Birna Varðardóttir doktorsnemi í HÍ hélt fyrirlestur um íþróttanæringafræði.

orkuskort í íþróttum (e. Relative Energy Deficiency in Sport, RED-s). Birna sem er að hefja doktorsnám í íþróttanæringafræði sagði frá markmiðum fyrirhugaðs rannsóknarverkefnis fyrir íslenska íþróttahreyfingu. Niðurstöður

verkefnisins gætu lagt grunninn að íslenskum skimunartækjum og ráðleggingum, auk þess að efla forvarnir og meðferð. Í ljósi aðstæðna vegna COVID-19, var fundinum streymt á Teams og á fésbókarsíðu ÍSÍ.

# Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn er haldinn á hverju hausti í því sem næst öllum grunnskólum landsins og beinist boðskapur dagsins sérstaklega að unglíngum í 9. bekk en einnig taka fjölmargir framhaldsskólar þátt í verkefninu. Á Forvarnardaginn ræða nemendur um nýjustu niðurstöður rannsókna frá Rannsóknunum og greiningu á þeirra aldurshópi og hugmyndir um samveru, íþrótt- og tómstundastarf og því að leyfa heilanum að þroskast og hvaða áhrif þessir verndandi þættir hafa á líf þeirra. Þau vinna í hópavinnu og skrá hugmyndir sínar, síðan er svörum safnað saman til að finna samnefnara í umræðum þeirra.

## Lykilpunktar Forvarnardagsins

- Ungmennirnir verja í það minnsta klukkustund á dag með fjölskyldum sínum, eru síður líklegir til að hefja neyslu fíkniefna.

- Ungmennirnir stunda íþróttir og annað skipulagt æskulýðsstarf falla mun síður fyrir fíkniefnum.
- Leyfum heilanum að þroskast því hann er ekki fullþroskaður fyrr en eftir 20 ára aldur.



Forseti Íslands fær góðar móttökur í Fellaskóla í Reykjavík á Forvarnardaginn 2019.



# Ólympíuhlaup ÍSÍ



Blossi hitar krakkana upp fyrir Ólympíuhlaupið sem fram fór á Ísafirði 2019.

Ólympíuhlaup ÍSÍ fer fram í grunnskólum landsins á haustönn ár hvert og hefur þátttaka verið góð. Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er leitast við að hvetja nemendur í

grunnskólum landsins til að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Nemendur geta valið á milli þriggja vegalengda í hlaupinu, þ.e. 2,5 km, 5 km eða 10

km. Að hlaupinu loknu fær hver skóli viðurkenningarskjal þar sem greint er frá árangri, hversu margir tóku þátt og hversu langt var hlaupið. ÍSÍ setur hlaupið formlega í einum skóla á hverju hausti. Árið 2019 var Ólympíuhlaupið sett á Ísafirði með þátttöku fjögurra skóla á svæðinu og í Grunnskóla Grundarfjarðar haustið 2020.

Hlaupið er styrkt af verkefninu „Íþróttavika Evrópu“ og eru nöfn þriggja þátttökuskóla, sem ljúka hlaupinu fyrir 10. október og skila inn upplýsingum til ÍSÍ, dregnir út. Hver þessara þriggja skóla fær 100.000 króna inneign í Altis, en Altis selur vörur til íþróttaiðkunar sem nýtast nemendum á skólalóðinni eða í íþróttahúsinu.

## Norræn nefnd um þjálfaramenntun

Norræn nefnd um þjálfaramenntun og þróun hennar hefur verið að störfum um árabíl og er Viðar Sigurjónsson skrifstofustjóri ÍSÍ á Akureyri fulltrúi ÍSÍ. Ísland, Finnland, Noregur og Danmörk eiga fulltrúa í nefndinni og er henni ætlað að ræða og þróa þjálfaramenntun landanna. Nefndin skipuleggur þriggja daga vinnufund einu sinni á ári í einhverju landanna fimm, þess á milli heldur nefndin fjarfundi.



Fulltrúar íþróttá- og ólympíusamtaka Norðurlandanna í þjálfaramenntun.

## Útgáfa

### Trans börn og íþróttir

Í upphafi árs 2020 kom út bæklingurinn Trans börn og íþróttir. Bæklingurinn fjallar um íþróttaiðkun trans barna, en á síðustu árum hefur þó nokkur fjöldi barna á öllum aldri stigið fram sem trans. Mikilvægt er að huga vel að aðgengi þessa hóps að íþróttastarfi, taka vel á

móti þeim og huga vel að þeirra sérstöðu. Bæklingurinn er hugsaður til upplýsinga fyrir foreldra, þjálfara og aðra sem að íþróttastarfinu koma. Bæklingurinn var m.a. unninn í samstarfi við Samtökin 78, Trans Ísland og Trans vini. Bæklingurinn er fyrst og fremst leiðbeinandi og tekur til barna að 12 ára aldri eða fyrir kynþroska.

Bæklinginn má nálgast í prentaðri útgáfu á skrifstofu ÍSÍ og í rafrænni útgáfu á vefsíðu ÍSÍ.



## Ný Þjálfraeðibók

Bókin Þjálfraeði er ný þýðing á norsku kennslubókinni Treningslære frá árinu 2017. Bókin er mikið breytt frá eldri útgáfu sem kom fyrst út á íslensku árið 1998. Nýja útgáfan er mun efnismeiri, er í stærra broti og með myndum úr íslensku íþróttalífi. Bókin er gefin út af IÐNÚ útgáfu í samstarfi við Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí). Anna Dóra Antonsdóttir þýddi bókina og Ragnhildur Skúladóttir, sviðsstjóri Þróunar- og fræðsluviðs ÍSí, stýrði verkinu fyrir hönd ÍSí og annaðist faglegan yfirlestur ásamt Ólafi H. Björnssyni íþróttaraeðingi. Auk þess las Helgi Valur Pálsson sálfræðingur yfir kaflann um íþróttasálfræði og Ragna Ingólfsdóttir, verkefnastjóri kynningarmála hjá ÍSí, sá um val á ljósmyndum úr Myndasafni ÍSí. Völundur Óskarsson hafði umsjón með verkinu fyrir hönd IÐNÚ útgáfu. Þessi bók verður helsta kennslubókin í Þjálfaramenntun ÍSí og þá er hún einnig kennslubók á íþrótt- og afreksbrautum framhaldsskólanna.

### Vertu með!

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) gáfu út bæklinginn Vertu með! á sex tungumálum árið 2019 og í ársbyrjun 2021 var tveimur tungumálum, arabísku og víetnömsku bætt við. Markhópur efnisins eru foreldrar barna og ungmenna af erlendum uppruna. Í bæklingnum er að finna



Útgáfu Þjálfraeðibókarinnar fagnað. Á myndinni eru Líney Rut Halldórsdóttir og Ragnhildur Skúladóttir frá ÍSí og Völundur Óskarsson og Heiðar Ingi Svansson frá IÐNÚ.

hagnýtar upplýsingar um starfsemi íþrótt- og ungmennafélaga landsins og má þar til dæmis nefna: upplýsingar um æfingagjöld íþróttafélaga, frístundastyrki, mikilvægi þátttöku foreldra og kosti þess að hreyfa sig í skipulögðu starfi. Auk arabísku og víetnömsku er bæklingurinn einnig til á íslensku, ensku, pólsku, tælensku, litháísku og filippseyksku. Bæklinginn má nálgast í prentaðri útgáfu á skrifstofu ÍSí og í rafrænni útgáfu á vefsíðu ÍSí.

### Fundarsköp - örnámskeið

Eitt það mikilvægasta í félagsstarfi er þekking á fundarsköpum. Hvenær eiga fundarsköp við og hvenær ekki? Hvert er hlutverk fundarstjóra? Hvernig virka

breytingartillaga, frávísunartillaga og tilvísunartillaga á aðaltillögu? Öllu þessu og meiru til er svarað í myndbandi sem Gunnar Jónatansson stjórnendamarkþjálfari gerði fyrir ÍSí. Myndbandið er hugsað til að auka þekkingu í íþróttahreyfingunni á því hvernig fundarsköp nýtast í stjórnun funda. Hægt er að nálgast myndbandið á heimasíðu ÍSí og á Vimeo síðu ÍSí.

### „Íþróttir barnsins vegna“ á ensku

Út er kominn bæklingurinn Íþróttir barnsins vegna á ensku og heitir þá Sports – for our children. Bæklingurinn inniheldur stefnu ÍSí í íþróttum barna og unglunga. Hann má nálgast á skrifstofu ÍSí í prentaðri útgáfu, en einnig í rafrænni útgáfu á heimasíðu ÍSí.

## Námskeið í Ólympíu

Ár hvert er tveimur einstaklingum á aldrinum 20-35 ára boðið að taka þátt í námskeiði í Ólympíu í Grikklandi á vegum Alþjóða Ólympíuakademíunnar. Sumarið 2019 voru þau Hrafnhildur Lúthersdóttir úr sundi og Matthías Heiðarsson úr frjálsíþróttum valin til fararinnar. Námskeiðið stendur yfir í tvær vikur og búa þátttakendur á heimavist Alþjóða Ólympíuakademíunnar þar sem þau hlusta á fyrirlestra og vinna

í hópum. Einnig gefst tími til að gera ýmislegt annað eins og að keppa í allskonar íþróttum, fara á ströndina, í skoðunarferðir eða bara slappa af og kynnast fólki hvaðanæva að úr heiminum. Árið 2019 var yfirskrift námskeiðsins „Olympic Diplomacy and Peace“. Árið 2020 fór námskeiðið ekki fram vegna heimsfaraldursins COVID-19.



Hrafnhildur Lúthersdóttir og Matthías Heiðarsson voru fulltrúar ÍSí á námskeiði í Ólympíu árið 2019.



# Ólympíudagurinn

Ólympíudagur Alþjóðaólympíunefndarinnar (IOC) er haldinn hátíðlegur á heimsvísu 23. júní ár hvert í tilefni af stofnðegi Alþjóðaólympíunefndarinnar árið 1894. Meginþemu dagsins eru þrjú: hreyfa, læra og uppgötva. Á Ólympíudaginn 2020 heimsóttu starfsmenn ÍSí Borgarnes en Sigurður Guðmundsson framkvæmdastjóri UMSB skipulagði daginn með ÍSí. Ungmenni Vinnuskólans og börn á leikjanámskeiðum í bænum gafst tækifæri til að spreyta sig í ýmsum leikjum og þrautum. Boðið var upp á veitingar í lokin.



Unglingarnir í Vinnuskólanum í Borgarnesi fengu að prófa skotfimi.

Afreks- og Ólympíusvið ÍSí stóð fyrir fræðslufundi fyrir íþróttafólk sem njóta styrkja frá Afreksjóði ÍSí í gegnum sín sérsambönd. Á fræðslufundinum sagði Nalin

Chaturvedi starfsmaður Alþjóðaólympíunefndarinnar frá fjölbreyttu efni sem finna má á vef Athlete365 og því helsta sem þar er boðið upp á fyrir afreksíþróttafólk. Fundurinn fór

fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Í lok dagskrár var boðið upp á léttar veitingar og íþróttafólkið fékk tækifæri til að hittast og kynnast betur.

## Stjórnendanám



Þátttakendur á stjórnendanámskeiði ÍSí í janúar 2020.



Þátttakendur á stjórnendanámskeiði ÍSí í september 2020.

Tvö stjórnendanámskeið voru haldin af ÍSí árið 2020, annað í janúar og hitt í september og sóttu um 60 einstaklingar námskeiðin tvö. Sama dagskrá og sömu kennarar voru á báðum námskeiðum. Gunnar Jónatansson stjórnendamarkþjálfari sá um stærsta hluta námskeiðanna, en aðrir kennarar voru þeir Birkir Smári Guðmundsson lögfræðingur ÍSí og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSí. Skipulag

námskeiðanna var í höndum starfsmanna Þróunar- og fræðslusviðs ÍSí.

Fyrirlestur Andra var um Alþjóðaólympíuhreyfinguna og Birkir Smári fjallaði um lagaumhverfi íþróttá Íslandi og alþjóðlega. Gunnar Jónatansson sá alveg um kennsluna í tvo daga og lét þátttakendur vinna saman í pörum og smærri hópum. Viðfangsefnið voru margvísleg og má

þar nefna verkefna- og tímastjórnun, hlutverk og ábyrgð starfsmanna, skipulag tölvupósts, fundir og fundarstjórn og stjórnun teyma. Gott og jákvætt andrúmsloft skapaðist á námskeiðunum og voru þátttakendur mjög virkir allan tímann.

Námskeiðin eru vottuð af Alþjóðaólympíuhreyfingunni og styrkt af Ólympíusamhjálpinni og fengu allir viðurkenningu frá IOC í lokin.



## Erasmus +

Nýtt þróunarverkefni á vegum Sýnum karakter hlaut tæplega 30 milljóna króna styrk úr Erasmus+ styrkjaáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið stendur yfir fram til haustsins 2023 og snýst um að þjálfna fimm þætti í sálrænni og félagslegri færni barna og unglunga í íþróttum eins og þá líkamlegu. Þessir þættir eru skuldbinding, samskipti, sjálfstraust, sjálfssagi og einbeiting, á ensku Commitment, Communication, Confidence, Self-Control og Concentration. Þetta eru hin svokölluðu fimm C (The 5C's), en það kerfi var upphaflega þróað af íþróttasálfræðingnum Dr. Chris Harwood við Loughborough háskólann í

Bretlandi og eru mikil líkindi með því og íslenska verkefninu Sýnum karakter.

Samstarfsaðilar að verkefninu eru ÍSÍ og UMFÍ, ásamt Loughborough háskóla, Háskólanum í Reykjavík, Knattspyrnusambandi Íslands og Fimleikasambandi Íslands. Aðferðafræðin verður prófuð meðal 11 til 17 ára iðkenda í tveimur

íþróttafélögum, einni deild í knattspyrnu og annarri í fimleikum. Vísindamenn við Háskólann í Reykjavík og Loughborough háskóla munu leiða rannsóknarvinnu í tengslum við verkefnið og rannsaka áhrif innleiðingarinnar á iðkendur, foreldra og þjálfara.



# Erasmus+

## Ánægjuvogin



Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknum og greiningu kynnti Ánægjuvogina. Á myndinni eru; Ragnhildur Skúladóttir og Líney Rut Halldórsdóttir frá ÍSÍ, Margrét Lilja og Auður Inga Þorsteinsdóttir frá UMFÍ.

Ánægjuvogin 2020 er unnin af Rannsóknum og greiningu (R&g) fyrir Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) og Ungmennafélag Íslands (UMFÍ). Rannsóknir og greining hafa lagt spurningalista fyrir

nemendur í 8., 9. og 10. bekk frá árinu 1992 í rannsókninni Ungt fólk. Í Ánægjuvoginni felst að spurningum tengdar íþróttum og íþróttaiðkun er bætt við spurningalistana. Listarnir

voru lagðir fyrir nemendur bekkjanna í febrúar 2020 og var svarhlutfallið 85%.

Í skýrslu Ánægjuvogarinnar um íþróttir unglunga kemur skýrt fram að neysla allra vímuefna er mun ólíklegri á meðal unglunga í 8.-10. bekk sem æfa íþróttir með íþróttafélagi en þeirra sem æfa ekki. Margrét Lilja Guðmundsdóttir sérfræðingur hjá R&g og íþróttafraeðideild Háskólans í Reykjavík vonast til þess að niðurstöður skýrslunnar verði notaðar til að gera gott íþróttastarf enn betra. Margrét Lilja segir mikilvægt að íþróttahreyfingin nýti sér þessar góðu niðurstöður, hvort sem um er að ræða íþróttahéruðin eða einstaka íþróttafélög, bæði til að sýna iðkendum og foreldrum þeirra fram á hversu gott starf er unnið innan félaganna en einnig til að rýna og kanna hvað má betur fara, til þess að gera gott starf enn betra.

„Við sjáum mjög skýrt í gögnunum okkar hjá Rannsóknum og greiningu að skipulagt íþrótt- og tólmstundastarf er einn af verndandi þáttum í íslenska forvarnarmódelinu sem unnið hefur

verið eftir á Íslandi síðastliðin rúm 20 ár og skilað þeim árangri að draga úr vímuefnaneyslu unglunga í efstu bekkjum grunnskóla. Þannig eru minni líkur á vímuefnaneyslu, betri andleg og líkamleg líðan, betri námsárangur og lengi mætti telja meðal barna og ungmenna sem eru virk í skipulögðu starfi“, segir Margrét Lilja.

Íþróttir eru stór hluti af íslenskrum æsku en um 90% barna fer í gegnum íþróttastarf með íþróttafélagi á einhverjum tímapi. „Það er mikilvægt að íþróttafélögin séu

stöðugt að skoða hvað þau geti gert til að halda iðkendum lengur í íþróttinni, koma í veg fyrir eða draga úr brottfalli sem byrjar á unglingsárum. Hlutverk íþróttafélaga á Íslandi er í raun tvíþætt, annars vegar áhersla á afrek og keppni og hins vegar uppeldisgildi starfsins. Íþróttafélögin eru þannig mjög mikilvægar stofnanir í samfélaginu og það verður að líta á barna- og unglungastarfið út frá því“, segir Margrét Lilja.

Margrét segir að ýmislegt í skýrslunni sé jákvætt og það sé gleðiefni að

börnum líður almennt mjög vel í sínu skipulagða íþróttastarfi. Þau eru ánægð með félagið sitt, þjálfara og íþróttastöðu svo fátt eitt sé nefnt. Að sama skapi er mikið gildi fólgið í því að sjá sterkt forvarnarhlutverk skipulagðra íþróttastarfa, hvort sem um er að ræða minni líkur á vímuefnaneyslu meðal þeirra ungmenna sem eru virk í skipulögðu íþróttastarfi eða almennt betri heilsu, líkamlega jafnt sem andlega. Skýrslur með niðurstöðum Ánægjuvogarinnar voru sendar á öll íþróttahéruð.

## Samskiptaráðgjafi

Samskiptaráðgjafi íþróttastarfa og æskulýðsstarfs tók til starfa á vormánuðum 2020 eftir að mennta- og menningarmálaráðuneytið setti lög um starfið haustið 2019. Samskiptaráðgjafi hefur það markmið að auka öryggi í íþróttastarfa og æskulýðsstarfi barna, ungmenna og fullorðinna. Markmiðið er að allir geti tekið virkan þátt á sínum vettvangi og jafnframt leitað sér aðstoðar eða leitað réttar síns vegna atvika og misgerða sem hafa átt sér stað án þess að óttast afleiðingar. Þjónusta og ráðgjöf samskiptaráðgjafa stendur öllum til boða sem tilheyra skipulögðu íþróttastarfa og æskulýðsstarfi á landinu. Til samskiptaráðgjafa er hægt að leita með mál er varða andlegt, líkamlegt og kynferðislegt ofbeldi og áreitni, einelti og önnur sambærileg tilvik sem hafa komið upp á vettvangi

íþróttastarfa eða æskulýðsstarfs. Einnig mun samskiptaráðgjafi koma á samræmdum viðbragðsáætlunum á landsvísu í þessum málaflokkum. Starfi samskiptaráðgjafa sinnir Sigurbjörg Sigurpáldóttir, klínískur sálfræðingur, með aðsetur í húsnæði Domus Mentis - Geðheilsustöðvar. Hægt er að hafa beint samband við hana í gegnum heimasíðuna [www.samskiptaradgjafi.is](http://www.samskiptaradgjafi.is) eða senda tölvupóst á [sigurbjorg@dmg.is](mailto:sigurbjorg@dmg.is). Eftir samtal eða fyrstu samskipti við samskiptaráðgjafa er boðið upp á viðtal ef málið varðar áreitni, ofbeldi eða einelti. Þá er frekari upplýsinga aflað og í kjölfarið eru næstu skref ákveðin, ávallt í samráði við þann sem leitar til samskiptaráðgjafa. Einnig er hægt að leita eftir ráðgjöf hjá samskiptaráðgjafa, ekki þarf að fara lengra með mál ef viðkomandi



Sigurbjörg Sigurpáldóttir sálfræðingur er samskiptaráðgjafi íþróttastarfa og æskulýðsstarfs.

kýs það ekki. Samskiptaráðgjafi er óháður aðili sem getur aðstoðað og leiðbeint einstaklingum sem telja sig hafa verið beittir ofbeldi eða misrétti í íþróttastarfa eða æskulýðsstarfi. Þjónusta samskiptaráðgjafa er gjaldfrjál.

## Vitundarvakning

Vitundarvakning er verkefni sem styrkt er af félagsmálaráðuneytinu í tengslum við COVID-19 og þátttöku barna í skipulögðu íþróttastarfa og tómstundastarfa. Verkefninu var hleypt af stokkunum í lok árs 2020 og er tvíþætt. Annars vegar aukinn íþróttastarfa og tómstundastarfa til sveitarfélaga (900 milljónir) með það að markmiði að stuðla að

aukinni þátttöku barna frá efnaminni heimilum. Í tengslum við þennan hluta var skipaður stjórnir á vegum félags- og barnamálaráðuneytisins þar sem ÍSÍ og UMFÍ eiga fulltrúa og situr Þórarinn Alvar Þórarinsson í hópnum fyrir hönd ÍSÍ. Hinn hluti verkefnisins er stuðningur við skipulagt íþróttastarfa og tómstundastarfa fyrir börn og ungmenni í viðkvæmri stöðu þar

með talin börn af erlendum uppruna og börn með fötlun. Heildarstyrkur til ÍSÍ og UMFÍ var 17 milljónir króna og verður lögð áhersla á fræðslu og átaksverkefni. Fræðsluefninu er ætlað að auðvelda íþróttafélögum að taka vel á móti nýjum iðkendum og halda þeim lengur í starfinu.

## Endurskoðun á þjálfaramenntun

Frá haustinu 2019 hefur vinnuhópur um þjálfaramenntun verið að störfum og hefur hópurinn skoðað ýmsa þætti námsins, má þar nefna innihald, niðurröðun á stigin, námsumhverfi og samstarf við sérsamböndin. Formaður vinnuhópsins er Úlfur Hróbjartsson úr framkvæmdastjórn ÍSÍ og Viðar Sigurjónsson er starfsmaður hópsins. Aðrir í vinnuhópnum eru: Práinn Hafsteinsson, Sveinn Þorgeirsson, Helga Svana Ólafsdóttir, Dagmar Ýr Sigurjónsdóttir og Ágúst Björgvinsson. Helstu breytingar á innihaldi námskeiðanna er aukin áhersla á kennslufræði og mikilvægi góðra samskipta í þjálfun. Námsefni frá iCoachKids verður tekið inn í námið, en það er alþjóðlegt og ritrýnt. Tekin var ákvörðun um að skipta um námsumhverfi og færa þjálfaramenntunina úr Moodle í Canvas. Nokkur af stærstu sérsamböndunum sem eru með þjálfaramenntun fylgdu ÍSÍ í þessari ákvörðun. Fyrsti hluti endurskoðaðs náms ÍSÍ hefst haustið 2021.



## Íðorðasafn í íþróttum

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands (ÍSÍ) hlaut styrk úr Málræktarsjóði árið 2020 til að koma upp íðorðasafni um íþróttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er miðstöð íðorðastarfs á Íslandi og þar er að finna fjölbreytt fagorðasöfn en til þessa ekkert um íþróttir. Úr því er verið að bæta og fékk ÍSÍ til liðs við sig Gísla Ásgeirsson þýðanda, sem býr ekki einungis yfir afburða þekkingu á íslenski tungu heldur þekkir íþróttahreyfinguna eftir að hafa komið að fjölbreyttum verkefnum innan vébanda ÍSÍ í gegnum tíðina. Það er von ÍSÍ að verkefnið geti stuðlað að aukinni málrækt og veiti einstakt tækifæri til að skrá öll íslensk fagorð íþróttá í einn íðorðabanka sem verður aðgengilegur öllum á vef Árnastofnunar.

Eitt af hlutverkum orðabanka er að samræma orðanotkun innan skyldra og óskyldra greina. Hann á að safna fræðiheimum og sameina þau þannig að ekki séu á kreiki mörg heiti um sama fyrirbærið. Íðorðabankar geta gagnast vel öllum þeim sem fjalla um sérfræðileg efni, þýðendum, kennurum, nemendum, fjölmiðlafólki, opinberum stofnunum, fyrirtækjum svo og hvers kyns áhugafólki. Sérsambönd ÍSÍ hafa mörg hver sent inn lista með fagorðum úr sínum greinum á orðabok@isi.is. Söfnun íðorða er lifandi verkefni en vonast er til að þetta átak skili þeim árangri að íþróttahreyfingin eigi góðan orðabanka um starfsemina.

## Íþróttavísar

Á Íþróttabingi 2017 var samþykkt tillaga um að skilgreina og birta reglubundið tölulegar upplýsingar um stöðu íþróttastarfs á landsvísu, svokallaða íþróttavísa. Embætti landlæknis gefur út lýðheilsuvísa og er landinu skipt niður í átta heilbrigðisumdæmi, sama skipting verður notuð í tilfelli íþróttavísa. Íþróttavísar verða byggðir á tölfræði úr gagnagrunni íþróttahreyfingarinnar, niðurstöðum rannsókna R&G og niðurstöðum Ánægjuvogarinnar. Þeir eru væntanlegir á næstunni.



# Lífshlaupið



Setningarhátíð Lífshlaupsins 2019 í Skarðshlíðarskóla í Vallarhverfinu í Hafnarfirði.



Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni ÍSÍ sem er ætlað að höfða til allra landsmanna. Markmið verkefnisins er að hvetja almenning til daglegrar hreyfingar í samræmi við ráðleggingar frá Embætti landlæknis um hreyfingu. Lífshlaupið skiptist í fjórar keppnir: einstaklingskeppni yfir allt árið og vinnustaða-, grunnskóla- og framhaldsskólakeppni sem er í gangi í febrúar ár hvert. Grunn- og framhaldsskólakeppnin stendur yfir í tvær vikur en vinnustaðakeppnin í þrjár vikur. Verkefnið býður upp á skemmtilega leiki fyrir þátttakendur þar sem veglegir vinningar er í boði í samstarfi við samstarfsaðila verkefnisins. Heppnir þátttakendur eru dregnir út á hverjum degi á meðan á áttakinu stendur. Einnig geta þátttakendur sent inn myndir og er dregið úr innsendum myndum þrisvar sinnum á meðan á Lífshlaupinu stendur.

Það var mikill kraftur og gleði í hinum nýja Skarðshlíðarskóla í Vallarhverfinu í Hafnarfirði þann 5. febrúar 2020, þegar Lífshlaupið var ræst í þrettánda

sinn. Ingibjörg Magnúsdóttir skólastýra bauð gesti velkomna. Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri og Práinn Hafsteinsson formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, ávörpuðu svo gesti. Nemendurnir buðu upp á glæsileg skemmtiatriði, söng og dans áður en keppt var í skemmtilegum þrautum í boði íþróttakennara skólans. Blossi lukkudýr ÍSÍ mætti á svæðið og vakti að vanda mikla lukku.



Opnunarhátíð Lífshlaupsins 2021 í Rimaskóla í Grafarvogi.

Opnunarhátíð Lífshlaupsins 2021 fór fram í Rimaskóla í Grafarvogi miðvikudaginn 3. febrúar. Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur og Þórunna Rósa Ólafsdóttir skólastjóri Rimaskóla, ávörpuðu gesti og nemendur skólans.

Að ávörpum loknum sýndu nemendur fimleikaatriði og þá

tóku gestir og nemendur þátt í léttri þrautabraut í umsjón Jónínu Ómarsdóttur íþróttakennara. Lukkudýrið Blossi mætti á svæðið og gladdi viðstadda nemendur. Nemendur í 2. bekk og 10. bekk voru viðstaddir opnunina þar sem enn voru samkomutakmarkanir sökum COVID-19 faraldursins.

Árið 2020 var heildarfjöldi virkra þátttakenda 18.194 manns sem var 6,2% aukning frá árinu 2019 en þá voru 17.139 virkir þátttakendur. Hins vegar var heildarfjöldi þátttakenda árið 2021 alls 22.630 sem er 24,3% aukning frá 2020 (og 32% aukning frá 2019), hvorki meira né minna. Þrátt fyrir samkomutakmarkanir varð þessi gríðarlega aukning. Hluta af aukningunni má mögulega rekja til snjallforrits sem gert var fyrir Lífshlaupið.

Alls voru 538 virkir vinnustaðir skráðir til leiks árið 2021 (502 árið 2020) í 1.967 liðum (1.242 árið 2020) með 16.146 liðsmenn samtals. Grunnskólar sem tóku þátt í ár voru 41 (53 árið 2020). Þá voru 10 framhaldsskólar virkir í ár (10 árið 2020).

Þátttakendur hreyfðu sig samtals í 281.086 daga árið 2021 (209.413 árið 2020) og er það 34% aukning frá árinu á undan. Á þessum dögum árið 2021 voru skráðar 21.312.849 hreyfi mínútur (15.643.106 árið 2020) og er það um 36% aukning milli ára.

Landsmenn hafa tekið Lífshlaupinu mjög vel og sést það best á aukningu þátttakenda í verkefninu undanfarin þrjú ár. Lífshlaupið er fjölmennasta verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Helstu samstarfsaðilar Lífshlaupsins eru Advania, Rás 2 og Mjólkursamsalan. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu verkefnisins [www.lifshlaupid.is](http://www.lifshlaupid.is) og á Facebook og Instagram undir Lífshlaupið.

# Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ



## SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ

### Kvannahlaup í yfir 30 ár

Fyrsta Kvannahlaup ÍSÍ var haldið 30. júní árið 1990 í tengslum við Íþróttahátíð ÍSÍ. Hlaupið var í Garðabæ og á 7 stöðum um landið, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum, Ísafirði, Laugum í Þingeyjarsýslu, Grundarfirði, Stykkishólmi og í Skaftafellssýslu. Rúmlega 2.000 konur tóku þátt í Garðabæ og um 500 konur á landsbyggðinni. Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ hefur vaxið og dafnað á þessum áratugum og er einn útbreiddasti og fjölmennasti íþróttaviðburður sem haldinn er á Íslandi ár hvert. Tengiliðir Kvannahlaupsins á hverjum hlaupastað eru afar mikilvægir fyrir skipulag og framkvæmd hlaupsins og eiga hrós skilið fyrir að standa vaktina, sumir hverjir ár eftir ár. Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ er elsta verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ og fagnaði það 30 ára afmæli sínu á árinu 2019. Allar á sínum forsendum Upphaflega var markmið hlaupsins að fá fleiri konur út að hreyfa sig og að hvetja konur til þátttöku í starfi íþróttahreyfingarinnar á Íslandi. Í dag er áherslan ekki hvað síst á samstöðu kvenna, að hver njóti þess að hreyfa sig á sínum forsendum og eigi ánægjulega samverustund með fjölskyldu og vinum. Hlaupið er orðinn árviss viðburður hjá mörgum konum sem hlaupa með dætrum, mæðrum, ömmum, systur, frænkum og vinkonum sínum. Margir karlmenn slást líka með í hópinn. Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ er alla jafna haldið á yfir 80 stöðum á landinu. Fjölmennasta hlaupið er haldið í Garðabæ og einnig fer stórt hlaup fram í Mosfellsbæ. Á landsbyggðinni fara einnig fram fjölmenn hlaup sem skipulögð eru af öflugum konum í hverju bæjarfélagi fyrir sig. Íslenskar konur sem eru búsettar erlendis



Upphitun í veðurblíðunni fyrir Kvannahlaupið 2019.

hafa einnig tekið sig til og haldið Kvannahlaup víða um heim. Mikið var um dýrðir á 30 ára afmælisári Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ. Í tilefni af 30 ára afmæli Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ var gerð heimildarmynd um hlaupið. Ólympíusamhjálpin styrkti gerð myndarinnar. Samið var við þáttagerðarmennina Arnar Þórisson og Stefán Drengsson um gerð myndarinnar og var Kristjana Arnarsdóttir þáttastjórnandi. Myndin var frumsýnd 6. júní í Laugarásbíói við hátíðlega athöfn og svo sýnd á RÚV á 2. í hvítasunnu 10. júní. Vel tókst til með gerð myndarinnar, sem þótti fræðandi og skemmtileg og ekki síst góð heimild. Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram í þrítugasta sinn laugardaginn 15. júní 2019, í blíðskaparveðri um allt land. Frábær þátttaka var í afmælishlaupinu en áætlað er að hátt í 10.000 konur hafi tekið þátt. Hlaupið var á 84 stöðum þ.e. 71 stöðum hér á landi og á 13 stöðum erlendis, einnig var hlaupið á 10 öldrunarheimilum. Boðið var upp á mismunandi vegalengdir eða allt frá 900 m upp í 10 km. Rúmlega 3.000 manns hlupu í Garðabæ, rúmlega 1.000 í Mosfellsbæ, rúmlega 300 á Akureyri, hátt í 300 í Reykjanesbæ og rúmlega 100 á Ísafirði og Egilsstöðum

Í tilefni af afmælinu lét Ölgerðin, styrktaraðili hlaupsins til margra ára, merkja sérstaklega Kristal sem var í sölu í matvöruverslunum í júní og var sá Kristall einnig sendur á alla framkvæmdaraðila um land allt. Sérstök „Kvannahlaup“ voru gerð í tilefni af afmælishlaupinu í samvinnu við Sælgætisgerðina Góu og vöktu þau mikla lukku. Allir framkvæmdaraðilar fengu hlauppoka til að dreifa til þátttakenda á hlaupadag. Einnig var blöðrum með Kvannahlaupsmerkinu dreift á hlaupastaði.

Árið 2020 var lengi vel óvissa með framkvæmd hlaupsins vegna samkomutakmarkana af völdum COVID-19 en lukkan var með í liði og hægt var að halda hlaupið á tilsettum tíma, að viðhöfðum sóttvörnum. Einkunnarorð Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ 2020 voru „Hlaupum saman“. Í framhaldi af 30 ára tímamótum hlaupsins árið 2019 var ákveðið að endurskoða ýmsa þætti hlaupsins. Hinn klassíski Kvannahlaupsbolur hefur verið einkennismerki hlaupsins um árabíl og því hefur fylgt talsverð eftirvænting á hverju ári að sjá hvaða litur yrði á bolnum. Út frá umhverfissjónarmiðum var ákveðið að gera breytingar á ýmsum þáttum hlaupsins. Hætt var að afhenda verðlaunapeninga til þátttakenda og



Kvennahlaupsbolur ársins 2020 var 100% enduruninn, úr lífrænni bómull og endurunnu plasti. Bolurinn er tákn nýrra tíma og slær tóninn fyrir nýja hugsun. Hann var án auglýsinga og ártals sem gerir hann notadrygri og umhverfisvænni. Linda Árnadóttir hönnuður Scintilla og lektor við Listaháskólann hannaði grafíkina á bolinn.

Sjóvá Kvannahlaup ÍSÍ fór fram í 31. sinn þann 13. júní 2020. Frábært hlaupaveður var víðast hvar um landið og þátttakendur geisluðu af orku og krafti. Góð þátttaka var í hlaupinu en áætlað er að um 8.000 konur hafi tekið þátt á hátt í 70 stöðum um allt land.

Kvannahlaupsnefnd ÍSÍ skipa: Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, formaður, Anna Möller, Gígja Gunnarsdóttir, Þráinn Hafsteinsson. Sjóvá hefur verið aðalbak hjarl Kvannahlaupsins frá árinu 1993. Aðrir helstu samstarfsaðilar Sjóvá Kvannahlaups ÍSÍ eru: Beiersdorf, Ölgerðin, CCEP og MBL.is.



## Nefnd um íþróttir 60+

Á vegum ÍSÍ er starfandi nefnd um íþróttir 60 ára og eldri. Markmið nefndarinnar er að efla íþróttastarf eldri borgara, vinna að fræðslumálum og standa fyrir viðburðum tengdum íþróttum fyrir aldursflokkinn 60+. Einnig aflar nefndin upplýsinga um þá hreyfingu og þær íþróttir sem í boði eru fyrir 60+ um land allt og dreifir sem víðast. Nefndina skipa Þráinn Hafsteinsson formaður, Hermann Sigtryggsson, Ástbjörg Gunnarsdóttir (d. 3. mars 2021), Margrét Jónsdóttir, Páll Ólafsson og Kolbeinn Pálsson.

Ljóst er að það felast mörg áhugaverð tækifæri í hreyfingunni sem gætu stuðlað að því að bæta lífsgæði eldri borgara og viðhalda hreyfifærni þeirra.



Teygjur í lok æfingar.



# Hjólað í vinnuna



Verkefnið Hjólað í vinnuna hefur verið haldið árlega í maímánuði allt frá árinu 2003. Meginmarkmið verkefnisins er að vekja athygli á virkum ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Þátttakendur eru hvattir til þess að hjóla, ganga, hlaupa eða nýta almenningssamgöngur til og frá vinnu í þrjár vikur í maí ár hvert. Undanfarinn áratug hefur orðið gríðarleg vakning í þjóðfélaginu um að nota hjólréiðar sem heilsusamlegan samgönguvalkost. Þegar Hjólað í vinnuna rúllaði af stað árið 2003 tóku 533 einstaklingar þátt en þátttakan óx ár frá ári og náði hámarki árið 2012 þegar 11.381 einstaklingur tóku þátt. Ætla má að margir þátttakendur hafi tekið hjólréiðar upp sem lífsstíl í framhaldi af þátttöku sinni í verkefninu. ÍSÍ er stolt af því að hafa stuðlað að bættri hjólamenningu á Íslandi og orðið til þess að vinnustaðir og sveitarfélög hafi bætt til muna aðstöðu fyrir hjólandi fólk. Hjólað í vinnuna er nú orðið hluti af menningu margra vinnustaða í landinu í maí ár hvert. Meðan á verkefninu stendur er ýmislegt skemmtilegt í boði. Þar má nefna að dregið er úr skráðum þátttakendum á hverjum degi og geta þeir unnið ýmiskonar hjólatengd verðlaun svo sem pumpu, hraðamæli eða hjálm. Síðasta dag verkefnisins hefur svo verið dregið út glæsilegt reiðhjól í vinning. Einnig má nefna ljósmyndaleik á Instagram þar sem þátttakendur geta unnið sér inn ýmiskonar glæsilegar gjafir. Þátttakendur hafa einnig verið duglegir við að senda inn reynslusögur af sjálfum sér og samstarfsfélögum og deila sinni upplifun af verkefninu.



Gestir opunarhátíðar Hjólað í vinnuna 2019 gera sig klár til að hjóla af stað.

Árið 2019 fór Hjólað í vinnuna fram í sautjanda sinn dagana 8. - 28. maí. Formleg opnun fór fram í veisluskálanum í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum í Laugardal. Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti ÍSÍ, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitastjórnarráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur, fluttu hvatningarávörp. Að því loknu tók Gyða Sól við og skemmti gestum við góðar undirtektir áður en hún hjólaði verkefnið formlega af stað ásamt gestum. Þátttakendur árið 2019 voru alls 6.250 sem var fjölgun um rúmlega 2.000 þátttakendur frá árinu 2018. Alls voru 696 vinnustaðir skráðir til leiks sem er nánast 100% aukning frá árinu 2018. Á þessum vinnustöðum voru samtals 1.056 lið skráð til leiks (791 árið 2018). Skráðir kílómetrar voru alls 476.965, sem jafngildir rúmlega 356 hringjum í kringum landið.

Árið 2020 fór keppnin fram dagana 6. - 26. maí og var það í átjanda sinn sem verkefnið rúllaði af stað. Hjólað



Gestir opunarhátíðar Hjólað í vinnuna 2020 gera sig klára til að hjóla átakið af stað.

í vinnuna var ræst með hátíðlegum en þó aðeins óhefðbundnum hætti árið 2020 vegna sóttvarnarreglna sem í gildi voru vegna COVID-19. Setningin fór fram í Próttaraheimilinu í Laugardal og var hún einungis opin boðsgestum. Á dagskrá voru hressileg hvatningarávörp ásamt uppistandi Jóhanns Alfreðs Kristjánssonar sem sló rækilega í gegn. Ávörp fluttu Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfis- og auðlindaráðherra, Dagur B. Eggertsson borgarstjóri Reykjavíkur og Víðir Reynisson yfirlöggregluþjónn. Öll voru þau sammála um mikilvægi hreyfingar landsmanna og verkefnisins Hjólað í vinnuna.

Gestir setningarhátíðarinnar hjóluðu síðan verkefnið formlega af stað frá Próttaraheimilinu og tóku hring í Laugardalnum. Það voru 6.659 liðsmenn sem skráðu sig til keppni í 1.116 liðum og er það 6,5% aukning frá árinu 2019. Þátttakendur voru frá alls 507 vinnustöðum (696 árið 2019) og alls voru hjólaðir 468.143 km sem samsvarar 354 hringjum í kringum landið.

Samstarfsaðilar ÍSÍ að verkefninu eru Advania, Rás 2, Örninn, Nutcase og Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn. Hjólað í vinnuna fer fram dagana 5. – 25. maí 2021. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu verkefnisins, [www.hjoladivinnuna.is](http://www.hjoladivinnuna.is).

## Göngum í skólann



Setningarhátíð í Hofstaðaskóla í Garðabæ 2019.



Göngum í skólann er alþjóðlegt verkefni og árlega taka milljónir barna þátt víðsvegar um heiminn. Meginmarkmið Göngum í skólann er að hvetja nemendur og foreldra á Íslandi til að ganga, hjóla eða nota annan virkan ferðamáta til og frá skóla, hvetja til aukinnar hreyfingar og fræða börn um ávinning reglulegrar hreyfingar. Einnig er markmiðið að kenna reglur um öryggi á göngu og á hjóli, draga úr umferð við skóla og stuðla að betra og hreinna lofti.

Göngum í skólann 2019 var sett í Hofstaðaskóla í Garðabæ. Hafdís

B. Kristmundsdóttir skólustjóri, Práinn Hafsteinsson, formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra, Gunnar Einarsson bæjarstjóri Garðabæjar, Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Samgöngustofu ávörpuðu nemendur og gesti. Kór Hofstaðaskóla söng ásamt nemendum eitt lag áður en trúðurinn Wally frá Sirkusi Íslands steig á stökk. Að lokinni dagskrá gengu allir viðstaddir verkefnið af stað með viðeigandi hætti með því að ganga lítinn hring í nærumhverfi skólans. Alls tóku 74 grunnskólar um land allt þátt. Margir skólar tengja verkefnið við kennslugreinar eins og til dæmis stærðfræði eða náttúrufræði.

Með naumindum tókst að setja verkefnið Göngum í skólann af stað árið 2020. Gripið var til þess ráðs sökum samkomutakmarkana vegna COVID-19 faraldursins, að setja Göngum í skólann af stað utandyra. Það var gert við Breiðagerðisskóla að viðstöddum góðum gestum. Þorkell Daníel Jónsson skólustjóri, Práinn Hafsteinsson, formaður Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, borgarstjóri Reykjavíkur, Dagur B. Eggertsson, Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu og Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Samgöngustofu ávörpuðu nemendur og gesti. Lalli töframaður skemmti viðstöddum áður en allir viðstaddir gengu verkefnið formlega af stað. Alls tóku 75 skólar þátt í verkefninu árið 2020.

## Ísland á iði



Verkefnið Ísland á iði er fræðslu- og hvatningarverkefni á landsvísi sem ætlað er almenningi á öllum aldri. Ísland á iði var endurvakið á tímum COVID-19 þar sem skipulagt íþróttastarf féll niður, auk þess að sundlaugar og líkamsræktarstöðvar

lokuðu. Á Facebook síðu Ísland á iði má finna gríðarlegt magn af skemmtilegum og fjölbreyttum hugmyndum af hreyfingu og heilsuefningu.

## Hjólum í skólann



Hjólum í skólann er verkefni ætlað nemendum og kennurum framhaldsskóla landsins. Markmiðið er að vekja athygli á virkum

ferðamáta sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta. Verkefnið fór af stað í september 2013. Árið 2016 var ákveðið að hverfa frá skráningarfyrirkomulagi og breyta því í einfalt hvatningarverkefni. Frá árinu 2016, samhliða verkefninu Göngum í skólann, eru nemendur og kennarar

framhaldsskólanna hvattir til að velja virkan ferðamáta til og frá skóla. Þá eru skólastjórnendur hvattir til að huga að hjólaaðstöðu við skólana ásamt því að sveitarfélög landsins eru hvött til að huga að hreinsun stíga, lýsingu á hjólastígum og öðru er lýtur að vistvænum samgöngumáta.

## Íþróttavika Evrópu



Árið 2016 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands umsjón með Íþróttaviku Evrópu sem fram fer 23. - 30. september á hverju ári. Markmiðið með Íþróttaviku Evrópu er að kynna íþróttir og almenna hreyfingu um alla Evrópu og sporna við auknu hreyfingarleysi meðal almennings. Slagorð vikunnar er „BeActive“ eða „Vertu virkur“. Íþróttavikan er ætluð öllum óháð aldri, bakgrunni eða líkamlegu ástandi. Evrópusambandið styrkir verkefnið í gegnum Erasmus+ styrkjakkerfið.

Árið 2019 var Íþróttavika Evrópu formlega ræst í Laugardalnum þann 7. september. Gestum bauðst að taka þátt í ýmsum íþrótt- og hreyfitengdum viðburðum í Laugardalnum. Í boði var m.a. Aqua Zumba í Laugardalslaug, frísbíggj,

rathlaup, parkour, Qi-Gong, Tai-Chi, götuþökk, krikket, frjálisíþróttir og handstöðukennslu. Í heildina má áætla að um 500 manns hafi tekið þátt í deginum. Sirkus Íslands og Leikhópurinn Lotta voru á svæðinu og skemmtu gestum og gangandi sem setti skemmtilegan brag á daginn. Ýmislegt annað var í boði í íþróttavikunni, svo sem opnar æfingar hjá íþróttafélögum og ýmsir lýðheilsutengdir viðburðir.

Árið 2020 var tekin sú ákvörðun að beina sjónum að framhaldsskólanemendum landsins. Hugmyndin var kynnt á starfssdögum framhaldsskólakennara sem tóku henni fagnandi. Hugmyndin var að hvetja framhaldsskólana til að bjóða upp á heilsuviku fyrir nemendur í íþróttavikunni. Íþróttakennarar skólanna gátu sótt um styrki til ÍSÍ

til að geta boðið upp á fyrirlestra, fræðslu, kynningu á íþróttagrein eða hreyfingu eða annað sem kennarar óskuðu eftir. Vegna aðstæðna varð minna úr heilsuvikunni en ætlað var. Samkomutakmarkanir komu í veg fyrir að krakkarnir gætu mætt í skólann eða hist í margmenni. Nokkrum skólum tókst að hafa fyrirlestra á netinu og bjóða upp á gönguferðir í minni hópum.

ÍSÍ hefur tengt Íþróttaviku Evrópu við almenningsíþróttaviðburði ÍSÍ sem falla innan tímaramma verkefnisins. Vefsíða verkefnisins er [www.beactive.is](http://www.beactive.is) og þar má nálgast nánari upplýsingar. Verkefnið er líka að finna á Facebook undir BeActive Iceland. Myndir frá viðburðum Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ má finna á [www.myndir.isi.is/Almenningsithrottir](http://www.myndir.isi.is/Almenningsithrottir).



# Íþróttahreyfingin og COVID-19



Íþróttir barna og fullorðinna innan- og utandyra sem krefjast notkunar á sameiginlegum búnaði og meiri nálægðar en tveggja metra, óheimilar. Um miðjan apríl voru æfingar og keppni barna og fullorðinna heimilar fyrir allt að 50 þátttakendur í hverju rými. Heimilt er að hafa allt að 100 áhorfendur í hverju sóttbólfi að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einungis má hafa tvö sóttbólfa á hverjum viðburði.

Eins og fram kemur í framangreindum texta þá var mikill óstöðugleiki og ófyrirsjáanleiki í íþróttastarfinu frá því að faraldurinn hófst og nú í aprílmánuði 2021 eru enn takmarkanir á starfseminni.

Íþróttahreyfingin hefur brugðist hratt og vel við öllum þeim skilyrðum sem sett hafa verið á íþróttastarfið í landinu þó það hafi ekki verið sársaukalausar aðgerðir og ekki hafi alltaf ríkt fullkomin eining í hreyfingunni um þá stefnu sem tekin hefur verið af heilbrigðisyfirvöldum. Fjölmarginir samráðsfundir hafa verið haldnir, með heilbrigðisyfirvöldum, sóttvarnaryfirvöldum og almannavörnum um COVID-19 og íþróttahreyfinguna. Eins hafa samráðsfundir verið haldnir á milli eininga íþróttahreyfingarinnar eftir þörfum.

Eftir krefjandi og flókið síðastliðið ár þá er ástæða til að horfa björtum augum til framtíðar, ekki síst í ljósi þess að stjórnvöld á Íslandi hafa nú kynnt áætlun um afléttingar. Boðað er að öllum sóttvarnaaðgerðum verði aflétt í síðari hluta júnímánaðar þegar áætlað er að 75% landsmanna hafi verið bólusettrir.

Ríkisvaldið hefur stutt dyggilega við bakið á íþróttahreyfingunni á tímum COVID-19 og engin ástæða til annars en ætla að starfsemi íþróttahreyfingarinnar nái fljótt aftur upp fyrri styrk og stöðu. Með góðri samstöðu allra í hreyfingunni eru allir vegir færir.

Takmarkanir á samkomum í kórónuveirufaraldri, COVID-19, hafa með einum eða öðrum hætti haft hamlandi áhrif á íþróttastarf allt frá marsmánuði 2020. Takmarkanir hafa verið mismiklar, allt frá því að íþróttastarf hefur verið heimilt með ákveðnum skilyrðum og yfir í að allt íþróttastarf hefur verið óheimilt með öllu, bæði á öllu landinu sem og á tímabili einungis á höfuðborgarsvæðinu. Strax í mars voru settar takmarkanir á íþróttastarfið og frá 24. mars og fram í byrjun maí féll allt íþróttastarf niður sem fól í sér snertingu eða meiri nálægð en tvo metra á milli iðkenda. Í maímánuði rofaði til og íþróttastarf var leyft, þó með takmörkunum væri. Í lok júlí voru sóttvarnaaðgerðir hertar að nýju, þ.e. ekki var heimilt að æfa og keppa í íþróttum sem fela í sér snertingu. Um miðjan ágúst var svo heimilt að hefja æfingar og keppni. Í september var sett ákvæði í reglugerð heilbrigðisráðherra um að sérsambönd ÍSí skuli setja reglur fyrir viðkomandi íþróttagrein varðandi framkvæmd æfinga og keppni, í samráði við ÍSí og sóttvarnalækni. Reglur sérsambanda skulu uppfærðar í takt við gildandi reglugerðir hverju sinni. ÍSí stillir upp sniðmáti í samráði við sóttvarnalækni sem sérsambönd nýta sem ramma fyrir sínar reglur.

Í september voru einnig æfingar og keppnir heimilar með snertingu, en virða þurfti nándarmörk og sóttvarnir utan æfinga- og keppnissvæða. Heimilt var að hafa áhorfendur en þó með takmörkunum. Í byrjun október giltu sömu takmarkanir og í september en með þeirri breytingu að áhorfendur voru bannaðir á leikjum innandyra. Í október voru aðgerðir hertar enn frekar á höfuðborgarsvæðinu vegna fjölgunar á smitum á því svæði. Biðlaði sóttvarnalæknir til íþróttahreyfingarinnar um að gert yrði hlé á öllum íþróttæfingum og keppnum á höfuðborgarsvæðinu og varð íþróttahreyfingin við þeirri beiðni. Mótahaldi sérsambanda var þá almennt frestað. Í lok október var allt íþróttastarf óheimilt á öllu landinu. Um miðjan nóvember var íþróttastarf barna á leik- og grunnskólaaldri aftur leyft og í desember 2020 var afreksíþróttafólki og efstu og næst efstu deildum sérsambanda ÍSí heimilt að æfa án snertingar. Frá 13. janúar 2021 var íþróttastarf innan og utandyra heimilt með snertingu, allt að 50 þátttakendur í hverju rými. Keppni var heimil án áhorfenda. Frá 24. febrúar var heimilt að hafa áhorfendur á íþróttaviðburðum með ákveðnum skilyrðum og fjöldatakmark 200 manns í hverju sóttbólfi. Í mars voru

# Evrópuleikar 2019



Hluti af íslensku þátttakendum á Evrópuleikum í Minsk.



Evrópuleikarnir fóru fram í borginni Minsk í Hvíta-Rússlandi þann 21.-30. júní. Keppt var í 15 íþróttagreinum og átti Ísland sjö keppendur í badminton, júddó, fimleikum, bogfimi og skotíþróttum. Í átta greinum af þeim 15 sem keppt var í gátu keppendur náð lágmarkum á Ólympíuleikana í Tókýó í Japan.

Þetta var í annað sinn sem leikarnir voru haldnir, en fyrstu Evrópuleikarnir fóru fram árið 2011 í Azerbaidjan. Allir strákarnir í hópnum fyrir þessa Evrópuleika kepptu einnig á fyrstu Evrópuleikunum. Þeir voru Ásgeir Sigurgeirsson og Hákon Þór Svavarsson í skotíþróttum, Sveinbjörn Jun lura í júddó, Kári Gunnarsson í badminton og Valgarð Reinhardsson í áhaldafimleikum. Stelpurnar sem kepptu voru Agnes Suto-Tuuha í áhaldafimleikum og Eowyn Marie Albuo Mamalias í bogfimi.

Tveir íslenskir dómarar voru að störfum á leikunum á vegum alþjóðlegra sérsambanda en þau Hlín Bjarnadóttir og Björn Magnús Tómasson dæmdu keppni í áhaldafimleikum.

Setningarhátíðin var í anda Ólympíuleika með sögulegu ívafi, tónlist og íþróttum. Hinn nýuppgerði Dinamo leikvangur í miðbæ Minsk skapaði skemmtilega umgjörð sem sýndi sögulegan leikvang í bland við nýjustu tækni og viðbyggingar. Ásgeir Sigurgeirsson var fánaberi íslenska hópsins.

Íslensku keppendurnir háðu keppni við marga af fremsta íþróttafólki í Evrópu og stóðu sig með þryði. Eowyn Marie Albuo Mamalias hafnaði í 16. sæti í útsláttarkeppni í bogfimi með skorið 632. Eowyn sló með árangri sínum Íslandsmet í undankeppni í U18 og U21 flokki sem var áður 616 stig. Hún vakti mikla athygli fyrir árangurinn sinn sem yngsti keppandinn í bogfimeppninni. Í keppni í 10m loftbyssu skaut Ásgeir Sigurgeirsson 565 stig og hafnaði í 32. sæti af 36 keppendum. Sveinbjörn Jun

lura keppti í -81 kg. flokki í júddókeppni en í 32 manna úrslitum tapaði hann glímunni og lauk með því keppni hjá honum. Kári Gunnarsson lék þrjá leiki í riðlakeppninni í badminton og tapaði þeim naumlega, en í þriðja leiknum varð hann að hætta keppni vegna meiðsla. Hákon Þór Svavarsson lauk keppni í leirdúfuskotfimi (skeet) með 109 af 125 stigum og varð í 26. sæti af 29 keppendum. Í áhaldafimleikum endaði Valgarð Reinhardsson í 27. sæti af 49 keppendum í fjölþrautinni með 73.364 stig. Agnes Suto-Tuuha endaði í 28. sæti af 42 keppendum í fjölþrautinni með 46.499 stig.

Lokahátíð Evrópuleikanna fór fram þann 30. júní, á Dinamo leikvanginum. Dans- og söngatriði lokahátíðarinnar voru glæsileg og fór einnig mögnuð flugeldasýning fram. Valgarð Reinhardsson var fánaberi íslenska hópsins.

Næstu Evrópuleikar fara fram í Krakow í Póllandi sumarið 2023.

# Vetrarólympíuleikar ungmenna í Lausanne 2020



Þátttakendur á Vetrarólympíuleikum ungmenna í Lausanne.

Þriðju Vetrarólympíuleikar ungmenna fóru fram í Lausanne í Sviss dagana 9. til 22. janúar 2020. Ólympíuleikar ungmenna eru ætlaðir fyrir ungt afreksfólk í íþróttum á aldrinum 15 til 18 ára. Keppt er í mörgum greinum og skiptast leikarnir í sumarleika og vetrarleika eins og Ólympíuleikarnir. Fyrstu vetrarleikarnir fóru fram 2012 í Innsbruck í Austurríki og aðrir leikarnir í Lillehammer í Noregi 2016. Ísland hefur í bæði skiptin sent þátttakendur á leikana.

Á þeim 13 dögum sem keppnin fór fram var 81 viðburður á dagskrá á átta keppnisstöðum. 1.880 keppendur tók þátt og kynjahlutfall var jafnt, 940 stúlkur og 940 piltar, kepptu á leikunum. Er þetta fyrstu vetrarleikarnir á vegum Alþjóða-ólympíunefndarinnar með jafnt kynjahlutfall keppenda. Ísland tefldi fram tveimur keppendum í skíðagöngu og tveimur keppendum í alpagreinum í jöfnum kynjahlutföllum. Auk þess tóku þátt þjálfarar, flokkstjórar og aðalfararstjóri. Keppni raðaðist þannig niður að alpagreinar voru í fyrri hluta leikanna en skíðaganga í þeim seinni.

Setningarhátíð þriðju Vetrarólympíuleika ungmenna fór fram 9. janúar í Vaudoise skautahöllinni í Lausanne. Fánaberi við setningarhátíðina var Aðalbjörg Lilly Hauksdóttir keppandi í alpagreinum en mikið var um dýrðir við setninguna.

Keppendur stóðu sig með ágætum í báðum hlutum keppinnar. Í risasvigi fór fram ein umferð. Hjá stúlkum lauk Aðalbjörg Lilly Hauksdóttir keppni í 34. sæti á tímanum 1:00,51 en 62 stúlkur voru skráðar til þátttöku og luku 50 þeirra keppni. Hjá piltunum lauk Gauti Guðmundsson keppni í 51. sæti á tímanum 1:01,32 en 63 piltar voru skráðir til þátttöku og luku 57 þeirra keppni. Í svighluta tvíkeppni alpagreina skíðaði Gauti á 36,85 sekúndum sem var 29. besti árangur í sviginu. Í heildina varð hann því í 31. sæti í tvíkeppninni. Aðalbjörg Lilly féll í sviginu og lauk því ekki keppni. Tvíkeppni er samanlagður árangur úr risasvigskeppni og svigkeppni. Aðalbjörg Lilly tók þátt í stórsvigskeppni stúlkna en því miður hlekkist henni á í fyrri umferð og féll úr leik. Af 78 stúlkum í keppninni náðu einungis 37 þeirra að klára báðar ferðirnar. Í seinni umferðinni

náði Gauti 27. besta tímanum og endaði í 29. sæti samanlagt. Keppni í alpagreinum lauk með svigkeppni. Féllu báðir íslensku keppendurnir úr leik án þess að ljúka keppni.

Í skíðagöngu tók Einar Árni Gíslason þátt í skíðakrossi og endaði á tímanum 5:34,76 í 78. sæti. Veikindi hömluðu Lindu Rós Hannesardóttur þátttöku í sprettgöngu.

Síðasta keppnisgrein í skíðagöngunni var skíðaganga með hefðbundinni aðferð. Stúlkurnar kepptu í 5 km göngu og varð Linda Rós í 68. sæti á tímanum 20:13.6. Drengirnir kepptu í 10 km göngu og varð Einar Árni í 73. sæti á tímanum 36:15.4.

Fánaberi fyrir Íslands hönd við lokaathöfnina var Einar Árni Gíslason keppandi í skíðagöngu.

Næstu Vetrarólympíuleikar ungmenna verða haldnir 2024 í Gangwon í Suður-Kóreu.



# Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Bakú 2019



Íslensku þátttakendurnir mættir til Bakú.

Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar fór fram í Bakú í Azerbaidjan 21. til 27. júlí. Hátíðin er ætluð ungmendum á aldrinum 14-18 ára. Keppnisgreinar á hátíðinni voru frjálsþróttir, körfuknattleikur, hjólreiðar, fimleikar, handknattleikur, júdó, sund, tennis og blak. Að þessu sinni var einnig keppt í grísk-rómverskri glímu. Keppendur komu frá 50 Evrópuþjóðum og voru þátttakendur um 3.600 talsins. Ísland tefldi fram 34 keppendum, 23 strákum og 11 stelpum, sem kepptu í frjálsþróttum, fimleikum, handknattleik, sundi og hjólreiðum. Þá fylgdu hópnum liðsstjórar, þjálfarar, sjúkrahjálpari og fararstjórar auk eins aðila sem fór sem ungur sendiherra. Þrír íslenskir dómarar störfuðu einnig á hátíðinni, einn í fimleikum og tveir í handknattleik.

Setningarhátíð Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar fór fram að kvöldi 21. júlí í Kristallshöllinni í Bakú. Fánaberi Íslands var frjálsþróttakonan Birna Kristín Kristjánsdóttir sem var í fararbroddi við inngöngu íslenska íþróttafólksins. Eldur leikanna var tendraður og fulltrúar íþróttafólks, dómara og þjálfara strengdu

drengskaparheit. Gestir ávörpuðu hátíðina auk þess sem boðið var upp á skemmtidagskrá sniðna að þátttakendum hátíðarinnar.

Íslensku keppendurnir stóðu sig með þrýði í keppninni og bættu nokkur þeirra árangur sinn í einstaklingsgreinum. Kristján Viggó Sigfinnsson átti tólfta besta árangur í hástökki þeirra pilta sem komust í úrslit en hann er á yngra ári sem gerir árangur hans eftirtektarverðari. Eva María Baldursdóttir var hársbreidd frá því að komast í úrslit hástökskeppni stúlkna. Elísabet Rut Rúnarsdóttir keppti til úrslita í sleggjukasti en því miður voru öll köst hennar ógild. Óliver Máni Samúelsson keppti í 100 metra hlaupi pilta og hljóp á tímanum 11,06 s. sem er bæting á hans besta árangri og endaði hann í tíunda sæti. Í 400 metra skriðsundi synti Kristín Helga Hákonardóttir á tímanum 4:32,14 sem er um tveggja sekúndna bæting á hennar besta árangri og varð í 26. sæti af 42 keppendum en Thelma Lind Einarsdóttir varð í 40. sæti. Í tímatöku hjólreiða varð Bergdís Eva Sveinsdóttir í 62. sæti og Natalia Erla Cassata í 73. sæti en alls tóku 75 stúlkur þátt í

hífandi roki. Hjá drengjunum endaði Matthías Schou Matthíasson í 88. sæti af 90. keppendum. Í liðakeppni karla á áhaldafimleikum varð Jónas Ingi Þórisson í 42. sæti, Ágúst Ingi Davíðsson varð í 67. sæti og Dagur Kári Ólafsson í 74. sæti. Alls tóku 76 piltar þátt í liðakeppninni. Í liðakeppni stúlkna í fimleikum endaði Laufey Birna Jóhannsdóttir í 67. sæti, Guðrún Edda Min Harðardóttir í 73. sæti og Hildur Maja í sæti 74. Alls tóku 79 stúlkur þátt í liðakeppninni. Handknattleikslíð drengja hafnaði í 5. sæti.

Lokaathöfn hátíðarinnar fór fram 27. júlí, einnig í Kristallshöllinni. Þar var slökkt á eldi leikanna, fáni leikanna dreginn niður og afhentur næsta gestgjafa.

Næsta Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar verður haldin í Banská Bystrica í Slóvakíu 2022.

# Smáþjóðaleikarnir í Svartfjallalandi 2019



Íslenski hópurinn á leið á Smáþjóðaleika.

Smáþjóðaleikarnir 2019 fóru fram í Svartfjallalandi dagana 27. maí til 1. júní. Þátttökurétt á Smáþjóðaleikunum eiga þjóðir með íbúatölu undir einni milljón, en þær eru: Andorra, Ísland, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó og San Marínó, sem hafa verið með allt frá byrjun. Svartfjallaland tók þátt í fyrsta sinn á Smáþjóðaleikunum árið 2011 og var nú í fyrsta sinn gestgjafi leikanna. Slagorð leikanna var „Be fair by nature“, en Svartfjallaland er hluti af áætluninni „Grænir leikar“ sem styrkt er af Ólympíusamhjálpinni, þar sem markmiðið er að koma á fót sjálfbærum íþróttaviðburði.

Þátttakendur Íslands voru samtals 185 þar af voru 60 kvenkyns keppendur og 60 karlkyns keppendur. Íslendingarnir tóku þátt í átta íþróttagreinum af tíu sem keppt var í á leikunum en slepptu þátttöku í boules og strandblaki. Keppnisgreinarnar tíu voru; frjálsíþróttir, sund, júdó, skotíþróttir, tennis, borðtennis, körfuknattleikur, boules, blak og strandblak.

Setningarhátíð leikanna fór fram að kvöldi 27. maí. Guðbjörg Jóna Bjarnadóttir, frjálsíþróttakona, var fánaberi Íslands. Þema setningarhátíðarinnar voru hápunktarnir úr sögu Svartfjallalands og var áhorfandinn leiddur í gegnum

söguleg atvik með söng og dansi. Hátíðin fór fram fyrir framan borgarmúrinn í gamla bæjarhluta Budva og var umgjörðin glæsileg. Forseti Evrópsku Ólympíunefndarinnar (EOC) Janez Kocijancic og forsætisráðherra Svartfjallalands Dusko Markovic héldu ávarp. Handboltakonan Bojana Popovic kveikti á Ólympíueldinum.

Íslenskir keppendur stóðu sig mjög vel á leikunum og hafnaði Ísland í 3. sæti á verðlaunatöflunni með 55 verðlaun, þar af 19 gullverðlaun. Lúxemborg var á toppi töflunnar með 78 verðlaun, þar af 26 gull. Kýpur var í 2. sæti með 64 verðlaun. Mónakó var í 4. sæti með 47 verðlaun.

Smáþjóðaleikarnir hafa nú verið haldnir tvisvar sinnum í öllum löndum þátttökupjóðanna, fyrir utan Svartfjallaland, og hófst þriðja umferðin með leikunum 2017. Næstu Smáþjóðaleikar áttu að fara fram í Andorra árið 2021 en var hætt við leikana vegna COVID-19.

Möltu hefur verið úthlutað Smáþjóðaleikunum árið 2023.

	GULL	SILFUR	BRONS	ALLS
<b>Sund</b>	9	2	10	21
<b>Frjálsíþróttir</b>	9	9	8	26
<b>Júdó</b>	0	1	3	4
<b>Skotíþróttir</b>	1	0	0	1
<b>Körfuknattleikur</b>	0	1	1	2
<b>Blak</b>	0	0	1	1
<b>Strandblak</b>	0	0	0	0
<b>Borðtennis</b>	0	0	0	0
<b>Tennis</b>	0	0	0	0
<b>Boules</b>	0	0	0	0

# Afreksbúðir ÍSÍ

Á árinu 2020 voru Afreksbúðir ÍSÍ endurvaktar, en að þessu sinni eingöngu á rafrænan hátt. Um er að ræða vettvang fyrir afreksíþróttafni sérsambanda, þ.e. þá aðila sem sérsambönd velja til að fá frekari fræðslu frá ÍSÍ. Þannig voru rafræni fyrirlestrar haldnir fyrir 15-18 ára ungmenni sem tilnefnd voru af öllum sérsamböndum ÍSÍ. Frá nóvember 2020 til mars 2021 fóru fram sex fyrirlestrar sem fjölluðu um átta málefni sem höfðu til ungs og upprennandi íþróttafólks. Var ánægulegt að fylgjast með hve margir tóku þátt í fyrirlestrunum og komu þeir aðilar frá fjölda sérsambanda ÍSÍ.

Fyrirhugað er að halda áfram að bjóða upp á Afreksbúðir ÍSÍ á komandi



Rafrænn fyrirlestur um fjármálafræðslu.

misserum og þá jafnt á rafrænan hátt sem og með staðbundnum hætti. Uptaka af fyrirlestrunum ásamt glærum eru öllum opnir

og aðgengilegir á heimasíðu ÍSÍ (Afreksíþróttir/afreksbúðir ÍSÍ).

# Afreksstyrkir Ólympíusamhjalparinnar

ÍSÍ og íþróttahreyfingin á Íslandi nýtur styrkja Ólympíusamhjalparinnar, en hluti sjónvarpstekna frá Ólympíuleikum fer í að styrkja skilgreind verkefni um allan heim og heldur Ólympíusamhjalp Alþjóðaólympíunefndarinnar (Olympic Solidarity) utan um þá styrki.

Í tengslum við afreksíþróttir eru veittir styrkir til sérsambanda vegna einstaklinga sem eru að reyna að vinna sér inn þátttökurétt á Ólympíuleika og hefur ÍSÍ notið styrkja fyrir átta íþróttamenn vegna undirbúnings fyrir Sumarólympíuleika 2020 í Tókýó auk þess að karlalandslið Íslands í handknattleik naut styrkja Ólympíusamhjalparinnar fyrir sama verkefni fram á vorið 2020. Þegar Ólympíuleikunum var frestað til ársins 2021 var styrktímabilið lengt um eitt ár til viðbótar og skipta þessir styrkir miklu máli gagnvart undirbúningsi og þátttöku íþróttafólksins. Þessir aðilar eru:

- Aníta Hinriksdóttir / Frjálsíþróttasamband Íslands
- Anton Sveinn McKee / Sundsamband Íslands
- Ásgeir Sigurgeirsson / Skotíþróttasamband Íslands
- Eygló Ósk Gústafsdóttir / Sundsamband Íslands (fram á sumar 2020)
- Guðlaug Edda Hannesdóttir / Þríþrautarsamband Íslands
- Hilmar Örn Jónsson / Frjálsíþróttasamband Íslands
- Snæfríður Sól Jórunnardóttir / Sundsamband Íslands (frá hausti 2020)
- Valgarð Reinhardsson / Fimleikasamband Íslands
- Þuríður Erla Helgadóttir / Lyftingasamband Íslands
- Baldur Vilhelmsson, snjóbretti
- Benedikt Friðbjörnsson, snjóbretti
- Hólmfríður Dóra Friðgeirsdóttir, alpagreinar
- Isak Stianson Pedersen, skíðaganga
- Krístrún Guðnadóttir, skíðaganga
- Snorri Einarsson, skíðaganga
- Sturla Snær Snorrason, alpagreinar

Allir þessir styrkir Ólympíusamhjalparinnar eru veittir til sérsambanda en ekki beint til viðkomandi einstaklinga, enda halda sérsambönd ÍSÍ síðan utan um verkefni og kostnað íþróttamanna og hópa.

Þá hafa fengist styrkir í tengslum við undirbúning fyrir Vetrarólympíuhátíð evrópuæskunnar, afreksbúðir ÍSÍ, þátttöku Íshökkísambands Íslands í forkeppni Vetrarólympíuleika og vegna undirbúnings og þátttöku í Sumar- og Vetrarólympíuleikum sem og Vetrarólympíuleikum ungmenna 2020.

Sjö aðilar frá Skíðasambandi Íslands hafa notið styrkja frá nóvember 2019 vegna undirbúnings fyrir Vetrarólympíuleikana í Peking 2022. Þeir eru:



# Samstarf við sérsambönd ÍSÍ vegna afreksmála

Fyrir Íþróttáþing ÍSÍ 2019 var kallað til málþings um afreksíþróttir og fór það fram í mars 2019. Þar tóku þátt fulltrúar og starfsmenn sérsambanda, stjórnarfolk Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ ásamt starfsmönnum sviðsins. Málþingið fjallaði um þrjú málefni þ.e. umhverfi afreksíþróttafólks, umhverfi sérsambanda og umhverfi afreksíþróttta. Þátttakendur tóku virkan þátt í líflegri og uppbyggilegri umræðu sem nýtist ÍSÍ við áframhaldandi stefnumótun afreksmála og þeim breytingum sem gerðar voru á Afreksstefnu ÍSÍ á árinu 2019.

Umræðan á málþinginu hélt svo áfram að hluta til í verkefnum þriggja vinnuhópa ÍSÍ sem voru stofnaðir í byrjun janúar 2020 en megin markmið hópanna var að fjalla um fjölmörg atriði sem snúa að Afreksstefnu ÍSÍ. Sérsambönd gátu tilnefnt fulltrúa í vinnuhópana en í forsvari hvers hóps var stjórnarfolk Afreks- og Ólympíusviðs og starfsmaður ÍSÍ starfaði með hverjum hóp. Vinnuhóparnir fengu til umfjöllunar hver sitt málefni sem voru: skólamál, umhverfi afreksíþróttafólks og tryggingamál afreksíþróttafólks en


verkefni þeirra var að greina stöðu og þarfir viðkomandi málefna. Til að fá skýrari mynd af afstöðu afreksíþróttafólks og sérsambanda var ákveðið að senda rafrænar kannanir frá tveimur vinnuhópum til afreksíþróttafólks sérsambanda með milligöngu sérsambanda. Þriðja könnunin var síðan send til allra sérsambanda og bárust svör frá þeim öllum. Niðurstöður kannana koma fram í skýrslum vinnuhópanna sem fara í frekari úrvinnslu innan Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ, með það markmið að bæta enn frekar umhverfi afreksíþróttastarfsins.

Samstarf Afreks- og Ólympíusviðs og sérsambandanna er margþætt en mörg verkefnanna eru sviðuð á milli ára og fela í sér fundarhöld eða skil á gögnum. Eftir að COVID-19 tímabilið hófst hefur fundarhald færst yfir á rafrænt form. Að minnsta kosti tvisvar á ári fara fram stöðufundir með fulltrúum hvers sérsambands, stjórnarfolki Afreks- og Ólympíusviðs og starfsfolki sviðsins þar sem farið er yfir helstu starfsemi hvers sérsambands gagnvart afreksstarfi. Jafnframt eru reglulega haldnir sameiginlegir fundir sérsambanda þar

sem sérsamböndum er skipt í flokka samkvæmt flokkun Afrekssjóðs ÍSÍ, þ.e. A, B og C flokkuð sérsambönd. Þar ræða fulltrúar sérsambandanna um sína reynslu af farsælum eða nýjum verkefnum á sínum vegum, skiptast á skoðunum um afreksmál og upplýsingum er komið á framfæri. Þessir fundir hafa reynst öllum aðilum mikilvægir og til framdráttar á margan hátt.

Árleg skil á gögnum til Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá sérsamböndum eru ýmis konar. Eitt verkefnið snýr að skilum á gögnum um umfang landsliðsverkefna sérsambanda þar sem upplýsingar eru um þátttakendur í öllum landsliðsverkefnum og hvar í heiminum þau fara fram auk fleiri atriða. Þessi verkefnaskil hafa átt sér stað frá árinu 2017 og er árlega tekin saman ýmis konar tölfræði og gerður samanburður milli ára. Með tímanum hefur byggst upp gagnagrunnur um umfang afreksíþróttastarfs sérsambanda og nýtist ÍSÍ t.d. í skýrslu til ríkisvaldsins um framvindu afreksíþróttastarfsins og til gagnaúrvinnslu í skýrslur ÍSÍ.

## Keppendur í landsliðsverkefnum 2017 - 2020



# Afreksstefna ÍSÍ

Á Íþróttapingum ÍSÍ hefur Afreksstefna ÍSÍ verið til umræðu og hún uppfærð miðað við áherslur og þarfir íþróttahreyfingarinnar. Starfsemi Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ byggir á innihaldi stefnunnar og er þannig verið að vinna að ýmsum þáttum hennar og lögð áhersla á samskipti við helstu samstarfsaðila, miðlun upplýsinga og samvinnu sérsambanda bæði innbyrðis og við ÍSÍ. Hér á eftir er fjallað um nokkur markmið stefnunnar og þeim aðgerðum sem ÍSÍ hefur komið að á undanförunum misserum.

- Lögð hefur verið vinna í að aðstoða sérsambönd við mótun afreksstefna og aðgerðaráætlan vegna þeirra. Með reglulegum fundum hefur verið veitt aðhald varðandi áherslur í starfi sérsambanda og í tengslum við umsóknir til Afrekssjóðs ÍSÍ er gætt að sérsambönd ÍSÍ séu með skýr markmið varðandi afreksstarfið og skilgreint sé í afreksstefnu sérsambands hvernig afrek eru skilgreind innan viðkomandi sérsambands.
- Alþjóðleg mót hafa verið skilgreind í samvinnu við sérsambönd og þær skilgreiningar notaðar í tengslum við umsóknir til Afrekssjóðs ÍSÍ og skýrslugerð varðandi þátttöku Íslands í alþjóðlegum verkefnum.
- Enn er unnið að eflingu Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ (AMÍ)

og um leið að því að móta enn frekari tengingar við aðila sem geta komið að heilbrigðisþáttum og íþróttamælingum í samstarfi við sérsambönd og ÍSÍ. Nokkur sérsambönd hafa skráð íþróttamælingar í gagnagrunn AMÍ og aukið þann þátt í sínu starfi. Fjöldmörg sérsambönd hafa samið við háskóla eða aðra þjónustuaðila gagnvart mælingum og þjónustu fyrir afreksíþróttastarfið og má segja að stór skref hafi verið tekin á undanförunum árum.

- ÍSÍ hefur árlega kallað eftir upplýsingum frá sérsamböndum um þátttakendur í afreksíþróttastarfi og fylgst með árangri þeirra á stórmótum og er verið að vinna úr þeim upplýsingum frekari gögn til að nota við stefnumótun í afreksíþróttastarfi. Þessar upplýsingar birtast m.a. í ársskýrslu Afrekssjóðs ÍSÍ sem finna má á heimasíðu ÍSÍ.
- Gagnvart íþróttamannvirkjum var farið í mikla gagnasöfnun í tengslum við vinnuhóp á vegum ÍSÍ sem starfið á árinu 2019 og 2020. Ítarlega skýrsla um þessa þætti er aðgengileg á heimasíðu ÍSÍ og fjallar hún þannig um þá þætti sem mæla þarf samkvæmt Afreksstefnu ÍSÍ.
- Gagnvart fræðslu og rannsóknnum þá hefur Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ m.a. staðið fyrir Afreksbúðum þar sem ungt íþróttafólk sérsambanda hefur fengið

fræðslu um málefni sem tengjast afreksíþróttum, t.d. svefni, markmiðasetningu, meiðslum og tímastjórnun. Reglulega er farið í samstarfi við nema frá háskólasamfélaginu sem eru að vinna að rannsóknum í tengslum við íþróttastarfið.

- ÍSÍ sendi út nokkrar kannanir á síðustu misserum til afreksíþróttafólks þar sem spurðar voru spurningar sem snúa að námi, framfærslumálum, tryggingum o.fl. Er það markmið ÍSÍ að efla þennan þátt enn frekar og fylgjast þannig betur með hagsmunamálum afreksíþróttafólks.

Eitt mikilvægasta markmiðið í Afreksstefnu ÍSÍ er að hægt sé að veita afreksíþróttafólki/flokkum fjárhagslegan stuðning. Framlag ríkisins til Afrekssjóðs ÍSÍ hefur aukist margfalt frá árinu 2016 og hefur aukningin verið mikilvæg fyrir mörg sérsambönd, íþróttafólkið og afreksíþróttastarfið allt. Áherslur næstu missera verða í tengslum við umhverfi afreksíþróttafólksins, þ.e. að bæta enn frekar þá þætti sem snúa að íþróttafólkinu sjálfu, sem og að efla aðkomu Afreksíþróttamiðstöðvar ÍSÍ með frekari mælingum í tengslum við afreksíþróttastarf og bættu aðgengi að sérfræðingum og heilbrigðisstarfsfólki. Betri árangur í afreksíþróttastarfi næst með samvinnu allra þeirra sem koma að afreksíþróttastarfinu.



# Ólympískir viðburðir verða fyrir áhrifum heimsfaraldurs

COVID-19 heimsfaraldurinn hefur haft mikil áhrif á þau erlendu verkefni sem ÍSÍ tekur jafnan þátt í. Sumarólympíuleikarnir í Tókýó áttu að fara fram á árinu 2020 og var þeim frestað um eitt ár, eða til sumarsins 2021.

Ólympíuleikar ungmenna áttu að fara fram í Dakar í Senegal á árinu 2022, en þeim var frestað til ársins 2026. Leikarnir verða fyrstu leikar Alþjóðaólympíunefndarinnar sem fara fram í Afríku.

Þar sem Sumarólympíuleikunum var frestað um eitt ár tók Evrópusamband Ólympíunefnda (EOC) ákvörðun um að fresta Sumarólympíuhátíð

Evrópuæskunnar sem átti að fara fram í júlí 2021 um eitt ár, eða til sumarsins 2022. Fer hátíðin fram í Banská Bystica í Slóvakíu. Jafnframt var Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar frestað, fyrst til desember 2021, en svo fram til mars 2022. Hátíðin fer fram í Voukatti í Finnlandi.

Heimssamband Ólympíunefnda (ANOC) hafði áætlað að halda Heimsstrandaleika ANOC sumarið 2021, en fyrstu leikarnir fóru fram 2019 og hefur verið unnið að því að halda slíka leika annað hvert ár. Ákveðið var að halda ekki leika á árinu 2021 heldur stefna að næstu leikum árið 2023. Enn á eftir að ákveða hvar þeir verða haldnir.

Smáþjóðaleikar Evrópu (GSSE) voru fyrirhugaðir í Andorra á árinu 2021, en þeim var aflýst og verða næstu leikar ekki fyrr en 2023 og þá á Mólto. Reiknað er með því að Andorra haldi hins vegar leikana 2025.

Auk þessa hafa fjölmargir viðburðir alþjóðasársambanda fallið niður eða þeim verið frestað og eru það oft viðburðir sem hafa áhrif á möguleika afreksíþróttafólks til að vinna sér þátttökurétt á enn stærri viðburði, s.s. Ólympíuleika, eða vinna sér stig á heimslista viðkomandi alþjóðasársambands.

## Ólympíuleikar – Tókýó 2020



Sumarólympíuleikarnir í Tókýó verða án efa ólíkir öllum fyrri Ólympíuleikum. Fresta þurfti leikunum um eitt ár vegna heimsfaraldurs og verða haldnir 23. júlí til 8. ágúst 2021. Lágmarkatímabil hafa verið færð í fjölmörgum íþróttgreinum sem og þau mót þar sem keppt er um þátttökurétt á leikunum. Það mun því ekki liggja fyrir fyrr en í lok júní 2021 hvaða keppendur taka þátt fyrir hönd Íslands.

Undirbúningur er undir miklum áhrifum af COVID-19 heimsfaraldurinum og hafa íslenskir keppendur þurft að bregðast við erfiðum áskorunum á síðustu mánuðum. Átta íslenskir keppendur voru á leikunum 2016 og er vonast til þess að svipaður fjöldi keppenda nái að vinna sér inn keppnisrétt á leikana í Tókýó. Ísland mun eiga keppendur í sundi

og frjálsíþróttum, en óvissa ríkir um þátttöku í öðrum greinum.

Strangar reglur munu gilda á leikunum gagnvart mjög mörgum þáttum og verða til dæmis miklar takmarkanir gagnvart áhorfendum og gestum. Keppendur og aðrir þátttakendur munu búa við mjög stífar reglur sem snúa að aðgengi að íþróttamannvirkjum og Ólympíuþorpi og þurfa jafnframt að fylgja ítrustu sóttvarnarreglum og fara reglulega í skimun fyrir COVID-19. Fyrir leikana verða þátttakendur í æfingabúðum í útjaðri Tókýó, í sveitarfélagi sem heiti Tama City og nota þar aðstöðu Kokushikan háskólans til æfinga. ÍSÍ og Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) hafa valið þann stað fyrir íslenska hópinn og mun hópurnir nýta æfingabúðirnar til að aðlaga sig að tímamismun og loftslagi.



## Heiðursforseti ÍSÍ á Smáþjóðaleikum

Ellert B. Schram, Heiðursforseti ÍSÍ, var gestur ÍSÍ á Smáþjóðaleikunum í Svartfjallalandi 2019 og fylgdist þar með íslenska hópnum í keppni á leikunum. Ellert var ötull að fara á milli keppnisstaða og fylgjast með íþróttaviðburðum. Á myndinni er hann í sundhöllinni í Podgorica, höfuðborg Svartfjallalands að fylgjast með keppni í sundi, eftir að hafa horft á Íslenska kvennalandsliðið í blaki vinna góðan sigur á San Marínó í Budva. „Ég er þakklátur ÍSÍ fyrir að gefa mér tækifæri til að sækja leikana. Ég fór síðast á Smáþjóðaleika fyrir um það bil 20 árum, þegar ég var forseti ÍSÍ, og nýt þess að fá aftur tækifæri til

að sækja þessa skemmtilegu leika. Það er yndislegt að fylgjast með öllu unga fólkinu hér sem er að standa sig vel í þeim öllum þeim mörgu íþróttagreinum sem leikarnir bjóða upp á. Það er líka skemmtilegt að upplifa að það koma alltaf nýjar og nýjar kynslóðir af efnilegu og góðu íþróttafólki. Ég nýt þess að vera hér innan um kunningja úr íþróttahreyfingunni og ekki síður fulltrúa stjórnar ÍSÍ og starfsfólk ÍSÍ, sem heldur vel utan um íslenska hópinn. Ég er afar hreykinn og stoltur af þessu öllu,“ sagði Ellert sem sjálfur sást skokkandi léttfættur í Budva undan rigningarskúrum sem komu



og fóru með jöfnu millibili á meðan á leikunum stóð.

## Fulltrúar ÍSÍ í nefndum Evrópusambands Ólympíunefnda (EOC)



Þrjú Íslendingar voru skipaðir í nefndir á vegum EOC fyrir tímabilið 2017-2021.

Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ var skipaður í EOC EU Commission og Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti ÍSÍ var skipaður í EOC Environment and Sport for All.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ, sem kjörin var í framkvæmdastjórn EOC fyrir kjörtímabilið 2017-2021, sat í European Games Commission fyrir Evrópuleikana í Minsk 2019 og EYOF Baku 2019 Co-commission. Líney Rut er fulltrúi EOC í Ólympíuakademíu EOC.

## Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ

Afreksíþróttamiðstöð ÍSÍ (AMÍ) er vettvangur íþróttamælinga og þjónustu við sérsambönd ÍSÍ og afreksíþróttafólk. Starfsemi miðstöðvarinnar lýtur meðal annars að því að efla þátt heilbrigðisteymis og mælinga í daglegu afreksstarfi sérsambanda, stuðla að bættum árangri og að fyrirbyggja meiðsli í tengslum við afreksíþróttir.

AMÍ starfrækir skráningarkerfi fyrir íþróttamælingar og fer

sérsamböndum fjölgandi sem nota kerfið til að halda miðlægt utan um íþróttamælingar hjá sínu afreksíþróttafólki. Jafnframt getur hver íþróttamaður fylgst með framvindu sinna mælinga á heimasíðu skráningarkerfisins.

Sérsamböndin sjá ávinning af því að skrá niðurstöður eldri íþróttamælinga í skráningarkerfið til að safna gögnum á einn stað og er aðgengi að upplýsingunum

alltaf til staðar fyrir starfsfólk sérsambandanna. Með því móti verður til miðlægur grunnur með niðurstöðum íþróttamælinga til nokkurra ára sem stuðlar að marktækari gögnum fyrir sérsamböndin og íþróttafólkið að vinna eftir.

Unnið er að því að efla starfsemi AMÍ enn frekar og er þar verið að skoða aðgengi fyrir sérsambönd að fagaðilum og tengda þætti.

## Aðalfundir Smáþjóðaleika 2019 og 2020



Aðalfundur GSSE, samtaka þeirra þjóða sem eiga þátttökurétt á Smáþjóðaleikum, fór fram í Budva í Svartfjallalandi 27. maí 2019. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti og Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri sóttu fundinn fyrir hönd Íslands.

Á fundinum var farið yfir ýmis atriði varðandi Smáþjóðaleikana, sem settir

voru síðar þennan sama dag í miðbæ Budva. Einnig var kynning á næstu leikum sem haldnir verða í Andorra 2021 og stutt kynning á leikunum 2023 sem haldnir verða á Möltu.

Marc Theisen frá Lúxemborg var kjörinn framkvæmdastjóri GSSE til næstu fjögurra ára. Jean-Pierre Schoebel frá Mónakó var endurkjörinn formaður tækninefndar GSSE til tveggja ára.

Formaður Ólympíunefndar Andorra, Jaume Marti Mandigo, var skipaður forseti GSSE samtakanna frá og með 1. júní 2019 nk. en samkvæmt lögum samtakanna skal formaður ólympíunefndar gestgjafþjóðar

næstkomandi leika vera forseti samtakanna fram yfir næstu leika.

Aðalfundur GSSE 2020 var fjarfundur. Fulltrúar ÍSÍ á fundinum voru Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Líney R. Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ og Andri Stefánsson sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ. Tillaga forseta Ólympíunefndar Andorra um að Smáþjóðaleikarnir sem fyrirhugaðir voru í Andorra 2021 yrðu felldir niður og að næstu leikar verði haldnir 2023 og þá á Möltu, var samþykkt.

Ólympíunefnd Lúxemborgar óskaði eftir að halda leikana 2029 og var því vísað til næsta aðalfundar GSSE sem verður haldinn 2021.

## Norrænn fundur íþróttasamtaka og ólympíunefnda



Fulltrúar á Nordic Sports Meeting á Hótel Örk 2019.

Árlegur fundur norrænna íþrótt- og ólympíusamtaka fór fram á Hótel Örk í Hveragerði 12.-14. september 2019. Á fundinum var meðal annars fjallað um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum, jafnrétti í íþróttum, rafleiki, þátttöku í íþróttum og hvernig auka má þátttöku barna frá tekjulágum heimilum, öryggi í íþróttum og samvinnu við stjórnvöld. Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknjum og greiningu hélt erindi um íþróttir og forvarnir, sem vakti

mikla athygli hjá fundargestum. Fundinn sátu af hálfu ÍSÍ Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir 1. varaforseti, Hafsteinn Pálsson 2. varaforseti, Þráinn Hafsteinsson formaður Almenningsíþróttasviðs, Viðar Garðarsson formaður Próunar- og fræðslusviðs, Þórey Edda Elísdóttir formaður Afreks- og Ólympíusviðs, framkvæmdastjóri, sviðsstjórar fagsviðanna og skrifstofustjóri. Samhliða fundinum var fundur

norrænna samtaka um íþróttir fatlaðra og funduðu þátttakendur beggja funda saman um nokkur sameiginleg hagsmunamál.

Árið 2020 reyndist ekki unnt að halda fundinn en forsetar, framkvæmdastjórnar og lykilstarfsmenn frá samtökunum hittust á fjarfundi í september 2020.

# Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2019

Sambandsaðili	Lottó	Útbreiðslustyrkur	Ósóttir vinningar	Afrekssjóður ÍSÍ	Styrkir IOC/OS
AKÍS	4.117.139 kr.	2.769.213 kr.	50.786 kr.		
BLÍ	8.922.911 kr.	3.137.016 kr.	103.332 kr.	11.711.683 kr.	
BSÍ	8.922.911 kr.	3.245.841 kr.	116.805 kr.	10.301.365 kr.	
BTÍ	4.117.139 kr.	2.537.192 kr.	50.786 kr.	2.000.000 kr.	
DSÍ	5.973.913 kr.	3.034.516 kr.	84.469 kr.	6.710.400 kr.	
FRÍ	12.854.909 kr.	3.249.284 kr.	159.919 kr.	41.150.000 kr.	6.487.248 kr.
FSÍ	17.551.460 kr.	3.891.221 kr.	219.201 kr.	46.268.584 kr.	3.340.920 kr.
GLÍ	2.806.470 kr.	2.247.952 kr.	34.618 kr.		
GSÍ	18.643.680 kr.	4.430.943 kr.	234.022 kr.	36.996.412 kr.	448.038 kr.
HNÍ	2.806.470 kr.	2.600.773 kr.	34.618 kr.		
HRÍ	2.806.470 kr.	2.605.178 kr.	34.618 kr.	1.802.500 kr.	
HSÍ	20.828.125 kr.	3.539.201 kr.	260.968 kr.	67.900.000 kr.	7.124.300 kr.
ÍF	4.117.139 kr.		50.786 kr.	29.885.335 kr.	
ÍHÍ	5.973.913 kr.	2.711.717 kr.	68.301 kr.	12.600.000 kr.	2.360.625 kr.
ÍSS	4.117.139 kr.	2.540.075 kr.	50.786 kr.	1.500.000 kr.	
JSÍ	4.117.139 kr.	2.767.691 kr.	50.786 kr.	9.274.806 kr.	
KAÍ	4.117.139 kr.	2.780.344 kr.	50.786 kr.	5.540.611 kr.	434.262 kr.
KKÍ	17.551.460 kr.	3.533.195 kr.	219.201 kr.	43.514.540 kr.	
KLÍ	4.117.139 kr.	2.525.821 kr.	50.786 kr.	6.721.001 kr.	
KRA	4.117.139 kr.	2.765.209 kr.	50.786 kr.	14.105.891 kr.	
KSÍ	25.197.008 kr.	4.996.210 kr.	314.861 kr.		
LH	12.854.909 kr.	3.765.944 kr.	159.919 kr.	7.200.000 kr.	
LSÍ	4.117.139 kr.	2.552.407 kr.	34.618 kr.	1.950.000 kr.	1.958.520 kr.
MSÍ	4.117.139 kr.	2.869.870 kr.	50.786 kr.		
SÍL	4.117.139 kr.	2.801.804 kr.	50.786 kr.	850.000 kr.	
SKÍ	12.854.909 kr.	3.003.927 kr.	159.919 kr.	19.000.000 kr.	5.906.288 kr.
SKY	4.117.139 kr.	2.768.012 kr.	50.786 kr.	9.406.246 kr.	520.733 kr.
SSÍ	12.854.909 kr.	3.181.779 kr.	159.919 kr.	37.600.000 kr.	5.184.463 kr.
STÍ	5.973.913 kr.	3.201.478 kr.	68.301 kr.	9.850.000 kr.	1.958.520 kr.
TKÍ	4.117.139 kr.	2.731.416 kr.	50.786 kr.	1.980.950 kr.	372.957 kr.
TSÍ	4.117.139 kr.	2.764.408 kr.	50.786 kr.	2.100.000 kr.	
ÞRÍ	2.806.470 kr.	2.522.137 kr.	27.882 kr.	1.278.561 kr.	1.958.520 kr.
HHF	1.591.887 kr.	170.000 kr.	19.636 kr.		
HSB	1.378.405 kr.	170.000 kr.	17.003 kr.		
HSH	3.319.553 kr.	506.007 kr.	40.948 kr.		
HSK	14.652.473 kr.	2.861.615 kr.	180.746 kr.		
HSS	1.152.368 kr.	170.000 kr.	14.214 kr.		
HSV	3.333.428 kr.	495.747 kr.	41.119 kr.		
HSP	4.515.829 kr.	591.332 kr.	55.705 kr.		
UDN	1.376.422 kr.	170.000 kr.	16.978 kr.		
ÚÍA	7.683.657 kr.	1.456.459 kr.	94.782 kr.		
ÚÍF	2.085.600 kr.	212.231 kr.	25.726 kr.		
UMSB	3.694.295 kr.	562.711 kr.	45.571 kr.		
UMSE	3.370.440 kr.	534.629 kr.	41.576 kr.		
UMSK	45.056.461 kr.	9.650.864 kr.	555.797 kr.		
UMSS	3.496.016 kr.	540.569 kr.	43.125 kr.		
USAH	1.978.529 kr.	250.033 kr.	24.406 kr.		
USÚ	2.277.925 kr.	268.935 kr.	28.099 kr.		
USVH	1.542.315 kr.	170.000 kr.	19.024 kr.		
USVS	1.542.315 kr.	170.000 kr.	19.024 kr.		
ÍA	8.273.086 kr.	1.068.718 kr.	102.696 kr.		
ÍBA	20.148.058 kr.	2.667.744 kr.	248.344 kr.		
ÍBH	31.715.735 kr.	4.213.308 kr.	390.752 kr.		
ÍBR	123.785.933 kr.	15.293.630 kr.	1.526.865 kr.		
ÍBV	5.198.738 kr.	531.388 kr.	64.053 kr.		
ÍRB	14.018.312 kr.	2.452.814 kr.	164.937 kr.		
ÍS	6.915.057 kr.	1.155.123 kr.	93.518 kr.		
BANDÝ					
BOGFIMI					
KLIFUR					
KRULLA					
SÍÓ					
SKVASS					
NEFNDIR	1.168.500 kr.		14.457 kr.		
<b>Samtals</b>	<b>571.096.093 kr.</b>	<b>140.405.631 kr.</b>	<b>7.044.810 kr.</b>	<b>439.198.885 kr.</b>	<b>38.055.394 kr.</b>



Ríkisstyrkur	Styrkir til nefnda	Ferðastyrkir v.alþjóðastarfs	Verkefnasjóður ÍSÍ	Samtals
2.750.000 kr.		164.590 kr.		9.851.728 kr.
3.140.000 kr.				27.014.942 kr.
3.140.000 kr.				25.726.922 kr.
2.750.000 kr.		49.895 kr.		11.505.012 kr.
3.140.000 kr.				18.943.298 kr.
3.500.000 kr.				67.401.360 kr.
3.500.000 kr.				74.771.386 kr.
1.700.000 kr.			75.000 kr.	6.864.040 kr.
3.500.000 kr.				64.253.095 kr.
2.750.000 kr.				8.191.861 kr.
2.750.000 kr.				9.998.766 kr.
3.500.000 kr.				103.152.594 kr.
1.850.000 kr.				35.903.260 kr.
3.140.000 kr.			150.000 kr.	27.004.556 kr.
2.750.000 kr.			350.000 kr.	11.308.000 kr.
2.950.000 kr.				19.160.422 kr.
2.950.000 kr.				15.873.142 kr.
3.500.000 kr.				68.318.396 kr.
2.750.000 kr.		228.090 kr.		16.392.837 kr.
2.750.000 kr.				23.789.025 kr.
3.500.000 kr.				34.008.079 kr.
3.500.000 kr.				27.480.772 kr.
2.750.000 kr.				13.362.684 kr.
2.950.000 kr.				9.987.795 kr.
2.750.000 kr.				10.569.729 kr.
3.140.000 kr.				44.065.043 kr.
2.750.000 kr.		35.065 kr.		19.647.981 kr.
3.500.000 kr.			150.000 kr.	62.631.070 kr.
2.950.000 kr.				24.002.212 kr.
2.950.000 kr.				12.203.248 kr.
2.750.000 kr.		76.640 kr.		11.858.973 kr.
2.750.000 kr.		80.675 kr.		11.424.245 kr.
				1.781.523 kr.
				1.565.408 kr.
				3.866.508 kr.
				17.694.834 kr.
				1.336.582 kr.
				3.870.294 kr.
				5.162.866 kr.
				1.563.400 kr.
				9.234.898 kr.
				2.323.557 kr.
				4.302.577 kr.
				3.946.645 kr.
				55.263.122 kr.
				4.079.710 kr.
				2.252.968 kr.
				2.574.959 kr.
				1.731.339 kr.
				1.731.339 kr.
				9.444.500 kr.
				23.064.146 kr.
				36.319.795 kr.
				140.606.428 kr.
				5.794.179 kr.
				16.636.063 kr.
				8.163.698 kr.
	216.828 kr.			216.828 kr.
	172.353 kr.	44.445 kr.		216.798 kr.
		46.575 kr.	200.000 kr.	246.575 kr.
	24.458 kr.			24.458 kr.
	300.000 kr.			
				0 kr.
				1.182.957 kr.
<b>95.000.000 kr.</b>	<b>713.639 kr.</b>	<b>725.975 kr.</b>	<b>925.000 kr.</b>	<b>1.293.165.427 kr.</b>

# Styrkir til sérsambanda og íþróttahéraða 2020

Sambandsaðili	Lottó	Útbreiðslustyrkur	Ósöttir vinningar	Afrekssjóður ÍSÍ	Styrkir IOC/OS
AKÍS	4.422.805 kr.	3.213.427 kr.	104.086 kr.		
BFSÍ	2.783.745 kr.	3.172.315 kr.	65.512 kr.	1.550.000 kr.	
BLÍ	10.979.051 kr.	3.785.200 kr.	258.380 kr.	6.836.792 kr.	
BSÍ	10.979.051 kr.	4.077.154 kr.	258.380 kr.	9.233.157 kr.	
BTÍ	4.422.805 kr.	3.144.604 kr.	104.086 kr.	1.174.378 kr.	
DSÍ	6.881.398 kr.	3.702.974 kr.	161.946 kr.	5.920.258 kr.	
FRÍ	15.623.061 kr.	3.915.873 kr.	367.672 kr.	26.175.000 kr.	2.104.720 kr.
FSÍ	21.359.776 kr.	4.996.342 kr.	502.679 kr.	46.704.084 kr.	1.925.141 kr.
GLÍ	3.466.685 kr.	2.720.162 kr.	81.584 kr.		
GSÍ	22.862.248 kr.	5.438.620 kr.	538.038 kr.	28.681.000 kr.	
HNÍ	3.466.685 kr.	3.262.690 kr.	81.584 kr.	500.000 kr.	
HRÍ	4.422.805 kr.	3.252.367 kr.	104.086 kr.	1.954.959 kr.	
HSÍ	25.594.016 kr.	4.474.032 kr.	602.327 kr.	57.734.121 kr.	1.307.625 kr.
ÍF	5.925.277 kr.		139.445 kr.	25.046.330 kr.	
ÍHÍ	6.881.398 kr.	3.332.198 kr.	161.946 kr.	13.500.000 kr.	
ÍSS	5.925.277 kr.	3.356.286 kr.	139.445 kr.	1.900.000 kr.	
JSÍ	5.925.277 kr.	3.370.775 kr.	139.445 kr.	8.265.014 kr.	
KAÍ	5.925.277 kr.	3.434.527 kr.	139.445 kr.	4.132.752 kr.	
KKÍ	21.359.776 kr.	4.391.152 kr.	502.679 kr.	33.750.083 kr.	
KLÍ	5.925.277 kr.	3.316.441 kr.	139.445 kr.	6.705.564 kr.	
KRA	5.925.277 kr.	3.386.079 kr.	139.445 kr.	9.905.632 kr.	
KSÍ	30.647.792 kr.	6.130.926 kr.	721.263 kr.		
LH	15.623.061 kr.	4.500.507 kr.	367.672 kr.	8.400.000 kr.	
LSÍ	5.925.277 kr.	3.381.663 kr.	139.445 kr.	2.344.420 kr.	1.052.360 kr.
MSÍ	4.422.805 kr.	3.317.749 kr.	104.086 kr.	900.000 kr.	
SÍL	4.422.805 kr.	3.258.162 kr.	104.086 kr.	1.106.750 kr.	
SKÍ	15.623.061 kr.	3.630.982 kr.	367.672 kr.	32.600.000 kr.	12.698.313 kr.
SKY	5.925.277 kr.	3.387.166 kr.	139.445 kr.	9.594.596 kr.	
SSÍ	15.623.061 kr.	3.893.053 kr.	367.672 kr.	30.900.000 kr.	2.104.720 kr.
STÍ	6.881.398 kr.	3.963.958 kr.	161.946 kr.	8.455.540 kr.	1.052.360 kr.
TKÍ	5.925.277 kr.	3.371.590 kr.	139.445 kr.	766.250 kr.	
TSÍ	4.422.805 kr.	3.233.078 kr.	104.086 kr.	1.549.999 kr.	
ÞRÍ	3.466.685 kr.	3.131.383 kr.	81.584 kr.	2.692.833 kr.	1.052.360 kr.
HHF	1.950.757 kr.	250.000 kr.	45.862 kr.		
HSB	1.701.764 kr.	250.000 kr.	39.961 kr.		
HSH	4.075.698 kr.	634.192 kr.	95.653 kr.		
HSK	18.734.360 kr.	3.694.948 kr.	444.677 kr.		
HSS	1.476.193 kr.	250.000 kr.	33.520 kr.		
HSV	4.134.478 kr.	612.557 kr.	96.956 kr.		
HSP	5.297.921 kr.	736.961 kr.	124.244 kr.		
ÍA	10.303.947 kr.	1.350.870 kr.	242.401 kr.		
ÍBA	24.431.047 kr.	3.291.310 kr.	573.019 kr.		
ÍBH	38.609.445 kr.	5.232.425 kr.	905.656 kr.		
ÍBR	155.590.776 kr.	19.245.509 kr.	3.661.581 kr.		
ÍBV	6.405.769 kr.	642.306 kr.	150.560 kr.		
ÍRB	17.324.320 kr.	3.105.379 kr.	408.414 kr.		
ÍS	9.229.887 kr.	1.488.121 kr.	217.596 kr.		
UDN	1.665.927 kr.	250.000 kr.	38.956 kr.		
ÚÍA	9.467.939 kr.	1.794.399 kr.	222.077 kr.		
ÚÍF	2.538.272 kr.	267.740 kr.	59.524 kr.		
UMSB	4.546.228 kr.	697.747 kr.	106.728 kr.		
UMSE	4.185.131 kr.	670.702 kr.	98.240 kr.		
UMSK	57.636.940 kr.	12.319.424 kr.	1.361.007 kr.		
UMSS	4.303.925 kr.	664.617 kr.	101.088 kr.		
USAH	2.427.042 kr.	313.040 kr.	57.030 kr.		
USÚ	2.868.438 kr.	321.829 kr.	67.491 kr.		
USVH	1.899.136 kr.	250.000 kr.	44.726 kr.		
USVS	1.998.058 kr.	250.000 kr.	47.239 kr.		
BANDÝ					
KLIFUR					
KRULLA					
SKVASS					
NEFNDIR	1.418.354 kr.		33.386 kr.		
Samtals	<b>714.188.023 kr.</b>	<b>177.527.511 kr.</b>	<b>16.807.649 kr.</b>	<b>388.979.512 kr.</b>	<b>23.297.599 kr.</b>

Ríkisstyrkur	Styrkir til nefnda	Ferðastyrkir v.alþjóðastarfs	Verkefnasjóður ÍSÍ	Samtals
2.750.000 kr.				10.490.318 kr.
1.660.000 kr.				9.231.572 kr.
3.140.000 kr.				24.999.423 kr.
3.140.000 kr.				27.687.742 kr.
2.750.000 kr.				11.595.873 kr.
3.140.000 kr.				19.806.576 kr.
3.500.000 kr.				51.686.326 kr.
3.500.000 kr.				78.988.022 kr.
1.700.000 kr.				7.968.431 kr.
3.500.000 kr.				61.019.906 kr.
2.750.000 kr.				10.060.959 kr.
2.750.000 kr.				12.484.217 kr.
3.500.000 kr.			450.000	93.662.121 kr.
2.000.000 kr.				33.111.052 kr.
3.140.000 kr.				27.015.542 kr.
2.950.000 kr.				14.271.008 kr.
2.950.000 kr.				20.650.511 kr.
2.950.000 kr.				16.582.001 kr.
3.500.000 kr.				63.503.690 kr.
2.750.000 kr.				18.836.727 kr.
2.750.000 kr.			100.000	22.206.433 kr.
3.500.000 kr.				40.999.981 kr.
3.500.000 kr.				32.391.240 kr.
2.750.000 kr.				15.593.165 kr.
2.750.000 kr.				11.494.640 kr.
2.750.000 kr.				11.641.803 kr.
3.140.000 kr.				68.060.028 kr.
2.750.000 kr.				21.796.484 kr.
3.500.000 kr.				56.388.506 kr.
3.140.000 kr.				23.655.202 kr.
2.950.000 kr.				13.152.562 kr.
2.750.000 kr.		44.255 kr.		12.104.223 kr.
2.750.000 kr.		43.345 kr.		13.218.190 kr.
				2.246.619 kr.
				1.991.725 kr.
				4.805.543 kr.
				22.873.985 kr.
				1.759.713 kr.
				4.843.991 kr.
				6.159.126 kr.
				11.897.218 kr.
				28.295.376 kr.
				44.747.526 kr.
				178.497.866 kr.
				7.198.635 kr.
				20.838.113 kr.
				10.935.604 kr.
				1.954.883 kr.
				11.484.415 kr.
				2.865.536 kr.
				5.350.703 kr.
				4.954.073 kr.
				71.317.371 kr.
				5.069.630 kr.
				2.797.112 kr.
				3.257.758 kr.
				2.193.862 kr.
				2.295.297 kr.
	236.754 kr.			236.754 kr.
				0 kr.
	29.676 kr.			29.676 kr.
				0 kr.
				1.451.740 kr.
<b>97.000.000 kr.</b>	<b>266.430 kr.</b>	<b>87.600 kr.</b>	<b>550.000 kr.</b>	<b>1.418.704.324 kr.</b>







# Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands

Ársreikningur 2019

# Áritun óháðra endurskoðenda

## Til stjórnar Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands

### Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) fyrir árið 2019.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, skýringar og ársreikninga sjóða sambandsins.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2019, efnahag þess 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháðir ÍSí í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla ÍSí að undanskildum ársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga.

Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi ÍSí.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg vissa er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.



Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- \* Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- \* Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
- \* Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- \* Ályktun um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.
- \* Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- \* Okkur ber skylda að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 3. júní 2020



TEG endurskoðun ehf  
Tryggvi E. Geirsson  
löggiltur endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

Við kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands höfum farið yfir ársreikning þennan fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit yfir sjóðstreymi, skýringar og ársreikninga sjóða sambandsins. Það er álit okkar að ársreikningur þessi gefi glögga mynd af rekstri sambandsins á árinu 2019 og stöðu þess þann 31.12. 2019 og staðfestum við það álit með undirskrift okkar.



Hörður Þorsteinsson



Sigríður Ármannsdóttir

# Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Eitt af meginverkefnum ÍSí er að efla, samræma og skipuleggja íþróttastarfsemi á Íslandi, auk þess að styðja við þróun hvers kyns íþróttta, jafnt almennings- og afreksíþróttta. Aðsetur sambandsins er í Laugardal. Fjöldi ársverka á reikningsárinu voru 15,3.

Tap Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands á árinu nam 2,6 milljónum króna. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir um 1.874 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 1.736 m.kr.

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Íþróttta- og Ólympíusambands Íslands koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sambandsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

## Atburðir eftir lok rekstrarárs

Frá lokun reikningsárs 2019 hefur útbreiðsla COVID-19 geisað um heiminn og hefur haft veruleg samfélags- og efnahagsleg áhrif. Stjórnvöld og Seðlabanki Íslands hafa gripið til umfangsmikilla aðgerða sem munu veita viðsýrni við efnahagsáhrifum kórónaveirunnar, með það meginmarkmið að verja grunnstoðir samfélagsins og vernda afkomu fólks og fyrirtækja. Í sambandi við það úthlutuðu stjórnvöld 450 milljóna króna framlagi til íþróttahreyfingarinnar til að mæta áhrifum COVID-19 og fól ÍSí stjórnslu vegna þessa.

ÍSí hefur ekki farið varhluta af áhrifum farsóttarinnar, til að mynda hefur Ólympíuleikum sem halda átti í Tókýó í ár verið frestað um eitt ár. Smáþjóðaleikunum 2021, sem halda átti í Andorra, hefur verið aflýst með öllu. Sumarleikar Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar 2021 (EYOF) hefur verið frestað um eitt ár. Vetrarleikar Ólympíuhátíðar Evrópuæskunnar 2021 sem halda á í upphafi næsta árs verða haldnir á settum tíma.

Ekki er að fullu ljóst hve mikil fjárhagsleg áhrif þetta mun hafa á starfsemi ÍSí, en það ræðst ekki síst af því hvort opinberar styrkveitingar, alþjóðlegir styrkir og styrkir fyrirtækja verði skertir á næstu misserum. Við undirritun ársreikningsins hafa ekki komið fram vísbendingar um að rekstrarhæfi ÍSí sé í hættu. Hver endanleg áhrif verða er ómögulegt að segja fyrir um á þessari stundu en fylgst verður náið með þróun mála.

Forseti, gjaldkeri og framkvæmdastjóri ÍSí staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni fyrir hönd framkvæmdastjórnar ÍSí.

Reykjavík, 3. júní 2020

  
Lásur L. Blöndal  
forseti ÍSí

  
Gunnar Bragason  
gjaldkeri framkvæmdastjórnar ÍSí

  
Líney Rut Halldórsdóttir  
framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur ársins 2019

		2019	2018
	<i>Skýr.</i>		
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag ríkissjóðs til rekstrar. ....	5	161.000.000	177.666.667
Íslensk getsþá. ....	6	47.478.727	40.718.259
Íslenskar getraunir. ....		5.600.000	5.600.000
Styrkir frá IOC og EOC. ....	7	92.334.358	63.200.868
Hlutur sérsambanda og aðrar tekjur v. þátttöku í leikum. ....	8	40.327.537	3.199.823
Styrkir Ólympíufjölskyldu ÍSÍ. ....		22.310.904	21.704.904
Tekjur vegna verkefna fagsviða. ....	9	41.908.493	31.609.148
Húsaleigutekjur. ....		26.676.622	24.133.245
Tekjur vegna reksturs félagakerfis ÍSÍ og UMFÍ. ....		4.660.636	4.856.189
Aðrar tekjur. ....		0	112.580
		442.297.277	372.801.683
<b>Rekstrargjöld</b>			
Skrifstofukostnaður. ....	10	140.211.593	132.874.797
Funda- og ferðakostnaður. ....	11	8.495.904	8.520.049
Fagsvið, nefndir og verkefni. ....	12	60.582.129	61.410.743
Afreks- og Ólympíusvið, rekstur og verkefni. ....	13	73.654.923	41.782.984
Íþróttaleg samskipti. ....	14	95.965.749	26.859.316
Íþróttapening og formannafundur. ....		10.119.927	1.340.544
Íþróttamiðstöðin í Laugardal. ....	15	34.834.762	40.737.732
Félagakerfi ÍSÍ og UMFÍ. ....		15.535.452	16.187.294
Framlag í Viðhalds- og byggingarsjóð. ....		0	10.000.000
Annar kostnaður. ....	16	8.901.933	6.918.297
		448.302.372	346.631.756
<b>Hagnaður (tap) fyrir vexti. ....</b>		(6.005.095)	26.169.927
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur. ....		4.470.980	4.720.551
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur. ....		(993.751)	(1.085.360)
Gengismunur. ....		(32.770)	425.642
		3.444.459	4.060.833
<b>HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS. ....</b>		(2.560.636)	30.230.760



# Efnahagsreikningur 31. desember 2019

## EIGNIR

		2019	2018
	<i>Skýr.</i>		
<b>Fastafjármunir</b>	<b>3</b>		
<i>Varanlegir rekstrarfjármunir</i>			
Fasteignir .....		618.427.455	592.523.055
		618.427.455	592.523.055
<i>Eignarhlutar í félögum</i>			
Íslensk getspá, hlutdeild í eigin fé .....		1.056.397.646	962.936.670
<b>Fastafjármunir alls</b>		<b>1.674.825.101</b>	<b>1.555.459.725</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Fyrirframgreiðslur .....		18.755.097	6.129.011
Viðskiptakröfur .....		99.223.707	70.503.118
Handbært fé .....		80.889.750	170.856.610
<b>Veltufjármunir alls</b>		<b>198.868.554</b>	<b>247.488.739</b>
<b>EIGNIR SAMTALS</b> .....		<b>1.873.693.655</b>	<b>1.802.948.464</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé .....	4	1.736.077.341	1.619.272.601
<b>Eigið fé alls</b>		<b>1.736.077.341</b>	<b>1.619.272.601</b>
<b>Skuldir</b>			
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreidd starfsmanngjöld .....		17.651.293	16.882.900
Lánadrottinnar - viðskiptaskuldir .....		119.965.021	110.788.963
Óúthlutað frá Íslenskri getspá .....		0	56.004.000
<b>Skammtímaskuldir alls</b>		<b>137.616.314</b>	<b>183.675.863</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b> .....		<b>1.873.693.655</b>	<b>1.802.948.464</b>



# Sjóðstreymi ársins 2019

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Afkoma ársins .....	(2.560.636)	30.230.760
<b>Veltufé frá rekstri (til rekstrar)</b>	(2.560.636)	30.230.760
<b>Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:</b>		
Skammtímakröfur .....	(41.346.675)	6.449.267
Skammtímaskuldir .....	(46.059.549)	77.491.462
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	(89.966.860)	114.171.489
<b>Breyting á handbæru fé</b> .....	(89.966.860)	114.171.489
<b>Handbært fé í ársbyrjun</b> .....	<u>170.856.610</u>	<u>56.685.121</u>
<b>Handbært fé í árslok</b> .....	<u>80.889.750</u>	<u>170.856.610</u>

# Afrekssjóður ÍSÍ

Ársreikningur ársins 2019

		2019	2018
<b>REKSTRARREIKNINGUR</b>	Skýr.		
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag ríkissjóðs .....	5	400.000.000	300.000.000
Framlag ÍSÍ af tekjum frá Íslenskri getsþá .....	6	66.073.238	55.557.568
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....		3.079.370	4.377.360
		<u>469.152.608</u>	<u>359.934.928</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Styrkveitingar .....	2	452.900.000	349.300.000
Niðurfelldir eldri styrkir .....	2	(10.018.594)	(1.333.742)
Launa- og umsýslukostnaður ÍSÍ .....		3.000.000	3.000.000
Fagleg þjónusta - Afreks- og Ólympíusvið ÍSÍ .....	9	10.000.000	8.000.000
Fagteymi og ráðgjöf .....		2.259.906	2.000.000
Kostnaður v/ Afreksíþróttamiðstöðvar, funda ofl. ....		683.500	56.550
		<u>458.824.812</u>	<u>361.022.808</u>
<b>Afkoma ársins</b> .....		<u>10.327.796</u>	<u>(1.087.880)</u>
<b>EFNAHAGSREIKNINGUR</b>			
<b>Eignir</b>			
Viðskiptareikningur við aðalsjóð ÍSÍ .....		7.129.146	5.707.465
Fyrirfram greiddir styrkir .....		10.000.000	12.500.000
Niðurfelldir styrkir - óinnheimtir .....		825.155	0
Handbært fé .....		<u>121.562.083</u>	<u>108.231.123</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>139.516.384</u>	<u>126.438.588</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé 1.1. ....		105.188.588	106.276.468
Rekstrarafkoma ársins .....		<u>10.327.796</u>	<u>(1.087.880)</u>
		<u>115.516.384</u>	<u>105.188.588</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddir styrkir .....		<u>24.000.000</u>	<u>21.250.000</u>
		24.000.000	21.250.000
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>139.516.384</u>	<u>126.438.588</u>



# Ferðasjóður íþróttafélaga

Ársreikningur ársins 2019

		2019	2018
<b>REKSTRARREIKNINGUR</b>			
	Skýr.		
<b>Rekstrartekjur</b>			
Framlag ríkissjóðs .....	5	130.000.000	130.000.000
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....		919.738	742.472
		<u>130.919.738</u>	<u>130.742.472</u>
<b>Rekstrargjöld</b>			
Styrkveitingar .....	2	126.998.867	126.998.909
Umsýslukostnaður .....		3.000.000	3.000.000
Annar rekstrarkostnaður .....		25.906	907.835
		<u>130.024.773</u>	<u>130.906.744</u>
<b>Rekstrarafkoma</b> .....		<u>894.965</u>	<u>(164.272)</u>
<b>EFNAHAGSREIKNINGUR</b>			
<b>Eignir</b>			
Ógreitt framlag ríkissjóðs .....		0	130.000.000
Handbært fé .....		131.729.749	815.040
	<b>Eignir samtals</b>	<u>131.729.749</u>	<u>130.815.040</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Óráðstafað eigið fé 1.1. ....		2.649.127	2.813.399
Rekstrarafkoma ársins .....		894.965	(164.272)
		<u>3.544.092</u>	<u>2.649.127</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ógreiddir styrkir .....		126.998.867	126.998.909
Viðskiptareikningur - aðalsjóður ÍSí .....		1.186.790	1.167.004
		<u>128.185.657</u>	<u>128.165.913</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>131.729.749</u>	<u>130.815.040</u>

# Viðhalds- og byggingarsjóður ÍSÍ

Ársreikningur ársins 2019

	2019	2018
<b>REKSTRARREIKNINGUR</b>		
	Skýr.	
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag aðalsjóðs ÍSÍ .....	0	10.000.000
Hlutdeild í auka lottógreiðslu 2018 .....	33.602.400	0
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....	2.208.796	1.541.298
	<u>35.811.196</u>	<u>11.541.298</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Þarfagreining vegna Íþróttamiðstöðvar .....	6.000.000	0
	<u>6.000.000</u>	<u>0</u>
<b>Rekstrarafkoma</b> .....	<u>29.811.196</u>	<u>11.541.298</u>
<b>EFNAHAGSREIKNINGUR</b>		
<b>Eignir</b>		
Handbært fé .....	98.179.518	52.368.322
Inneign hjá aðalsjóði ÍSÍ .....	0	10.000.000
<b>Eignir samtals</b>	<u>98.179.518</u>	<u>62.368.322</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
Óráðstafað eigið fé 1.1 .....	62.368.322	50.827.024
Rekstrarafkoma ársins .....	29.811.196	11.541.298
	<u>92.179.518</u>	<u>62.368.322</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptareikningur v. aðalsjóð ÍSÍ .....	6.000.000	0
	<u>6.000.000</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>98.179.518</u>	<u>62.368.322</u>

# Íþróttaslysasjóður

Ársreikningur ársins 2019

	2019	2018
<b>REKSTRARREIKNINGUR</b>		
	Skýr.	
<b>Rekstrartekjur</b>		
Framlag ríkissjóðs .....	0	10.000.000
Fjármunatekjur að frádrögnum fjármagnstekjuskatti .....	349.855	495.123
	<u>349.855</u>	<u>10.495.123</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Greiddar slysabætur .....	9.022.607	7.712.993
Skrifstofukostnaður .....	5.025.440	5.000.000
	<u>14.048.047</u>	<u>12.712.993</u>
<b>Rekstrarafkoma</b> .....	<u>(13.698.192)</u>	<u>(2.217.870)</u>
<b>EFNAHAGSREIKNINGUR</b>		
<b>Eignir</b>		
Handbært fé .....	<u>8.498.961</u>	<u>22.183.875</u>
<b>Eignir samtals</b>	<u>8.498.961</u>	<u>22.183.875</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b>		
Óráðstafað eigið fé 1.1. ....	21.509.094	23.726.964
Rekstrarafkoma ársins .....	(13.698.192)	(2.217.870)
	<u>7.810.902</u>	<u>21.509.094</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Ógreiddar slysabætur .....	688.059	674.781
	<u>688.059</u>	<u>674.781</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>8.498.961</u>	<u>22.183.875</u>



# Verkefnasjóður ÍSÍ

Ársyfirlit 2019

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
<b>Til ráðstöfunar</b>		
Óráðstafað 1.1. ....	2.257.307	3.235.307
Niðurfelldir eldri styrkir. ....	<u>253.000</u>	<u>700.000</u>
	<u>2.510.307</u>	<u>3.935.307</u>
<b>Ráðstafað</b>		
Styrkveitingar .....	<u>1.915.000</u>	<u>1.678.000</u>
	<u>1.915.000</u>	<u>1.678.000</u>
Inneign hjá aðalsjóði ÍSÍ - fært til næsta árs .....	<u>595.307</u>	<u>2.257.307</u>
Ógreiddir úthlutaðir styrkir .....	<u>575.000</u>	<u>578.000</u>



# Styrktarsjóður Íslandsbanka og ÍSÍ

Ársreikningur ársins 2019

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
<b>REKSTRARREIKNINGUR</b>		
Skýr.		
<b>Rekstrartekjur</b>		
Fjármunatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti .....	31.710	40.343
	<u>31.710</u>	<u>40.343</u>
<b>Rekstrargjöld</b>		
Styrkur til Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ v. afreksbúða .....	2.386.566	0
	<u>2.386.566</u>	<u>0</u>
<b>Tekjur umfram gjöld</b> .....	<u>(2.354.856)</u>	<u>40.343</u>
<b>EFNAHAGSREIKNINGUR</b>		
<b>Eignir</b>		
Handbært fé .....	0	2.354.856
<b>Eignir samtals</b>	<u>0</u>	<u>2.354.856</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		
<b>Eigið fé</b> 2		
Óráðstafað eigið fé 1.1. ....	2.354.856	2.314.513
Tekjur umfram gjöld .....	<u>(2.354.856)</u>	<u>40.343</u>
	<u>0</u>	<u>2.354.856</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>		
Viðskiptareikningur - aðalsjóður ÍSÍ .....	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u>0</u>	<u>2.354.856</u>

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí) eru heildarsamtök íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og æðsti aðili frjálsrar íþróttastarfsemi í landinu og í erlendum samskiptum íþróttahreyfingarinnar samkvæmt íþróttalögum nr. 64/1998. Sambandið er með aðsetur að Engjavegi 6 í Reykjavík.

## 2. Reikningsskilaaðferðir og sérstakar skýringar

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ÍSí er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Fasteignir eru þó eignfærðar á fasteignamati að nokkru leyti sbr. skýringu 3.

Allar fjárhæðir í ársreikningnum eru í íslenskum krónum.

### Skráning tekna

Rekstrarstyrkir frá ríkissjóði eru samkvæmt samningum við ríkið og samkvæmt fjárlögum. Tekjur frá Íslenskri getspá eru færðar samkvæmt úthlutunarreglum sem Íþróttabing ÍSí setur. Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga.

### Ábyrgðarskuldbindingar

Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands er ekki í ábyrgðum fyrir þriðja aðila.

### Erlendir gjaldmiðlar

Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar til eignar á síðasta skráðu gengi ársins.

### Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði.

### Styrkúthlutanir

Úthlutanir á styrkjum úr sjóðum sambandsins fer samkvæmt reglugerðum og samningum þar um. Styrkveitingar eru gjaldfærðar þegar ákvörðun um úthlutun hefur verið tekin og þær samþykktar af stjórn ÍSí, þegar það á við. Á árinu 2019 var gert samkomulag um að Styrktarsjóður Íslandsbanka og ÍSí yrði lagður niður og fóru fjármunir sjóðsins til annarra verkefna á vegum ÍSí. Sjóðurinn hét upprunalega Afrekskvennasjóður Íslandsbanka og ÍSí og var stofnaður árið 2007.

### Skattamál

ÍSí er ekki skattskyld hvað varðar tekjuskatt.

### Starfsmannamál

Launakostnaður sundurliðast þannig milli skrifstofu og verkefna:

	<u>2019</u>	<u>2018</u>
<i>Skrifstofa:</i>		
Vinnulaun .....	97.238.563	91.352.201
Ökutækjastyrkur .....	1.581.340	773.838
Launatengd gjöld og áfallið orlof .....	23.965.449	22.360.972
Endurgreiddur launakostnaður .....	<u>(11.000.000)</u>	<u>(11.000.000)</u>
	<u>111.785.352</u>	<u>103.487.011</u>
<i>Fagsvið, nefndir og verkefni:</i>		
Vinnulaun .....	45.027.995	33.893.898
Ökutækjastyrkur .....	1.477.030	2.412.410
Launatengd gjöld .....	<u>10.222.565</u>	<u>7.507.302</u>
	<u>56.727.590</u>	<u>43.813.610</u>
Fjöldi ársverka .....	<u>15,3</u>	<u>15,0</u>

# Skýringar

## 3. Fastafármunir

### Fasteignir

Í ársreikningi þessum eru fasteignir sambandsins eignfærðar á fasteignamatsverði og viðbygging milli húsa 1 og 2 á kostnaðarverði. Lóðaleigusamningar liggja ekki fyrir vegna fasteigna sambandsins. Fasteignir eru ekki afskrifaðar.

Fasteignir eru þessar:

	Eignarhluti	Fasteignamat/ kostnaðarverð
Engjavegur 6 - hús 2 .....	100%	106.574.100
Engjavegur 6 - hús 3 .....	100%	261.581.500
Engjavegur 6 - hús 4 .....	47%	200.337.100
Engjavegur 6 - tengibygging hús 3 og 4 .....		9.807.800
Engjavegur 6 - viðbygging hús 1 og 2 .....		40.126.955
		<u>618.427.455</u>

Brunabótamat fasteignanna í árslok 2019 er kr. 758.057.500.

### Eignarhlutir í félögum

